

„ÉG ER ALDREI MJÖG KREATÍVUR ÞEGAR ÉG ER ÞUNGLYNDUR“

Jóhann Jóhannsson um nýju sólóplötuna og aðra plötu Orgelkvartettsins Apparats

30



ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. júní 2007 – 155. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Páfi blessar Íslendinga

Stefán Lárus Stefánsson sendiherra hitt Benedikt XVI páfa í Vatikaninu.


FÓLK 30



### Allt æðislegt í Óðinsvém

Magni Ásgeirsson vinnur að sólóplötu sinni. Hljóðverið er í sveitabýli rétt fyrir utan Óðinsvé.

FÓLK 32



### Virkjanir

„Það er mín skoðun að ef ekki er hægt að virkja neðri hluta Þjórsár vegna umhverfisáhrifa séum við komin að þeirri niðurstöðu að engar vatnsaflsvirkjanir verði reistar á Íslandi,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 8

### Tap í Serbíu

Íslenska landsliðið tapaði fyrri leik sínum gegn Serbíu, 30-29, um laust sæti á EM á næsta ári.

ÍPRÓTTIR 24

### VEÐRIÐ Í DAG



### SÚLDARLOFT MEÐ STRÖNDUM

Í dag má búast við súldarlofti með ströndum vestanlands og norðan. Einnig má búast við úrkomu um sunnanvert landið, en þó styttr upp og birtir til seinnipartinn. Hita- stig er þó í hærrí kantinum og lygt.

VEÐUR 4

## Verðlaun úr hendi Pútíns

Forseti Rússlands veitti Þorsteini Inga Sigfússyni Alheimsorkuverðlaunin við hátíðlega athöfn í gær. Verðlaunin voru veitt fyrir rannsóknir Þorsteins á sviði orkumála. Ein æðsta viðurkenning Rússa.

**VÍSINDI** Vladímír Pútín, forseti Rússlands, afhenti í gær Þorsteini Inga Sigfússyni Alheimsorkuverðlaunin við hátíðlega athöfn í Pétursborg.

Þorsteinn hlýtur verðlaunin fyrir framúrskarandi árangur við rannsóknir á sviði orkumála, sérstaklega hvað viðkemur endurnýjanlegri orku, en hann hefur verið leiðandi í vettisrannsóknum hér á landi svo árum skiptir.

Í þakkarávarpi Þorsteins kvaðst hann „standa á öxlum risa“ á sínu fræðasviði og vísaði þar til íslenskra frumherja í orkumálum.

„Framleiðsla og notkun vetnis

sem orkubera á Íslandi getur orðið fyrirmynd fyrir heiminn,“ sagði Þorsteinn í ræðu sinni. „Framlag mitt, og miklu frekar míns lands, til þess að draga úr kolefnismengun hefur verið að taka í notkun æ stærra hlutfall endurnýjanlegra orkulinda landsins,“ sagði hann og benti á að Ísland ætti nú þegar heimsmet í hlutfalli endurnýjanlegrar orku, eða 72 prósent.

Einnig minntist hann rússneskra frumkvöðla sem margir hverjir hefðu haft mótandi áhrif á feril Þorsteins. Þá þakkaði hann Háskóla Íslands og Íslensku NýOrku fyrir að hafa veitt sér tækifæri til dáða. Síðast en ekki síst þakkaði Þorsteinn ungum vísindamönnum og nemendum sínum í Háskóla Íslands í gegnum árin.

Í Rússlandi er Alheimsorkuverðlaunin líkt við Nóbelsverðlaunin. Þorsteinn var valinn úr hópi 146 manna og hlaut verðlaunafé að upphæð tíu milljónir rúblna, um 27 milljónir króna.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Benedikt Ásgeirsson, sendiherra Íslands í Rússlandi, voru við athöfnina. - kóp



VLADÍMÍR PÚTÍN OG VÍSINDAMAÐURINN Verðlaunin voru afhent á viðskiptaráðstefnu í Pétursborg í gær. NORDICPHOTOS/AP


## Landsliðsmenn Kypur misstu stjórn á skapi sínu: Réðust á íslenska liðið

**ÍPRÓTTIR** „Þetta eru algjörir villimenn,“ segir Sigurður Ingimundarson, þjálfari íslenska landsliðsins í körfubolta, en lærisveinar hans áttu í vök að verjast fyrir tap-sárum Kypverjum undir lok leiks liðanna á Smáþjóðaleikunum í gær.

Þegar rúm mínúta var eftir af leiknum misstu leikmenn Kypur

stjórn á sér og réðust að íslensku leikmönnum og einum dómara leiksins. Íslensku leikmennirnir vörðu sig fyrir höggunum en voru að öðru leyti ekki þátttakendur í ólátunum.

Leikurinn var flautaður af í kjölfarið og Íslendingum dæmdur 2-0 sigur. Íslenska liðið hlaut gullverðlaun á leikunum. - vig / sjá síðu 26



MIKLU BETRI UMGENGNI VIÐ ELLIÐÁÁR EN ÁÐUR VAR Þorleifur Magnússon, formaður Árnefndar Elliðaáa, fann eitt líúð reiðhjól á botni árinna í gær. „Hér í eina tíð fundust milli tíu og fimmtán hjól í ánni árlega,“ sagði Þorleifur, sem hefur hreinsað til í ánni í fjölmörg ár. „Þarna er viðkvæmt lífríki og ekkert sjálfsagt að lax gangi í miðri höfuðborg.“ Elliðaár verða opnaðar fyrir veiðimönnum hinn 20. júní. Í fyrra veiddust einir 900 laxar og horfur eru góðar í ár, að sögn Þorleifs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Baugur leggur árlega 130 milljónir til uppgræðsluverkefnis í Afríku:

## Ræktar með Clinton í Rúanda

**PRÓUNARHJÁL** Baugur verður bakhjarl uppgræðsluverkefnis í Rúanda sem leitt er af Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, og skoska auðmanninum Sir Tom Hunter.

Baugur hefur um nokkurt skeið átt í viðskiptum við Hunter, sem hefur fjárfest á Íslandi í Glitni og FL Group. Jón Ásgeir Jóhannesson, sem gerðist starfandi stjórnarformaður Baugs er hann hætti sem forstjóri, segir Hunter hafa byggt upp áhrifamikla starfsemi í þróunarhjálp sem Baugur vilji styðja. Verkefnið hefur þann tilgang að kolefnis-

jafna starfsemi Baugs um leið og örfoka land er grætt upp og bændur studdir til sjálfshjálpar með ávaxtarækt.

Jón Ásgeir segir breytingar á stjórnarskipulagi Baugs Group til að skerpa áherslur og í samræmi við breytt verksvið. Hann vísar á bug vangaveltum um togstreitu milli sín og Hannesar Smárasonar. Stjórnendum FL Group hafi gengið einstaklega vel að ávaxta fjárfestingu í félaginu og hann og forstjóri félagsins séu einhuga um hvert beri að stefna í rekstri þess.

- hh / sjá síðu 14

**NYTT 2007** **SETTU ÞAÐ SAMAN** **HTJ** Af hverju að borga meira?


Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af vönduðum og fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

**ORMSSON** SMÁRALIND - SÍMI 530 2907 / 530 2908

**SUMAR** Í SMÁRALIND

OPIÐ TIL **18**

SMÁRALIND - SÍMI 530 2907 / 530 2908







Eiríkur, orka þessar tölur ekki tvímælis?

„Orkuveitan veit sínu viti. Hún semur ekki tölur, heldur um þær!“

Tvennum sögum fer af arðsemi raforku-sölu Orkuveitu Reykjavíkur til Norðurlands. Eiríkur Hjálmarsson er upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar.



Á SLYSSTAÐ Bílveltan hafði ekki mikil áhrif á umferðina því margar hjáleir eru þar sem óhappið varð.

Árekstur á Bústaðavegi:

## Valt á hinn vegkantinn

Slys kona slapp með lítills háttar meiðsli eftir að bíll hennar valt á Bústaðavegi síðdegis í gær.

Atvikið varð með þeim hætti að verið var að snúa bíl við á Bústaðavegi við gatnamótin hjá Ásgarði, rétt vestan Bústaðakirkju, þegar annar bíll kom á eftir honum, rakst á hann og valt. Engin slys urðu á fólki í hinum bílnum.

Stöðva þurfti umferð á veginum í um klukkutíma því bíllinn lá á miðjum veginum. - pal

## REYKJANESBÆR

### Slagsmál í fyrrið

Slagsmál brutust út fyrir utan skemmtistað í Reykjanesbæ í fyrrið. Tveir voru fluttir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og var annar þeirra fluttur til Reykjavíkur til frekari skoðunar. Sá þriðji var handtekinn en honum hefur verið sleppt.

## ALMENNINGSÞRÓTTIR

### Dræm aðsókn í sund

Þrátt fyrir að fritt hafi verið í flestar sundlaugar landsins í gær var aðsókn á sundstaði heldur dræm. Mikil stemning var hins vegar á meðal þeirra sem lögðu leið sína í sundlaugar landsins. Það voru Síminn og Sundsamband Íslands sem blésu til sundhátíðarinnar.

Maður á sextugsaldri ógnaði eiginkonu sinni með haglabyssu:

# Byssumaður í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Maður á sextugsaldri sem ógnaði eiginkonu sinni með haglabyssu aðfaranótt laugardags á heimili þeirra hjóna í Hnífsdal hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 15. júní. Að sögn lögreglu var ekki hægt að sleppa manningunni úr haldi vegna rannsóknarhagsmuna, en málið er enn í rannsókn. Ekki er vitað hvað manningunni gekk til með athæfi sínu en hann hefur ekki komið áður við sögu lögreglu.

Lögreglunni á Vestfjörðum barst tilkynning um að hleypt hefði verið af skotvopni í íbúðarhúsi í Hnífsdal rétt fyrir miðnætti á föstudagskvöld. Eftir rúmlega



**ÖLVAÐUR MEÐ HAGLABYSSU** Hér sést þegar sérsveitarmenn leiða manningunni inn í lögreglubíl skömmu eftir að hann gafst upp. MYND/HAFÞÓR GUNNARSSON

þriggja klukkustunda umsátursástand gafst maðurinn upp, að til-

stilli sérsveitarmeðlima sem höfðu verið fluttir á staðinn með þyrllu Landhelgisgæslunnar. Hann var mjög ölváður og reyndist hafa skotið úr haglabyssu.

Síðar kom í ljós að tilkynningin um manningunni hafði borist frá nágrönnum sem eiginkona manningunni hafði náð að flýja til.

Hún var með áverka á andliti og var flutt á sjúkrahús til aðhlyningar. Maðurinn mun hafa hleypt af skotinu á meðan hún var enn í húsinu.

Yfirheyrslum yfir manningunni lauk vel á níunda tímanum í gærkvöldi eftir að hafa staðið yfir í um sex klukkustundir. - víg

Réðist á konu á Hverfisgötu:

## Tókst að sleppa með harðfylgi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan lýsir eftir vitnum að tilraun til nauðgunar sem átti sér stað á Hverfisgötu á mótis við Þjóðleikhúsið. Karlmaður dró konu á títugsaldri inn í port og reyndi að nauðga henni þar. Henni tókst með harðfylgi að komast undan árásarmanninum.

Maðurinn sem leitað er að er um þrítugt, 185-190 cm á hæð með stutt mjög dökkt hár og svarta skeggbrodda eða svart skegg. Hann er grannvaxinn og var klæddur í rauða eða vínráuda peysu eða jakka og svartar buxur.

Þeir sem kynnu að geta veitt upplýsingar hringi í síma 444-1000 eða 444-1100. - pal

# Samskipti verða í sama anda

Forsætisráðherra lofar Alcoa að ný ríkisstjórn muni starfa með fyrirtækinu í sama anda og verið hefur. Álverið var formlega tekið í notkun í gær. Forstjóri Bechtel sagði verksmiðjuna þá flottustu í heimi.

**STÓRIÐJA** Geir H. Haarde forsætisráðherra fullvissaði forsvarsmenn álrisans Alcoa um það í ræðu sinni á Reyðarfirði í gær að ný ríkisstjórn Íslands myndi eiga í áframhaldandi samstarfi við fyrirtækið í sama anda og verið hefði. Forstjóri Alcoa sagðist vona að fyrirtækið gæti ráðist í verkefni á Norðurlandi á næstunni.

Reyðfirðingar komu saman í íþróttahöllinni á staðnum í gær ásamt mörgum af fyrimennnum þjóðarinnar til að fagna því að álver Alcoa í bænum hefði verið tekið formlega í notkun. Fyrirhugað er að fjörutíu ker verði gangsett í þessum fyrsta áfanga. Alls eru 336 ker í álverinu og er áætlað að þau verði öll komin í gang í árslok.

Alan Belda, forstjóri Alcoa, ávarpaði hátíðargesti. „Þetta er stór stund,“ sagði hann. Hann þakkaði ríkisstjórninni fyrir hugrekkið og áráðnina og vék orðum að gróðursetningu trjáa sem fram fór eftir hin formlegu hátíðahöld. „Gróðursetningin á eftir er táknað fyrir framsýnina. Með því erum við að segja að þessar framkvæmdir snúist ekki bara um sement, heldur ekki síst fólk og lífandi hluti.“

Geir H. Haarde steig næstur í pontu og þakkaði sérstaklega Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem áður var iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fyrir sinn hlut í að af framkvæmdunum hefði orðið.

„Þetta er merkur áfangi. Hér er draumur að rætast sem hefur verið vakandi á þessu svæði í mörg ár.“ Hann sagði álver Alcoa-Fjarðaáls hátækniinnustað. „Stóriðjutækifærin munu í vaxandi mæli felast í útflutningi á hátækni-vörum.“

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa-Fjarðaáls, sagði í ræðu sinni að stefnan væri að gera Austfirði að næststærsta atvinnusvæði á landinu, á eftir suðvesturhorninu, og að álverið væri nauðsynlegur liður í því. „Við sjáum menntaða unga Austfirðinga snúa aftur heim frá höfuðborgarsvæðinu [...] til að leggja hönd á plóg við uppbygginguna.“

Þá tók Ryan Bechtel, forstjóri og stjórnarformaður Bechtel, sem sá um byggingu álversins, til máls og sparaði ekki stóru orðin. „Þetta er ein allra flottasta verksmiðja sem reist hefur verið á þessari plánetu,“ sagði hann stoltur.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði að loknum formlegum hátíðahöldum að opnun álversins væri „örugglega mjög mikilvægt



**VIÐ ÁLVERIÐ** Geir H. Haarde forsætisráðherra sést hér með nýja álverið í baksýn. Geir lýsti yfir mikilli ánægju með samstarfið við Alcoa á ræðu sinni á Reyðarfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**MUNDAR SKÓFLUNA** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra gróðursetti tré í hlíðinni ofan álversins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**STUNGIÐ FYRIR TRÉ** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra gróðursetti tré í hlíðinni ofan álversins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

skref fyrir Austfirði og íslenskt atvinnulíf.“ Hann skaut jafnframt föstum skotum að ítalska verktakafyrirtækinu Impregilo sem starfar á Kárahnjúkum. „Mér finnst alveg makalaust hversu öryggi og eftirlit með framkvæmdinni hefur tekist vel. Og mættu nú þeir verktakar sem eru að vinna uppi á Kárahnjúkum taka sér Bechtel til fyrirmyndar, því þar er allt annað uppi á teningnum.“

Öryggisteymið sem starfaði við byggingu

álversins uppskar mikið hrós og að lokum lófa-klapp gesta fyrir vel unnin störf. Margir ræðumanna minnst sérstaklega á öryggismálin og góðan árangur. Einungis fimm slys hafa orðið við framkvæmdina á þeim rúmlega sjö milljón vinnustundum sem inntar hafa verið af hendi, ekkert þeirra alvarlegt.

Að hátíðahöldunum loknum var haldið í átt að álverinu sjálfu, þar sem gróðursett voru nokkur tré í hlíðinni ofan álversins. stigur@frettabladid.is

## Stærsti dagur í mínu pólitíska lífi

„Þetta er stærsti dagur í mínu pólitíska lífi,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, sem gegndi starfi iðnaðar- og viðskiptaráðherra þegar verkefni-hinn var hrundið af stað og þórrann af framkvæmdatímanum.

„Ég er mjög glöð og hamingjusöm yfir að þetta skuli loksins vera komið í höfn og að þetta skuli hafa gengið svona vel.“

Hún þakkar Framsóknarflokknum árangurinn. „Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda ef það hefði ekki tekist að ná þessu samstarfi við Alcoa á sínum tíma og ef stjórnvöld, og þá á ég sérstaklega við Framsóknarflokkinn, hefðu ekki haft kjark til að standa í fæturna.“ Hún tekur fram að Sjálfstæðisflokknum sé að sjálfsgöðu margt að þakka líka.



Gróðursetning Valgerður Sverrisdóttir var glöð með opnun álversins.

Valgerður telur að gjáin milli fylgjenda stóriðju og andstæðinga hennar ekki muni vara lengi enn. „Ég trúi því að fólk muni gera sér grein fyrir því hversu mikilvægt þetta er fyrir byggðarlagið. Nú er þorskstofninn að minnka og því er nauðsynlegt að vera búinn að koma eggjunum fyrir í fleiri kórnum.“ - sh

## Blendnar tilfinningar

Puríður Bachman, þingmaður Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi, var viðstödd hátíðahöldin og upplifði blendnar tilfinningar.

„Þetta er gleðistund fyrir þá sem hafa staðið að þessu,“ sagði Puríður en bætti við að dagurinn væri ekki eins ánægjulegur fyrir þá sem berjast gegn stóriðju.

„Fyrir okkur sem börðumst og berjumst áfram gegn þessari stóriðjustefnu er hægt að segja að þetta er bara orðið staðreynd. Þetta er og verður mikilvægur hluti af mannlífni og stærsti vinnustaðurinn hér, og þótt víðar væri leitað,“ sagði Puríður. - sh



PURÍÐUR BACKMAN

Reykjavík  
871 ±2

Landnámsýningin  
The Settlement  
Exhibition

# Lífið á landnámsöld

Adalstræti 16  
101 Reykjavík  
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin  
alla daga frá 10–17

Minjasafn  
Reykjavíkur



# TOYOTA Í SUMARSKAPI UM HELGINA



ISLENSKA SÍLIS TÖV 37077 0607

## Toyota – það er komið sumar

Toyota heilsar sumrinu um helgina með árlegri sumarsýningu. Þar gefst tækifæri til að sjá og reynsluaka nýjum gerðum af Toyota og kynnst þannig af eigin raun ýmsum spennandi endurbótum og tækninýjungum í bílafloða Toyota. Léttar veitingar í boði.

Gjafabréf\* fyrir tvo til Evrópu með Icelandair fylgja völdum bílum.

Opið í dag sunnudag 13-16.

Við hlökkum til að sjá ykkur.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

\*Flugvallarskattar ekki innifaldir

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,58	62,88
Sterlingspund	124,43	125,03
Evra	84,29	84,77
Dönsk króna	11,316	11,382
Norsk króna	10,438	10,500
Sænsk króna	9,045	9,097
Japanskt jen	0,5154	0,5184

SDR	94,8	95,36
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
		114,604
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Orkuveita Reykjavíkur segir endurgreiðslutíma virkjana vera fimmtán til sextán ár:

# Arðsemi eigin fjár 13 prósent

**ORKUMÁL** Endurgreiðslutími virkjana Orkuveitu Reykjavíkur, það er að segja sá tími sem framlegð frá virkjunum er að greiða að fullu til baka það lánsfé sem tekið er til þeirra, er fimmtán til sextán ár. Eftir það flokkast þær undir að vera skuldlausar eignir OR. Þetta kemur fram í tilkynningu frá OR en í henni segir einnig að ávöxtun eiginfjár verði um þrettán prósent, sem er mjög mikil arðsemi í alþjóðlegum samanburði.



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Segir að taka þurfi tillit til ýmissa þátta við útreikning á endurgreiðslutíma virkjana.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að raforkusala Orkuveitunnar til Norðurlands myndi líklega borga sig upp á um þrjátíu árum, miðað við forsendur sem fengust

frá OR. Að sögn Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafultrúa OR, eru útreikningar á arðsemi samninga

eins og þeim sem fjallar um sölu raforku til Helguvíkur flóknir og óvissuþættir margir. Taka þurfi tillit til þróunar álverðs, gengis og vaxta til langs tíma og þá skipti einnig máli hvernig verðbólga sé meðhöndluð.

„OR er með lánsþæfismat og fjármagnar framkvæmdir hjá stórum alþjóðlegum fjárfestingarsjóðum sem allir leggja mat á aðferðafræði OR við arðsemi virkjana. Þá hefur Eftirlitsstofnun EES einnig lagt mat á aðferðafræði OR á útreikningi á arðsemi virkjana og hvort í orkuverðinu felist niðurgreiðsla á álvinnslu,“ segir Eiríkur.

Auglýsingar vegna Coke Zero:

# Brutu reglur auglýsingastofa

**NEYTENDUR** Vífilfell braut siðareglur um velsæmi í auglýsingaherferð fyrir gosdrykkinn Coke Zero, samkvæmt siðanefnd Sambands íslenskra auglýsingastofa.

Tilgreindar voru þrjár auglýsingar: „Af hverju ekki konur með ZERO skoðanir“, „Af hverju ekki kynlíf með ZERO forleik“ og „Af hverju ekki konur með ZERO bílpróf“.

Auglýsingastofan Vatíkanið gerði auglýsingarnar en samkvæmt greinargerð frá henni og Vífilfelli birtist hluti þeirra fyrir misskilning og verður ekki birtur aftur.

## Tónlistarhátíðin IsNord: Söngur í gíg

**TÓNLEIKAR** IsNord tónleikahátíðinni í Borgarfirði lýkur í dag með tónleikum sem haldnir verða í gíg Grábrókar. Þar verður leikin tónlist úr Fjalla-Eyvindi og Skugga-Sveini.

Á meðal þeirra sem koma fram eru Guðrún Ingimarsdóttir, Bergþór Pálsson, Guðmundur Þorvaldsson og Hljómskáklakvintettinn auk félagar úr Kammerkór Vesturlands.



**HRAÐINN MÆLDUR** Lögreglan við eftirlitsstörf á Keflavíkurvegnum.

Erlendir ferðamenn:

## Keyra of hratt á þjóðvegnum

**LÖGREGLUMÁL** Erlendir ferðamenn eru í sífelli staðnir að hraðakstri á þjóðvegum landsins. Lögreglan á Akureyri tók þrettán manns fyrir of hraðan akstur síðasta sólarhring og voru nær allir þeirra erlendir ferðamenn. Lögreglan á Blönduósi telur að hún stöðvi um tíu erlenda ferðamenn á hverjum degi fyrir of hraðan akstur.

Flestir lögregluþjónanna sem rætt var við sögðu að eitthvað þyrfti að gera til að ástandið batnaði.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Engar undanþágur

Álverið í Straumsvík hefur hafnað öllum undanþágum um skatta, gjöld og tolla sem það hefur haft frá stofnun þess. Nú er skattaumhverfi fyrirtækja þannig að álverið sparar sér hálfan milljarð á ári með því að vera skattlagt eins og önnur fyrirtæki.

# Lögregla beitti tárageasi á mótmælendum

Lögregla í Róm þurfti að grípa til tárageasi til að hafa hemil á tugþúsundum mótmælenda George W. Bush sem saman voru komnir í borginni í gær.

**RÓM, AP** Ítalska lögreglan neyddist til að beita tárageasi á tugþúsundir mótmælenda sem saman voru komnir í Róm í gær til að andmæla George W. Bush Bandaríkjaforseta og stefnu ríkisstjórnar hans gagnvart aukinni hnattvæðingu og hernaði í Írak.

Framan af degi höfðu mótmælin verið hin friðsælustu en eftir að Bush hafði lokið fundahöldum með Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, og Benedikt páfa XVI fóru mótmælendurnir að láta ófriðlega. Eftir átök á milli lögreglu og mótmælenda í yfir klukkustund, þar sem flöskum, múrsteinum og öðru lauslegu var kastað í átt að lögreglumönnum, ákváðu þeir að beita tárageasi á þá sem verst létu. Náði lögreglan tökum á ástandinu í kjölfarið. Einn lögreglumaður og einn mótmælandi voru fluttir á sjúkrahús vegna meiðsla og nokkrir ólátaseggjanna voru handteknir.

Bush hóf gærdaginn á því að ræða við Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, og að sögn þeirra beggja gekk fundurinn afar vel. Samband Bandaríkjanna við Ítalíu er mjög gott,“ sagði Bush eftir fundinn með Prodi, sem tók í sama streng og Bandaríkjaforseti. „Við erum í meginatriðum sammála um hvernig heimurinn eigi að vera,“ sagði ítalski leiðtogi.

Fundur Bush með Benedikt páfa fór að mestu í að ræða stöðu kristinna í Írak. Sagði Bush að páfinn hefði lýst yfir áhyggjum sínum yfir aðstæðum kristinna í hinu stríðshrjáða landi, sem og annars staðar í Mið-Austurlöndum. Bush sagði ennfremur að páf-



**ÓEIRÐIR** Mótmælendur í Róm kostaðu múrsteinum, glerflöskum og öðru lauslegu í átt að ítölskum lögreglumönnum í gær.



**RÆTT SAMAN** Uppstillingin á fundi páfans og Bandaríkjaforseta í Vatíkani í gær vakti nokkra athygli. Höfðu einhverjir á orði að Bush hefði litið út eins og nemandi í yfirheyrslu hjá skólastjóra.

inn vonaðist til þess að hinn forni samfélagshópur kristinna muni halda velli, þrátt fyrir að þeir yrðu fyrir ofbeldi á degi hverjum. „Við töluðum minna um stríðið í Írak,“ bætti Bush við.

Talið er að um þrjú prósent af þeim 26 milljónum sem búa í Írak séu kristinnar trúar. Margir þeirra hafa flúið landið á undanförunum vikum af ótta við ofbeldi

múslima. Kristnar kirkjur eru nánast mannláusar eftir morð og mannrán á þeirra slóðum síðustu vikur.

Bush sagði enn fremur að heimssóknin í Vatíkanið hefði hreyft við sér og páfinn væri „mjög snjall og umhyggjusamur maður“. Þetta var í fyrsta sinn sem Bush hittir Benedikt páfa á opinberum vettvangi.

Stjórnmöld í Danmörku:

## Hyggjast stöðva fótboltabullur

**DANMÖRK** Yfirvöld í Danmörku hyggjast setja á laggirnar gagnagrunn sem hefur að geyma upplýsingar um allar helstu fótboltabullur landsins. Von er á lagafrumvarpi um málið innan fárra vikna og kemur það í kjölfarið á uppákomunni í landsleik Dana og Svía fyrir skemmstu þar sem olvaður áhorfandi réðst að dómara leiksins.

Fjöldi fótboltabullna í Danmörku hefur vaxið hratt á undanförunum árum og á föstudag komu upp atvik í tveimur æfingaleikjum þar sem lögregla þurfti að hafa afskipti af áhorfendum. Markmiðið með frumvarpinu er að útiloka slíkar bullur frá völlum.

## ÞYKKVIBÆR

### Sumarhús og flugvöllur

Sumarhúsabygging rís nú hjá Þykkvabæ. Ódýrasti bústaðurinn kostar 42 milljónir króna en inn í verðið kemur aðgangur að flugbraut svo vandaliði verður að lenda þar á einkaflugvél. Húsin eru allt frá 200 fermetrum að stærð og 23 talsins. Heitur pottur fylgir með í kaupunum.

Íslenskt grænmeti sérmerkt þér!

## VEÐURSPÁ

**um hádegi »**

**» á morgun**

Hæg norrlæg átt um allt land.

**» þriðjudagur**

Hæg breytileg eða norrlæg átt.

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	26°C léttskýjað	London	23°C skýjað	Eindhoven	25°C léttskýjað
Billund	27°C hálfskýjað	Paris	25°C léttskýjað	Basel	28°C skúrir
Osló	28°C léttskýjað	Frankfurt	28°C skúrir	Alicante	28°C skýjað
Stokkhólmur	28°C léttskýjað	Friedrichshafen	26°C léttskýjað	Róm	23°C léttskýjað
Gautaborg	23°C léttskýjað	Berlín	30°C léttskýjað	Las Palmas	24°C léttskýjað

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.





# Og1 fyrir stórar fjölskyldur



Heimasími, GSM, og Internet – allt á einum stað

Fyrir stórar fjölskyldur er mikilvægt að hafa allt í röð og reglu. Vertu með Heimasíma, GSM og Internet fjölskyldunnar í Og1 – og sparaðu bæði tíma og peninga.

Farðu á [www.vodafone.is](http://www.vodafone.is), komdu við í verslun okkar eða hringdu í 1414 og skráðu þína fjölskyldu í Og1.



Gríptu augnablikið og lifðu núna





Er söluverð raforku til álvers í Helguvík viðunandi?

Já	34,4
Nei	65,6

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Fylgist þú með hrakförum Parisar Hilton?

Segðu þína skoðun á visir.is



Pilturinn ældi fíkniefnum á Egilsstöðum og slasaði lögreglumann:

# Var ekki að smygla efnunum

**LÖGREGLUMÁL** Ekki er talið að pilturinn sem var fluttur með sjúkraflogi frá Egilsstöðum til Reykjavíkur aðfararnótt fimmtudags eftir að hafa ælt upp poka með fíkniefnum hafi verið að smygla efnunum. Lögreglu grunar að hann hafi stungið efnunum upp í sig þegar höfð voru afskipti af honum á Egilsstaðaflugvelli á þriðjudagskvöld.

„Pilturinn kom hingað að sunnan á þriðjudagskvöld og okkur þótti ástæða til að fylgjast með honum þá,“ segir Óskar Bjartmars, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum. Ekki fundust fíkniefni á piltinum við komuna til Egilsstaða



**OLLU USLA Á EGILSSTÖÐUM** Pilturinn er viðriðinn hóp sem hefur verið með læti á Egilsstöðum undanfarna daga.

en pokinn sem hann ældi á lögreglustöðinni aðfararnótt fimmtudags innihélt tæp tíu grömm af ætluðu amfetamíni.

Lögreglumaður fingurbrotnaði og brákaði rifbein í átökum við

piltinn, sem streittist á móti við handtöku. Líklegt er að pilturinn verði kærður fyrir brot gegn vandstjórninni.

Pilturinn, sem er liðlega tvítugur, er í vinnahópi að sunnan sem hefur haldið til á Héraði undanfarna daga. Hafa piltarnir, sem eru um fimm talsins, valdið usla víða og er hópurinn viðriðinn líkamsrásir sem áttu sér stað á unglingatónleikum í Selskógi um líona helgi.

Á fréttavefnum Austurland.is kemur fram að piltarnir hafi verið settir í bann í flestum sjöppum bæjarins en þeir hafa meðal annars hellt vatni á lottókassa. - þo

Fellibylurinn Gonu í Íran:

# Flæddi yfir heilu þorpin

**HAMFARIR** Tala látinna eftir fellibylurinn Gonu er orðin yfir sjöftu eftir að hann reið yfir nokkur smærri eyðimerkurþorp syðst í Íran í gær. Mikil flóð ollu gríðarlegri eyðileggingu og eru dæmi um að heilu þorpin hafi hreinlega þurrkast út vegna þeirra. „120 fjölskyldur bjuggu í þessu samfélagi okkar áður. Ekki eitt einasta hús náði að standa á sér flóðin í dag. Við getum hvergi leitað skjóls,“ sagði íbúi í Kahir, en þar standa nú rústir einar.

Vindhraði Gonu hefur hríðlækkad eftir að hann náði inn á meginlandið og flokkast nú sem kröftugur hitabeltisstormur. - vig

## 2 fyrir 1 til Barcelona

22. júní

# frá kr. 24.990

**Allra síðustu sætin**

**Verð kr. 24.990**

Netverð á mann, flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 22. júní í 1 eða 2 vikur

Heimferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætinum til Barcelona 22. júní. Þú bókar tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Borgin býður trábært mannflí og óendanlega fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu ölu því úrvali fjölbreyttra verslana sem eru í borginni. Griðu þetta trábæra tækifæri - aðeins örfá sæti laus!

**Verð kr. 29.990**

Netverð á mann, flugsæti með sköttum, m.v. 29. júní í 1 eða 2 vikur.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099  
www.helmsferdir.is

## Til sölu Reykhólar - Króksfjarðarnes



Rekstur matvöruverslananna á Reykhólum og í Króksfjarðarnesi er til sölu. Verslunarhúsnæðin fást annað hvort keypt eða leigð. Rekstraraðili er umboðsaðili fyrir N1, bæði á Reykhólum og Króksfjarðarnesi.

Tilboð óskast.

Nánari upplýsingar veita:  
Ingólfur hjá Informa ehf. í síma 820-5505  
Jón Kjartansson rekstraraðili í síma 434-7890 892-3830

# Nýr meirihluti gerir vel við einkaskólana

Viðmót borgaryfirvalda í garð einkarekinna grunnskóla er umtalsvert jákvæðara eftir að nýr meirihluti tók við völdum, segir skólastjóri Ísaksskóla. Hækkun fjárframlaga fyrir í vetur gjörbreytti rekstrarstöðunni, segir skólastjóri Landakotsskóla.

**MENNTAMÁL** Skólastjórar Ísaksskóla og Landakotsskóla segja viðmót borgaryfirvalda í garð einkarekinna grunnskóla hafa breyst til hins betra eftir að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við völdum fyrir rúmu ári.

„Við sjáum það núna, bæði í orðum og athöfnum ráðandi borgarmeirihluta, að viðhorfið er annað,“ segir Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Ísaksskóla.

„Waldorfskólinn er til dæmis búinn að fá lóðir í Sóltúni til að byggja á og við erum að bæta við okkur heilli bekkjardeild fyrir níu ára börn. Það eru aðgerðir sem við hefðum aldrei getað farið út í fyrir tveimur árum. Rekstrarskiptyrðin voru svo þröng að það var ekki inni í myndinni.“

Meginástæðu breytinganna segir hún vera fimmtán prósent hækkun fjárframlaga á hvern nemanda einkarekinna grunnskóla, sem gekk í gegn fyrir í vetur. Þá ákvað borgarráð að hækka framlögin. Það hefði þó ekki þurft að gera fyrir en í ágúst. Þá skilar Hagstofan af sér upplýsingum um meðalkostnað við hvern nemanda í opinberum skólum landsins. Framlag á nemendur í einkareknum skólum reiknast svo sem 75 prósent af þeirri upphæð. Borgaryfirvöld gerðu hins vegar ráð fyrir að ákveðin lágmarkshækkun yrði að veruleika og hækkuðu framlögin strax.

„Það er bara hið besta mál að þeir skyldu snara sér í þessa hækkun strax og sýnir vott um jákvæða afstöðu þeirra gagnvart sjálfstæðu skólunum,“ segir Edda.

Fríða Regína Höskulsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla, tekur í sama streng. „Það hefur gjör-



**BÖRN AÐ LEIK** Skólastjóri Ísaksskóla telur hækkun framlaga til skólans bera vott um jákvæða afstöðu borgaryfirvalda til sjálfstæðu skólanna.

breytt rekstrarstöðunni hjá okkur að borgaryfirvöld hafi hækkað fjárframlögin. Borgin tók mjög vel við sér og hækkaði framlagið fyrir en þurfti. Mér finnst nýr meirihluti hafa staðið sig afskaplega vel það sem af er. Við gátum lækkað skólagjöldin okkar töluvert.“

Fríða segist vona að enn betur verði gert við einkareknu skólana í tíð meirihlutans. „Við fáum núna 75 prósent af framlagi til opinberra skóla, en við erum að vonast til að það fari í níutíu prósent. Það er stefma Samtaka sjálfstæðra skóla að ná framlaginu að því marki.“

stigur@frettabladid.is



**EDDA HULD SIGURÐAR-DÓTTIR**

**FRÍÐA REGÍNA HÖSKULSDÓTTIR**

Svafa Grönfeldt brautskráði nema frá Háskólanum í Reykjavík í fyrsta sinn:

# 337 nemendur útskrifaðir frá HR

**MENNTUN** Alls voru 337 nemendur útskrifaðir frá Háskólanum í Reykjavík í gær í brautskráningu sem var um margt söguleg. Svafa Grönfeldt, sem tók við starfi rektors af Guðfinnu Bjarnadóttur í upphafi árs, brautskráði nemendur í fyrsta sinn í gær, þar af 43 nemendur sem útskrifuðust með embættispróf í lögfræði. Er það í fyrsta sinn sem skólinn útskrifar lögfræðinga með fullnaðarpróf í lögum.

Í tilkynningu frá Háskólanum í Reykjavík segir að stofnun lagadeildar skólans árið 2002 hafi vakið mikla athygli og meðal annars mætt andstöðu víða samfélaginu. Hún hafi hins vegar fyrir löngu sannað tilverurétt sinn og séu útskriftarnemendurnir í gær skýr vitnisburður um það.

Flestir þeirra brautskráðu í gær komu úr tækni- og verkfræðideild skólans, 121 nemandi, en Viðskiptadeild brautskráði 105 nemendur. Elsti



**NÝR REKTOR ÚTSKRIFAR Í FYRSTA SINN** Svafa Grönfeldt hafði nóg að gera á brautskráningu HR í gær og útskrifaði 337 nemendur með formlegum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

útskriftarneminn er 54 ára, en hann útskrifaðist einmitt með embættispróf í lögfræði. - vig





ÖLL LISTRÆN AFREK VERÐA LÉTTARI MEÐ FÁRHAGSLEGUM STUÐNINGI

HVÍTA HÚSID / SÍA - 8167

## MENNINGARSJÓÐUR GLITNIS STYRKIR UNGT TÓNLISTARFÓLK

Menningarsjóður Glitnis auglýsir til umsóknar styrki fyrir unga hljóðfæraleikara og söngvara. Veittir verða allt að fjórir styrkir að upphæð 500 þúsund krónur hver. Gert er ráð fyrir að umsækjendur séu í framhaldsnámi eða hafi lokið því nýlega og eru styrkirnir ætlaðir til þess að aðstoða umsækjendur við að hasla sér völl í listgrein sinni. Áætlað er að veita styrkina í júlí 2007. Umsókn skal skila til Menningarsjóðs Glitnis, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, fyrir 30. júní næstkomandi.

Reglur og nánari upplýsingar um styrkina er hægt að nálgast í móttöku Glitnis á Kirkjusandi 2 eða á [www.glitnir.is/tonlistarfolk/](http://www.glitnir.is/tonlistarfolk/).

**ÞÍN VELGENGNI ER OKKAR VERKEFNI**

**GLITNIR**



Smæð okkar í samhengi heimsins og sögunnar er ótvíræð en lóð okkar á vogarskálarnar skipta miklu.

## Litlu þúfurnar og þungu hlössin

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Ein af fegurstu mótsögnum manlegrar tilveru er sú að við erum í senn óendanlega mikilvæg og um leið óendanlega ómerkileg. Sama gildir um verk okkar. Í samhengi sögunnar og eilífðarinnar er smæð okkar áttakanleg en í augnablikinu og fyrir nánasta umhverfi er mikilvægi okkar óendanlegt.

Sumir eiga afskaplega erfitt með að sætta sig við áhrifaleysi sitt, meðan aðrir ná að vinna góð verk í nærumhverfi og skila heiminum og samfélaginu fram á veginn. Við getum öll látið gott af okkur leiða og góð verk okkar skipta miklu.

Það er ástæða til að minna sjálfan sig á þetta reglulega, ekki síst þegar staðið er frammi fyrir stærri vandamálum heimsins. Íslendingar eru smáþjóð, ein sú allra smæsta. Við erum reglulega minnt á smæð okkar ef ekki í heimi alþjóðastjórn mála, þá á knattspyrnuvællinum. Það breytir hins vegar engu um það að verk okkar og afstaða skipta máli.

Í því ljósi eru það sérkennileg viðbrögð að þegar utanríkisráðherra Íslands stígur jákvætt skref í átt til þess að leggja lóð á vogarskálarnar betri heims, þá sé hún sökuð um barnaskap. Slíkar raddir hljóma nú úr börkum sem gerðu mikið úr frumkvæði Íslands í stuðningi við frelsi Eystrasaltslandanna.

Ferðin á heimsenda hefst á einu skrefi og lítill þúfa veltir þungu hlössi. Vitund almennings í Bandaríkjunum var vakin þegar ein þrjúskona í strætó ýtti af stað skriðu sem hrundi grófri mismunun blökkumanna í Bandaríkjunum. Sagan er full af dæmum þar sem lítill atvik eða einstaklingar hrinda af stað miklum breytingum. Það er hin kostulega þverstæða þess hve lítill við erum hvert og eitt okkar og hve mikil áhrif okkar á söguna geta orðið.

Hvert og eitt okkar hefur þær skyldur í tilverunni að sýna náunga okkar og umhverfi virðingu með það að markmiði að líf okkar verði til þess að skila heiminum betri en hann var áður en við komum í hann. Þetta er verkefnið sem siðmenning okkar hvílir á. Þetta er ekki auðvelt verk og orð og efndir fylgjast oft illa að.

Í þessu ljósi á að sjálfsgöðu að fagna þeirri viðleitni að beita okkar litlu áhrifum til að bæta líf fólks í Palestínu. Norðmenn hafa þegar tekið frumkvæði og mikilvægt er að við styðjum slíkt frá byrjun. Með slíku frumkvæði verða áhrif okkar örugglega ekki minni en með setu í öryggisráðinu, sem kannski þjónar fremur umbúðum en innihaldi.

Stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklingar hafa skyldur við samfélag sitt og umheim. Við erum rík og lánsöm þjóð og vitundin um slíkt á að efla vilja okkar til að skapa fleirum tækifæri til betra lífs. Slíkur barnaskapur er að rækta í sér mennskuna.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Enginn vill seðlabankastjóra

Í umræðum um launahækkun seðlabankastjóra hefur rökstuðningur bankaráðsformannsins, um að starfsmenn bankans séu eftirsóttir af öðrum fyrirtækjum og þurfi því að njóta góðra launakjara, verið dreginn í efa. Sagt hefur verið ólíklegt – jafnvel fásinna – að einhver annar vilji seðlabankastjóra í vinnu. Í þeim vangaveltum hefur sagan legið á milli hluta en staðreyndin er nú sú að seðlabankastjórar eru býsna eftirsóttir starfskraftar. Ef frá eru taldir þeir þrír sem nú eru seðlabankastjórar hafa fjórir verið skipaðir í embætti frá 1993. Af þeim hefur einn, Steingrímur Hermannsson, hætt fyrir aldursakir.

#### Peir hurfu að öðru

Jón Sigurðsson (krati) var skipaður seðlabankastjóri 1993 og hætti ári síðar þegar honum var boðið að verða bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans. Finnur Ingólfsson var skipaður bankastjóri 2000 og hætti tveimur árum síðar þegar hann varð forstjóri VÍS. Jón Sigurðsson (fram-sóknarmaður) var skipaður í embætti 2003 en hætti þremur árum síðar þegar honum bauðst að verða iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Af þessu má sjá að Seðlabankanum helst ekki of vel á bankastjórum.

#### Ný grein

Erkifjendurnir KA og Þór hafa í áratugi barist hatrammri baráttu á íþróttavællinum

og leikmenn liðanna leggja sig aldrei jafn mikið fram og í innbyrðisviður-eignum. Bæjarstjórnin á Akureyri, Sigrún Björk Jakobsdóttir, hefur nú stofnað til nýrrar keppnisgreinar milli félaganna og er viðbúið að baráttan í henni verði síst minni en í öðrum. Sú grein heitir rekstur en í nýjum samningi félaganna og bæjarins er kveðið á um að þau fái fjórar milljónir króna á ári næstu fimm árin takist þeim að halda rekstri sínum hallalausum og innan áætla-ana. Svo er að sjá hvort félögin keppist um að fá til sín góða fjármálastjóra eins og íþróttamenn.

bjorn@frettabladid.is



## Hvenær á að virkja og hvenær ekki

Ég vil byrja þessa grein á því að þakka heiðursmanninum Sturlu Böðvarssyni fyrir þá þolinmæði og huggulegheit sem hann sýndi mér þegar ég itrekað, aftur og aftur, ávarpaði hann sem frú forseta í fyrstu ræðunni sem ég hélt á Alþingi. Hann hafði gengið í stól forseta í miðri ræðu minni, sem hófst undir öruggri stjórn Ragnheiðar Ríkharðsdóttur og þar sem ég var upptekinn við ræðuhaldið tók ég ekki eftir skiptunum. Vonandi er fall fararheill.

En tilefni ræðu minnar var þingsályktunartillaga frá þingmönnum Vinstri grænna. Tillagan gengur út á að Alþingi samþykki að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og frekari virkjanir í Þjórsá en orðið er. Greinilegt var að Vinstri grænum fannst ekki nægjanlega skýrt kveðið á um þessi mál í stjórnarsáttmálanum. Þar kemur þó fram að friðlandið í Þjórsárverum verður stækkað þannig að það nái til alls votlendisins sem gerir verin svo einstök. Til að taka af öll tvímæli lagði ég áherslu á að það væri vilji stjórnarflökkanna að ekki yrði ráðist í framkvæmdir við Norðlingaöldu á kjörtímabilinu og minnti á að rammaáætlun um nýtingu og verndun náttúrusvæða yrði lögð fyrir Alþingi fyrir árslok 2009. Hvað varðaði virkjanir í neðri hluta Þjórsár, þá liggur fyrir að vandfundnir eru virkjanakostir á Íslandi sem hafa minni umhverfisáhrif heldur en þeir sem hér um ræðir. Þeir hafa allir staðist umhverfismat, það þarf ekki að búa til uppistöðulón og framkvæmdirnar eru ekki inni á ósnortnu víðerni Íslands. Það er mín skoðun að ef ekki er hægt að virkja neðri hluta Þjórsár vegna



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Virkjanir

umhverfisáhrifa séum við komin að þeirri niðurstöðu að engar vatnsaflsvirkjanir verði reistar á Íslandi. Ég var því á móti tillögu Vinstri grænna því ég tel að þegar saman er virt, efnahagslegar þarfir okkar og skyldur til að vernda náttúruna, sé réttlætunlegt að reisa þessar virkjanir. Mér er ljóst að mörgum einlægum náttúruverndarsinnamum líkar ekki þessi afstaða mín, en hún hvílir á þeirri skoðun að saman þurfi að fara verndun náttúrunnar og nýting hennar þjóðinni allri til hagsbóta. En ég lagði til í ræðu minni, og beindi því sérstaklega til iðnaðarráðherra, að Alþingi breytti umgjörð þessara mála til þess að ákvarðanatáka yrði gegnsærri og markvissari í framtíðinni. Tillögur mínar voru þessar:

#### Prengja heimild til að beita eignarnámi

Samkvæmt núgildandi lögum getur iðnaðarráðherra beitt eignarnámi ef ekki semst á milli landeigna og viðkomandi orku-fyrirtækis. Fer slíkt eignarnám fram í krafti almanna hagsmuna. Ég tel að ekki sé hægt að réttlæta að menn séu þvingaðir til að selja jarðir sínar vegna viðskipta sem tveir aðilar eiga sín á milli. Reglulega berast fréttir

í okkar samfélagi af viðskiptum sem skipta tugum og aftur tugum milljarða króna og þau þurfa að ganga fyrir sig án þess að hægt sé að beita framkvæmdavaldinu til að skerða eignarréttindi manna. Jafnframt lagði ég til að í þeim tilvikum þar sem hægt er að sýna fram á verulega almanna hagsmuni þurfi Alþingi, en ekki iðnaðarráðherra, að beita eignarnámsheimildum

#### Engar ríkisábyrgðir á stóriðjuframkvæmdum

Ef um er að ræða virkjanaf framkvæmdir sem sérstaklega er ráðist í til að afla orku fyrir einn einstakan aðila þá er ekki réttlætunlegt að veita ríkisábyrgðir fyrir þeim. Betra er að um slíkar virkjanir sé stofnað sérstakt félag, með eigin efnahagsreiking, sem þurfi að afla sér lánsfjár á markaði. Að öllu jöfnu ekki allar ríkisábyrgðir þá ávöxtunarkröfu sem gerð er til framkvæmdarinnar og þar með aukast líkur á því að orkuverðið sem samið er um endurspegli ekki þá áhættu sem tekin er í viðskiptunum.

#### Vatnsréttindi

Einnig lagði ég til við iðnaðarráðherra að þess væri gætt að vatnsréttindi í eigu ríkissins væru þannig verðlögð að sannvirði þeirra kæmi sem best fram. Þetta er flókið mál, en nauðsynlegt er endanlegt orkuverð endurspegli virði vatnsréttindana. Ef iðnaðarráðherra tekur þessum breytingum jákvætt má vænta þess að hægt sé að breyta því regluverki sem orkufyrirtækin starfa eftir þannig að til bóla sé. Þó það leysi ekki allar deilur, þá má vænta þess að umræðan verði markvissari og gagnlegri en áður um þessi mikilvægu mál.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

MARKAÐURINN  
**Einfalt mál**  
á [www.visir.is](http://www.visir.is)  
alla daga



## Afsökun og áréttning

#### UMRÆÐAN

Umhverfismál

Um leið og ég biðst velvirðingar á þeim mistökum að hafa ranglega sagt, í grein minni hér í blaðinu föstudag 8. júní, að Brennisteinsfjöll vanta á lista yfir væntanleg verndarsvæði í stefnufyrirlyngu stjórnarflökanna, langar mig að beina sjónum að nýútgefnu rannsóknarleyfi á jarðhita í Gjástykki. Eitt af síðustu embættisverkum Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi iðnaðarráðherra, var að gefa Landsvirkjun slíkt leyfi, á svæði sem enn er tiltölulega óraskað og með hátt verndargildi. Útgáfudagurinn er 10. maí, tveimur dögum fyrir kosningar. Í ljósi þess að nýr umhverfisráðherra Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur lýst því yfir að ríkisstjórnin muni setja í forgang að vernda háhitasvæði landsins, þótti mér eðlilegt að fara þess á leit við nýjan iðnaðarráðherra að hann afturkallaði rannsóknar-



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

leyfið vegna Gjástykkis, enda engar framkvæmdir hafnar þar. Hann svaraði því skýrt í umræðum á Alþingi sl. fimmtudag að það myndi hann ekki gera. Það sem veldur mestum vonbrigðum með viðbrögð ráðherrans er að Samfylkingin sagðist fyrir kosningar vilja að dregið yrði úr ásókn stóriðjufyrirtækja í náttúruverlunarnar okkar þar til fyrir lægi rammi um það hverjum þeirra væri ásættanlegt að fórna og hverjar bæri að vernda. Eina leiðin til að gefa slíkt svigrúm er að senda út skýr merki um að frekari uppbygging stóriðju sé ekki vel séð og að setja orkufyrirtækjunum skorður. Vilji iðnaðarráðherra sýna stóriðjufyrirtækjunum að náttúruvernd njóti forgangs hjá ríkisstjórninni, þá er tækifæri til þess núna. Hann hefur það í hendi sér að þyrma Gjástykki. Það væri óskandi að hann staldraði við og endurskoðaði hug sinn.

Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.

### BRÉF TIL BLAÐSINS

#### Ég skil ekki...

Athugasemd frá Páli Magnússyni útvarpsstjóra:

Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins, hafði áhyggjur af því í leiðara blaðsins á fimmtudag að ég skildi ekki hvert



væri hlutverk Ríkisútvarpsins. Ljóst er satt er. En það má þá vera huggunarmi gegn að ritstjórnin sjálfur velkist aldrei í vafa um hvert hans hlutverk er – og Fréttablaðsins: að gelta alltaf þegar hann telur hallað á húsbændur sína. Það er einfalt hlutverk og auðskilið – og rækt af trúmennsku.

Og hvert er tilefnið núna? Jú, RÚV mátti ekki skast eftir starfskröftum Egils Helgasonar vegna þess að Stöð 2 gat hugsað sér að nýta þá í tvö ár til viðbótar. Ritstjórnin virðist telja það helsta hlutverk Ríkisútvarpsins að gera ekkert sem ekki hentar hagsmunum 365. Það er sennilega rétt hjá ritstjórnunum – ég mun seint átta mig á þessu hlutverki.



Volkswagen Passat TDI®

2.690.000 kr.



## Lúxusvagn á betra verði

Volkswagen Passat er einhver glæsilegasti bíll sem völ er á í sínum flokki. Fjölbreytt úrval véla og búnaðar er í boði og uppfyllir fjölbreytilegustu kröfur. Við mælum með TDI®-dísilvélinni sem gefur urrandi afl þrátt fyrir að vera sparsöm og umhverfisvæn svo um munar.

Í tilefni af samstarfi okkar við Hekluskóga um kolefnisjöfnun bjóðum við Volkswagen Passat nú á sérlega hagstæðum kjörum:

**Kostar frá aðeins 26.500 kr. á mánuði\***

\* M.v. 30% útborgun og Bílasamning SP til 84 mánaða. Verð 2.690.000 kr.

Volkswagen Passat TDI® eyðir  
aðeins 5,8 lítrum í blönduðum akstri

### Volkswagen Passat er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.



Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi



LINDA EVANGELISTA FÆDDIST  
PENNAN DAG ÁRÍÐ 1965.

„Ég get gert allt sem þið viljið  
að ég geri svo lengi sem ég  
þarf ekki að tala.“

Linda Evangelista  
ofurfyrirsæta og leikkona



PETTA GERÐIST: 10. JÚNÍ ÁRÍÐ 1829

## Fyrsti kappróðurinn á milli Oxford og Cambridge á Thames

Á þessum degi fyrir 178 árum var fyrsti kappróðurinn milli Oxford- og Cambridge-háskólanna ensku haldinn á ánni Thames. Upphafsmenn róðursins voru Charles Merivale, nemandi í Cambridge, og Charles Wordsworth, nemandi í Oxford. Fyrsta árið var það Cambridge sem skoraði á Oxford og árið eftir var leikurinn endurtekinn.

Síðan árið 1856 hefur Oxford og Cambridge-kappróðurinn verið árlegur viðburður fyrir utan nokkurra ára hlé í hvorri heimstýrjöld. Kappróðurinn er mjög vinsæll viðburður og er alltaf haldinn



RÓIÐ ER UPPTHAMES-ÁNA FRÁ PUTNEY TIL MORTLAKE.

á vorin. Fjöldi almennra borgara kemur að fylgjast með kappróðrinum auk áhugaólks um kappróður og nemenda skólans sem hvetja sín lið áfram.

Í kappróðrinum er róið 6 kílómetra og 779 metra upp ána frá Putney til Mortlake og á hvorum bát eru átta ræðarar. Upphaflega tóku að-

eins karlmenn þátt í róðrinum en þrátt fyrir að alþjóðlegar reglur um kappróður banni blönduð lið fá konur nú að taka þátt. Fyrsti kvenræðarinn í kappróðrinum var Sue Brown sem tók þátt árið 1981.

### MERKISATBURÐIR

- 1793 Jardín des Plantes garðurinn opnaður í París.
- 1924 Fasistar ræna Giacomo Matteotti, leiðtoga sósíalista í Róm.
- 1935 Dr. Robert Smith drekkur sinn síðasta drykk og AA-samtökin eru stofnuð af honum og dr. Bill Wilson í Akron í Ohio í Bandaríkjunum.
- 1940 Ítalía lýsir yfir stríði á hendur Frakklandi og Bretlandi, Þýski herinn nær að Ermarsundi, Kanada lýsir yfir stríði á hendur Ítalíu og Norðmenn gefast upp fyrir Þjóðverjum.
- 1947 Fyrsti Saab-bíllinn er framleiddur.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

### AFMÆLI

Gerður  
Kristný  
Guðjónsdóttir  
ríthöfundur  
er 37 ára.



Sigríður  
Jóhann-  
esdóttir  
fyrirverandi  
alþingis-  
maður er  
64 ára.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingileif Bryndís  
Hallgrímsdóttir**

Lynghaga 13, Reykjavík,

lést 29. maí að hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 12. júní nk. kl. 13.00.

Hallgrímur Gunnarsson  
Gunnar Snorri Gunnarsson  
Áslaug Gunnarsdóttir  
og barnabörn

Steinunn Helga Jónsdóttir  
Þór Þorláksson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf Ólafsdóttir**

frá Syðra-Velli, Grænumörk 2, Selfossi,

verður jarðsöngin frá Selfosskirkju mánudaginn 11. júní kl. 13.30.

Ingólfur Kristmundsson  
Eyjólfur Kristmundsson  
Ólafur Kristmundsson  
Barnabörn og langömmubörn.

Elín Magnúsdóttir  
Jóhanna Þorsteinsdóttir  
Halldóra Óskarsdóttir



Rúnar  
Geilmundsson



Sigurður  
Rúnarsson



Elís  
Rúnarsson



Þorbjörg  
Þórðarson

### Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.



Stofnað 1990



### Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

GLER Í BERGVÍK: 25 ÁRA AFMÆLI Í DAG

## Tími til að breyta svolítið til

Tuttugu og fimm ár eru síðan Sigrún Einarisdóttir og Søren Larsen eiginmaður hennar stofnuðu glerverkstæðið Gler í Bergvík. Þau hjónin ráku verkstæðið saman til ársins 2003 þegar Søren féll frá. Síðan þá hefur Sigrún séð um reksturinn en Ólöf systir hennar hefur hjálpað til frá upphafi.

Sigrún lærði glerhönnun í Kaupmannahöfn í skóla sem nú heitir Danmarks designskole. Þar kynntist hún eiginmanni sínum, sem var kennari í keramikdeild skólans og sérhæfði sig í gifsvinnu. „Um það bil ári eftir að við kynntumst þurfti ég að fara heim og Søren ákvað að skella sér til Íslands í gleríð með mér,“ segir Sigrún.

Søren lærði að blása gler á Íslandi hjá Sigrúnu og kennaranum hennar sem kom nokkrum sinnum í heimsókn

og að sögn Sigrúnar náði hann fljótt mikilli leikni. „Søren var mjög góður listamaður og við unnum allt saman, bæði stök verk hvors annars og alls konar nytjavöru,“ segir hún.

Sigrún segir að reksturinn hafi alla tíð gengið vel hjá þeim og nóg hafi verið að gera. „Við höfum verið í framleiðslu á eigin hönnun og svo hef ég gert svolítið af sérúnninni vöru fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök og eins selt fyrirtækjum tölvert af skúlptúrum. Fyrir síðustu jólf gerði ég til dæmis hátt á þriðja hundrad eins glös fyrir eitt fyrirtæki.“

Sigrún segir að á þessum tímamótum sé hún samt að hugsa um að breyta svolítið til. „Ég ætla að fara að minnka framleiðslu á nýttjamunum og gefa mér tíma og vera hvíld til þess að sinna eigin listsköpun.

Ég ætla líka að gefa mér meiri tíma til þess að sinna barnabörnunum og kannski fer ég að ferðast um heiminn að heimsækja aðra glerlistamenn. Hver veit, kannski verð ég í Honolulu eða Japan á sama tíma að ári,“ segir hún og hlær.

Í tilefni dagsins verður opið hús hjá Sigrúnu og hægt að skoða verk hennar og sjá glerblástur. „Það er frekar sjaldgæft að ég sé með verkstæðið sjálft opið en svo verður í dag. Svo eru hér tveir ungir amerískir gestalista-menn, Ryan Staub og Justin Brown, sem verða að vinna sín verk og það verður örugglega mjög spennandi að sjá það. Ég tek á móti fólki á milli tíu og fimm og allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir,“ segir hún.

Sjá nánar á [www.gleribergvik.is](http://www.gleribergvik.is)

emilia@frettabladid.is



Okkar ástkæri

**Þorleifur Guðfinnur  
Guðnason**

fyrirum bóndi á Norðureyri við Súgandafjörð,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 6. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ævar Einarsson.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Leví Bjarnason**

Fiskakvísl 13, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 1. júní. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 12. júní og hefst athöfnin kl. 13.00.

Svavar Bragi Jónsson  
Bjarni Jónsson  
Margrét Jónsdóttir  
Björn Jónsson  
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



# MAX

RAFTÆKI

Lágmax  
verð



OFUR  
TILBOÐ

LÆKKAD  
VERÐ

**1.989 kr.**

**59.989 kr.**

FIMM CD DISKA PAKKI

PLAYSTATION 3



United FC5161  
23 sm borðvífta

**1.489 kr.**

Fullt verð ~~1.989~~



United FC5164  
40 sm gólfvífta

**2.989 kr.**

Fullt verð ~~3.989~~

Melissa 646045  
• Multi Mixer blandari  
• Hakkar  
• Blandar  
• Hrærir  
• Sker  
• Mylur ofl.



**3.989 kr.**

Fullt verð ~~4.999~~



**99.989 kr.**

Fullt verð ~~149.989~~

- Samsung LE32R32
- 32" LCD veggisjónvarp
  - HDTV háskerpusjónvarp
  - 1366 x 768 punkta upplausn
  - Mynd í mynd (1 tuner)
  - DVI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video



FRÍ HEIMSENDING  
FRÍ SAMSETNING

**69.899 kr.**

Fullt verð ~~84.489~~

Ef grillið er keypt  
fyrir kl. 16.00  
sendum við það  
heim í dag!

- Permasteel 43099 gasgrill
- 52.000 BTU
  - Ryðfritt stál / pottstál
  - 4 línbrennarar
  - 1 hlíðar eldunarhella
  - Grillgrind úr pott-stáli
  - Efri grind úr emileruðu stáli
  - Raf kveikja



**49.989 kr.**

Fullt verð ~~64.989~~

- AEG OPTIMA
- 12 manna uppþvottavél
  - Hljóðlát aðeins 48 DB (A)
  - Rafeindastýrður kerfisveljari
  - Lætur vita ef gljáefni vantar
  - Þvott hæfni A
  - Orkunýting A
  - Þurrk hæfni A

OPNUNARTÍMI  
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.  
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær  
tækjakaup

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200  
Við erum beint á móti IKEA





**Við erum ekki ein í heiminum.** Við teljum það skyldu okkar að rétta þeim hjálparhönd sem minna mega sín. Við sáum stóra tækifærið í Clinton-Hunter þróunarverkefninu til að draga úr loftslagsbreytingum. Um leið og við kolefnisjöfnum alla starfsemi okkar styðjum við átak til að færa bændum í Rúanda ávaxtatré. Ávextirnir gera bændunum og fjölskyldum þeirra kleift að rjúfa vítahring fátæktar og færa þeim sem verst eru settir **von og trú á framtíðina.**



### Átakið virkar þannig:

Við ákváðum að jafna kolefnislosun okkar gegnum Clinton-Hunter þróunarverkefnið



Fjárframlag okkar er notað til að koma verkefninu á í Rúanda og til kaupa á ávaxtatrjám



Bændur fá ávaxta-trén til að gróðursetja og hlúa að



Trén bera ávöxt sem bændur selja og losna þannig úr viðjum fátæktar



Trén hafa umtalsverð jákvæð áhrif á kolefnisjöfnun í heiminum





- oasis
- Whistles
- coast
- principles
- HAGKAUP
- BONUS
- 101
- ALLSAINTS
- WAREHOUSE
- Jane Norman
- mkone
- ILLUM
- HOUSE OF FRASER
- TEYMI
- Magasins
- Iceland
- BOOKER
- WOODWARD
- GOLDSMITHS
- THE SHOE STUDIO GROUP
- DAT
- KEOPS
- NYHEDSAVISEN
- Smáralind
- 365





# Veidistöng og kunnátta betri en gefins fiskur

Í lok vikunnar sté **Jón Ásgeir Jóhannesson** úr forstjórastóli Baugs til að verða starfandi stjórnarformaður, auk þess sem hann tók við stjórnarformennsku í FL Group. Baugur leggur á sama tíma upp í metnaðarfullt kolfnisbindingarverkefni með Bill Clinton og viðskiptafélaga sínum Sir Tom Hunter í Rúanda.

**B**augur kynnir nú fyrir helgina breytingar á skipulagi yfirstjórnar fyrirtækisins. Jón Ásgeir Jóhannesson vikur úr forstjórastóli fyrir Gunnari Sigurðssyni. Hann fer ekki langt, því hlutverk hans verður hlutverk starfandi stjórnarformanns. „Starfandi stjórnarformaður er önnur útgáfa af forstjóra,“ segir Jón Ásgeir.

## Meiri yfirsýn

„Ég fæ meiri möguleika á að hafa yfirsýn og móta framtíðarstefnuna og losna við að sinna ýmsum verkefnum sem tilheyra daglegum rekstri. Okkur fannst þetta tímaþætt, enda félagið stækkað mikið og mikilvægt að horfa til nýrra tækifæra og markaða. Hraðinn er meiri og mikilvægt að einhver sé með yfirsýnina.“

Jafnframt þessu tekur Jón við stjórnarformennsku af Skarphéðni Berg Steinarssyni, sem tekur við stjórn fasteignafélagsins Stöða Group. „Það er mikið verkefni sem krefst skýrs fókuss. Við töldum um því rétt að ég tæki við þessu hlutverki.“ Jón Ásgeir segir það leggjast vel í sig að taka við þessu kefli í FL Group. „Við höfum unnið með Hannesi Smárásyni um árabíl í FL Group. Það samstarf hefur verið mjög gott. Hannes og starfsmenn FL hafa ávaxtað fé hluthafa með frábærum hætti. Þá má geta þess vegna forsiðu Morgunblaðsins í gær að stjórn og forstjóri eru einhuga um framtíðarsýn félagsins. Allt tal um annað verður að flokkast undir hugarburð og slúður eða jafnvel tilraun til að koma illu til leiðar,“ segir Jón Ásgeir.

## Lítill félög verða að sérhæfa sig

Hann segir breytingar á félaginu til þess fallnar að skerpa áherslur og ábyrgð í félaginu. Samkeppni í fjárfestingum fari vaxandi og erfðara að finna góð tækifæri. „Ég held að eina vitið fyrir lítill fjárfestingarfélög eins og okkur sé að einbeita sér að ákveðnum greinum viðskipta og kunna þær vel og þekkja fólkið innan greinanna.“

Baugur hefur á tiltölulega skömmum tíma haslað sér völl í smásöluverkslun og í fasteigna-

fjárfestingum í Bretlandi. Tengsl félagsins í þeim starfsgreinum eru orðin umtalsverð og við það orðið til erlendir meðfjárfestar á ýmsum sviðum. Einn þeirra er Sir Tom Hunter, sem í kjölfar kynna sinna af Baugi í gegnum samstarf í Bretlandi hefur fjárfest með félaginu innanlands, bæði í FL Group og Glitni. Hunter er mikill áhugamaður um þróunaraðstoð og nú er verið að hleypa af stokkunum miklu verkefni í Rúanda sem Baugur leggur stórar fjárhæðir í sem bæði bindur kolefni með ræktun örfoka lands og styður íbúa til sjálfshjálpar. Verkefnið er í samvinnu við Bill Clinton í gegnum samstarf þeirra Hunters; Clinton Hunter Foundation.

## Hjálp til sjálfshjálpar

„Eins og Tom Hunter orðar það: Það þýðir ekkert að gefa þeim fisk. Það þarf að gefa þeim veiðistöng og kenna þeim að veiða,“ segir Jón Ásgeir. „Þetta er mjög stórt verkefni. Clinton Hunter Foundation hefur unnið að þróunarverkefnum sem byggja á hjálp til sjálfshjálpar. Þarna bætist svo við að við höfum tækifæri til að bæta fyrir útblásturinn. Þeir voru byrjaðir með þetta verkefni og kynntu það fyrir okkur og okkur leist mjög vel á þetta. Við gerum tvennt í einu. Við útrýmum fátækt og bindum kolefni.“

Bændur munu planta ávaxtartrjám í örfoka land í Rúanda. „Bændurnir fá því nóg að gera við að rækta þetta og svo vonandi selja okkur ávexti,“ segir Jón Ásgeir, greinilega enn með hugann við upprunann í matvöruverkslun.

Jón segir að Baugur haldi áfram að styrkja málefni á eigin forsendum, en félagið úthlutar 300 milljónum árléga innanlands og er einnig styrktaraðili UNICHEF.

Hann segir að það muni halda áfram. „Tom Hunter er mjög framarlega í velferðarverkefnum og kynnti þetta fyrir okkur. Hann er með starfsmenn í þessu og markvissa hugsun í verkefnum. Við töldum þetta því gott verkefni og vildum vera með og nýta það sem Hunter hefur byggt upp um leið og við bættum fyrir eigin losun á gróðurhúsalofttegundum.“

## Horft til Indlands

Heimur viðskiptanna minnkar sífellt og ný tækifæri og markaðir opnast. Jón Ásgeir segist sjá mikil tækifæri í nýjum mörkuðum fyrir Baug. „Við höfum verið að horfa til Indlands með það í huga að byrja í fasteignaverkefnum og skoða verslunina. Þar gætu líka legið tækifæri fyrir FL Group. Það er margt að koma þar í kringum það sem við erum með.“

Jón Ásgeir segir félagið einnig horfa í vestur. Bandaríkin séu spennandi markaður, sérstaklega í fasteignaviðskiptum. „Þarna eins og annars staðar gildir að finna réttu verkefni og tækifærin. Við höfum lært inn á fasteignaviðskipti eins og í Bretlandi sem hafa verið mjög arðsöm. Við munum ekki fara inn með neinu offorsi, en ef við horfum á New York er fasteignaverð þar þriðjungur af því sem það er í London. Maður sér frekar fyrir sér að aðrir markaðir eigi eftir að nálgast London, frekar en London fjarlægist þá.“


## Tortryggni í Bandaríkjunum

Jón segir miklu skipta að bjartsýni gagnvart Bandaríkjunum vaxi á ný. „Útlendingar þora varla í viðskipti til Bandaríkjanna. Menn eru tortryggðir þar og London hefur verið að njóta þessa ástands. Það er ekki hægt að reka samfélag á svona miklum ótta og tortryggni og þegar heimurinn er fullur af tækifærum, þá fara menn bara annað.“ Hann segist eiga von á því að margt muni breytast eftir að valdatíma núverandi forseta ljúki.

Asia hefur verið að opnast sem heimsálfa tækifæranna og flestir eru á því að álfan muni leiða vöxt hagkerfa heimsins á þessari öld. Það er freistandi að spyrja Jón Ásgeir í ljósi þróunarverkefnisins í Rúanda, hvort og hvenær menn sjái tækifæri í Afríku.

„Það er búið að skemma mikið með ölmusuhjálpi. Það hefur vantað að byggja upp innviði og samfélagskerfi. Það vantar mikið upp á innviðina og verkefnið sem við tökum þátt í verður vonandi til þess að aðstoða við að byggja slíkt upp.“

haffidi@frettabladid.is



**MIKILVÆGT VERKEFNI** Sir Tom Hunter, viðskiptafélagi Baugs og hluthafi í FL Group og Glitni, og Bill Clinton, fyrirverandi Bandaríkjaforseti, ásamt Paul Kagame, forseta Rúanda. Markmið Clinton Hunter stofnunarinnar er að byggja upp atvinnuvegi um leið og unnið er gegn landeyðingu og gróðurhúsáhrifum.

## → ÞRÍJAR FLUGUR Í EINU HÖGGI

Bill Clinton fagnar verkefni Tom Hunter í Rúanda sem Baugur leggur 130 milljónir í.

„Með þessu skapandi verkefni eru slegnar þrjár flugur í einu höggi,“ segir Bill Clinton, fyrirverandi forseti Bandaríkjanna, um samvinnuverkefni sitt við Hunter Foundation og Baug í Rúanda. „Bændur eru styrktir til varanlegs lífsviðurværis, grædd eru lönd sem hafa orðið eyðingu að bráð og um leið bundnar gróðurhúsalofttegundir til að vinna gegn loftslagsbreytingum.“

Verkefnið er samvinnuverkefni Clinton Hunter stofnunarinnar og leggur Baugur til eina milljón punda á ári, eða sem nemur 130 milljónum króna.

Verkefnið miðar að því að fyrirtæki leggi til samsvarandi kolfnisbindingu og magn gróðurhúsalofttegunda sem verða til við starfsemi þess. Verkefnið nýtur fulltingis sérfræðinga sem aðstoða við að reikna út magn gróðurhúsalofttegunda sem losna út í andrúmsloftið við starfsemi fyrirtækjanna.

Fyrirtæki munu svo geta keypt sig að verkefniinu líkt og Baugur nú og kolefnisjafnað starfsemi sína. Sir Tom Hunter hefur verið

leiðandi í verkefniinu og á orðið að baki langan feril í skapandi þróunarverkefnum samhlíða árangri sínum í verslun og viðskiptum. „Þetta er frábær leið til að brjóta leið úr fátækt, endurheimta gróðri land og auka útflutning með jákvæðri aukaverkun sem felst í bindingu gróðurhúsalofttegunda. Það er mikilvægt að það komi skýrt fram að þeir einu sem munu hafa hagnað af þessu verkefni eru bændur í Rúanda og Malaví.“

Malaví er næsti áfangastaður verkefnisins. West Coast Capital losar 28 þúsund tonn af gróðurhúsalofttegundum árléga og mun jafna það í gegnum verkefnið. Framlag Baugs mun kolefnisjafna starfsemi fyrirtækisins.

Forseti Rúanda fagnar framlaginu. „Fyrir hönd þjóðarinnar vil ég segja við Jón Ásgeir og Baug: Þakka ykkur fyrir. Ég þakka ykkur fyrir örlæti og samúð. Fyrir að hjálpa okkur að hjálpa okkur sjálfum til betra lífs. Ég vil nota tækifærið og bjóða ykkur til landsins til að sjá þau jákvæðu áhrif sem fjárfesting ykkar mun hafa,“ segir Paul Kagame, forseti Rúanda.



**LAND EYÐINGARINNAR** Rúanda hefur gengið í gegnum miklar hörmungar og er mikið verk óunnið við uppbyggingu lands og samfélags.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**  
Sleppir tókum af daglegu amstri fyrirtækisins og einbeittir sér að yfirsýn og framtíðartækifærum.





MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Nám sem nýtist þér! Skrifstofubraut I

Er tveggja anna braut þar sem höfuðáhersla er lög á viðskipta- og samskiptagreinar.  
Inntökuskilyrði: Grunnskólagröf.  
Kennslutími: 8:20 – 12:30/12:55. Kennsla hefst 22. ágúst

### Fjarnám - Skrifstofubraut I

Spennandi möguleiki fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda fjarnám á skrifstofubraut I – sjá frekari upplýsingar á [mk.is](http://mk.is)

**Your Golden Opportunity!!**  
Office Skills Programme for Foreign Students  
[www.mk.is](http://www.mk.is)

### Framhaldsnám – Skrifstofubraut II

Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi. Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.  
Inntökuskilyrði: Kraftur er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.  
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.  
Kennslutími: 8:20 – 12:30/12:55. Kennsla hefst 22. ágúst

### Fjarnám - Skrifstofubraut II

Nýr möguleiki fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda fjarnám á skrifstofubraut II – sjá frekari upplýsingar á [mk.is](http://mk.is)

### Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám Staðbundið nám og fjarnám

Spennandi námsleið sérsníðin að vinnutíma fólks í fjármála fyrirtækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. Kennsla hefst í byrjun september.

Upplýsingar veitir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000 eða 8244114. Netfang: [ik@mk.is](mailto:ik@mk.is)

OPIÐ HÚS

ÍBÚÐIR FYRIR 60 ÁRA OG ELÐRI



Stórt þjónustusel fyrir eldri borgara í Jónshúsi



[www.bygg.is](http://www.bygg.is)

OPIÐ HÚS Í JÓNSHÚSI OG 17. JÚNÍ TORGÍ Í SJÁLANDSHVERFINU Í GARÐABÆ

# Jónshús



OPIÐ HÚS Í DAG, SUNNUDAG, FRÁ KL. 14-16

OPIÐ HÚS

ÍBÚÐIR FYRIR 50 ÁRA OG ELÐRI



# 17. júní torg



**FJÁRFESTING**  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250  
[www.fjarfesting.is](http://www.fjarfesting.is)

**Akkurat**  
FASTEIGNASALA  
STÓRHÖFÐI 27  
Sími 594 5000



# Undirmeðvitundin besti vinur mannsins í sköpunarferlinu

**Jóhann Jóhannsson** hefur starfað með ótal hljómsveitum. Hann var í hinni goðsagnakenndu HAM og er einn stofnmeðlima Tilraunaeldhússins. Hann hefur gefið út fjórar sólóplötur á síðustu fimm árum og er um þessar mundir að taka upp þá fimmtu. *Jarþrúður Karlsdóttir* ræddi við hann um hvernig hugmyndir fæðast og hvernig hann nær að halda utan um þetta allt saman.

**S**æll Jóhann. Hvernig er það, ert þú ekki að vinna í nýrri plötu? „Jú, mikið rétt. Ég er byrjaður að taka upp nýja sólóplötu og svo er ég líka að fara að taka upp með Apparat seinna í mánuðinum.“

Þegar þú hefur verið að vinna í sólóverkefnunum, hefur þú ekki yfirleitt unnið út frá einhverju skýru konsepti? „Verkið Englabörn var náttúrulega byggt á leikhústónlist. Þegar ég sem kvikmynda- eða leikhústónlist vinn ég samt alltaf út frá þeirri hugmynd að tónlistin geti staðið ein. Ég hugsa alltaf: er þetta nógu gott til að geta staðið eitt og sér?“

Annars finnst mér gott að hafa grunnkonsept til að vinna út frá sem er yfirleitt ekki tónlistarleg hugmynd, á Virðulegum forsetum vann ég til dæmis út frá eðlisfræðihugmyndinni um entrópiu. Þessi hugmynd um að orka deyi aldrei heldur dreifist bara um og sé alltaf til. Þar vann ég þar með eina litla tólf takta melódíuhugmynd sem er sífellt endurtekin en hægir á sér yfir heilan klukkutíma. Eins og hún væri að þenjast út líkt og alheimurinn, úr einum litlum köggli.

IBM-platan er svo aftur unnin út frá mjög konkret hugmynd. Þar vann ég með upptökur sem pabbi minn hafði gert með fyrstu IBM-tölvuna sem kom til landsins. Tölvun var reyndar alls ekki hönnuð með það í huga að gera tónlist á hana en hann fann samt leið til þess.“

Er nýja platan unnin út frá einhverju svona konsepti? „Nei, núna er ég í rauninni í fyrsta skipti á sólóferlinum bara að taka upp lög. Þetta eru allt styttri lög sem hafa orðið til á undanförunum árum. Sum hef ég verið að spila á tónleikum síðustu ár.“

Ég er búinn að taka upp strengi og orgel. Strengina með kvartettinum sem ég hef verið að túra með, þeim Unu Sveinbjarnardóttur, Grétu Guðnadóttur, Guðmundi Kristmundssyni og Hrafnkeli Orra Egilssyni. Matthías Hemstock er með slagverk og svo eru líka raffhljóð.“

Verður platan lík hinum sólóplötunum? „Hún verður kannski aggressívari en hinar plöturnar. Matthías mun leika mjög stórt hlutverk á plötunni og það verða nokkur mjög „perkussív“ lög. Ég ætla líka að miða við það hljóð sem við höfum verið með á tónleikunum þannig að hún á svolítið eftir að stjórna af því.“

## Átt við undirmeðvitundina

Ég er svolítið forvitin um vinnuferlið hjá þér. Hvernig verða lög til? Sestu niður til að semja eða koma lögum kannski bara þegar þú ert að vaska upp eða eitthvað að vesenast? „Oftast verða hlutirnir til á ósjálfráðan hátt. Undirmeðvitundin er eiginlega besti vinur mannsins í sköpunarferlinu. Maður er alltaf að leita að leiðum til að fá hana til að fljóta upp á yfirborðið.“

Lítið af mínum tíma fer sem slíkur í að semja. Ég sest kannski niður og improvisera, tek það upp og hlusta svo á það nokkrum dögum seinna til að sjá hvort ég hef verið að gera eitthvað af því.“

Virka einhverjar leiðir virka en aðrar? Ég hef komið mér upp mörgum leiðum til að semja. Fer kannski í göngutúr og læt gönguna og umhverfið gefa einhvern ryþma og form. Það eru jafn margar leiðir að semja og það eru lög.“

Hvað tekur svo við þegar hug-



JÓHANN JÓHANNSSON „Ég nýt þess mikið að vera einn en fæ líka mjög mikið út úr því að vera í samstarfi.“

myndin er komin? „Það erfiðasta er að fá hugmyndir. Það eru mismunandi heilahvel sem sjá um það og restina af vinnunni.“

Það hægra sér um abstrakt þáttinn, að grípa hugmyndina. Það vinstra tekur svo til við að finna formið til að setja hugmyndina inn í. Formið er alveg jafn mikilvægt og hugmyndin, það er stundum það sem býr til verkið.

Þegar hugmyndin er komin er það svo þessi níu til fimm vinna sem tekur við. Að mæta í stúdíóið, sitja við tölvuna og vinna. Sú vinna er miklu tímafrekari en hugmyndavinnan. Hún snýst bara um að sleppa tókunum á undirmeðvitundinni og leyfa henni að toga út hugmyndirnar. Þær eru þarna, maður þarf bara að kunna að grípa þær.“

Mýtan er sterk um þunglynda listamanninn sem vinnur best heltekinn af hjartasorg. Er því þannig farið með þig? „Alls ekki, mér þarf að líða mjög vel til að geta unnið. Ég er aldrei mjög kreatívur þegar ég er þunglyndur.“

Þótt maður sé að vinna með einhverja melankólíu hefur það ekkert að gera með hvernig manni líður þegar maður er að semja. Þetta er spurning um að geta samt nálgast grunninn einhvern veginn. Það getur verið alls konar dót þar. Mjög dökkur mjóður í grunninum.“

## Samstarf við aðra

Þó að þú hafir mikið verið að vinna í sólóefninu undanfarið ertu í mörgum samstarfsverkefnum

## Í HNOTSKURN Jóhann Jóhannsson

### → Sólóplötur

IBM 1401, A User's Manual 2006  
Dís 2004  
Virðulegu forsetar 2004  
Englabörn 2002

### → Hljómsveitir

Apparat Organ Quartet  
Evil Madness  
Lhooq  
Dip  
Ham  
Daisy Hill Puppy Farm

### → Samstarfsverkefni

Tilraunaeldhúsið  
IBM og Mysteries of Love með Ernu Ómarsdóttur  
Auk samstarfs við ýmsa aðra svo sem Marc Almond, Barry Adamson og Pan Sonic, Xiu Xiu, David Tibet og Hafler Trio.

### → Kvikmyndatónlist

Opium (2007)  
Blóðbönd (2006)  
Ashes and Snow (2005)  
Dís (2004)  
Maður eins og ég (2002)  
Óskabörn þjóðarinnar (2000)  
Íslenski draumurinn (2000)

líka, er það ekki? „Jú, við í Apparat erum að fara í stúdíó seinna í mánuðinum. Við ætlum að loka okkur af í þrjár til fjórar vikur og sjá hvað við náum að gera. Við eigum helling af úppteknum lögum, bæði kláruðum og ókláruðum, sem við ætlum að sjá hvað verður úr.“

Verður nýja platan lík þeirri gömlu? „Gamla platan var unnin í stúdíó á þriggja ára tímabili, áður en við urðum live-band. Við urðum svo að læra að spila lögina á tónleikum og úr varð það sem fólk þekkir. Við ætlum að taka þessa plötu að miklu leyti sem live-band þannig að það er allt annað ferli sem skilar sér líklega í hljómmum.“

Hver er munurinn á að vinna einn eða sem hluti af hljómsveit? „Það er rosa mikill munur. Ég nýt þess mjög að vinna einn en ég fæ líka mjög mikið út úr samstarfi. Bæði í sólóstöffinu og með Apparat, Ernu, Evil Madness og öllu hinu. Þetta nærir mann rosalega mikið. Samstarf er mér mjög mikilvægt og ég hef verið heppinn og fengið að vinna með frábæru fólki.“

Maður þarf samt að læra að vinna með fólki, að vera góður samstarfsmaður til að ná því besta úr samstarfinu. Ég þurfti alveg að hafa fyrir því.“

Þú hefur líka unnið með dönsurum. Hvernig kom það til? „Við Erna Ómars konnumst við hvort annað frá því í í MR. Hún hafði séð mig spila með HAM og eitthvað svona og ég vissi af því sem hún var að gera í Evrópu.“

Við hittumst á Apparat-tónleikum úti og fórum að spjalla saman. Ég sagði henni frá IBM-sögunni, ég var ekki byrjaður á neinu en langaði að gera eitthvað með þetta. Pabbi hennar hafði svo líka unnið hjá IBM. Okkur langaði að gera eitthvað saman og fannst þetta tilvalin hugmynd að vinna með. Samstarfið hefur gengið mjög vel og við erum enn að ferðast með IBM-verkið og líka nýtt verk, Mysteries of Love sem við sýndum hér heima í maí.“

Hvernig gengur að halda utan um þetta allt saman? „Það gengur alveg ágætlega. Mér finnst gaman að vasast í mörgu. Ég er kannski þessi týpíski Íslendingur með milljón jarn í eldinum, vinnandi allar nætur. Mér líður best með nokkur verkefni í gangi. Ég vinn líka best undir pressu og ég hef aðlagð mig þessu vinnuferli.“

Ertu þá skipulagður? „Maður lærir smátt að maður þarf að plana langt fram í tímann, hverju maður þarf að passa sig á og hvað maður þarf að hafa á hreinu.“

Eru einhverjir tónleikar á döfinni? „Ekki mikið. Ég er að einbeita mér að upptökum í ár og er að reyna að halda tónleikum í lágmarki. Það eru samt þrennir tónleikar í júlí. Tvennir í Museum of Cutting Edge Science í Tokyo og svo spila ég á Copenhagen Jazz Festival með Evil Madness.“

Ég spila líka með Apparat á afmælishátíð Vooruit-listamiðstöðvarinnar í Belgíu. Það verður flugeldasýning hönnuð í kringum tónleikana okkar þar. Ekki slæmt.



# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Reykjavíkurborg  
Menntasvið

## Fellaskóli

Í Fellaskóla er leitast við að sýna sveigjanleika í starfsháttum og sniða skólafarfið í samræmi við eðli og þarfir nemenda. Stuðlað er að alhliða þroska og menntun hvers og eins, skipandi starfi og jákvæðni í samskiptum. Í skólanum er lítið svo á að hinn fjölbreytti uppruni nemenda auðgi skólafarfið og skapi sóknarfæri í námi og kennslu. Við skólann er starfrækt sérdeild fyrir einhverfa og Hugmynda- og sköpunarsmiðja grunnskólanna.

**Á komandi skólaári eru eftirfarandi störf laus til umsóknar:**

- Störf umsjónarkennara í 5. og 6. bekk.
- Starf kennara í unglingadeild, meðal kennslugreina íslenska og enska.
- Starf yfirmanns í mötuneyti.
- Starf ritara á skrifstofu skólans.

Upplýsingar gefur Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri  
kristinjoh@fellaskoli.is. Sími 557-3800.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## Áfengisráðgjafar

Hjá hjá Samtökum áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann starfa nú um 45 ráðgjafar við áfengis og vímuefna-meðferð á hinum ýmsum starfsstöðvum Samtakanna.

Við viljum nú að fjölga í hópnunum því eru nú auglýst laus störf áfengis og vímuefnaráðgjafa.

Um er að ræða áhugaverð störf þar sem kennsla og þjálfun fer fram skv. reglugerð Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneytis nr 974/2006

Unnið er á vöktum á öllum starfsstöðvum SÁÁ.

Upplýsingar um störfín gefur Hjalti Björnsson dagskrárstjóri  
hjalti@saa.is sími 824 7620

Umsóknaeyðublöð eru hjá móttökuriturum á Vogu



## Veitingahúsið Einar Ben leitar eftir metnaðarfullum yfirmatreiðslumanni og aðstoðarmatreiðslumanni

Veitingahúsið Einar Ben sérhæfir sig í notkun á íslensku hráefni og leita nú eftir metnaðarfullum matreiðslumanni sem er tilbúinn að leiða okkar lið í eldhúsinu með ferskum og framsæknum hugmyndum þar sem íslenskt hráefni fær að njóta sín til fulls. Á Einar Ben eru unnar svokallaðar 15 daga kokkavaktir, það er ekki opið í hádeginu

Umsóknir sendist til: [jonpall@einarben.is](mailto:jonpall@einarben.is)

Jón Páll S: 822 3313

## Microsoft TECHNICAL ACCOUNT MANAGER

### VIÐSKIPTASTJÓRI UPPLÝSINGATÆKNI

#### Starfssvið

Viðskiptastjóri upplýsingatækni ber ábyrgð á tæknilegri ráðgjöf fyrir Microsoft Premier viðskiptavinum. Árangur í þessu starfi mælist í ánægju viðskiptavinnanna. Þetta næst með skilningi á þörfum viðskiptavinnans á sviði upplýsingatækni, með því að byggja upp og viðhalda góðum samböndum og með stuðningi og þjónustu.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun skilyrði, menntun á sviði tölvunar- eða viðskiptafræði æskileg
- Framhaldsmenntun mikill kostur (M.Sc/MBA)
- Gerð er krafa um a.m.k tvö próf sem vottaður Microsoft-sérfræðingur (MCP) og áfanga að vottun sem Microsoft-kerfisfræðingur (MCSE)
- MCSE- og/eða ITIL-vottun kostur
- Að minnsta kosti 4 ára reynsla af ráðgjöf í upplýsingatækni nauðsynleg
- Yfirgripsmikil tæknileg kunnátta
- Mikill sannfæringakraftur og brennandi áhugi á verkefnum ásamt hæfni í mannlegum samskiptum
- Góða kunnátta í íslensku og ensku, bæði skrifaðri og talaðri

#### Við bjóðum þér:

- Alþjóðlegt starfsumhverfi sem einkennist af sveigjanleika, óformlegu andrúmslofti og miklum hraða
- Mikla möguleika á að nýta og þróa hæfileika þína, bera ábyrgð og tilheyra starfslíði Microsoft um heim allan
- Mjög faglega og metnaðarfulla samstarfsmenn sem meta framlag þitt mikils og styðja það
- Lífligan og alþjóðlegan vinnustað sem gefur mikla möguleika á persónulegri og faglegri þróun
- Laun sem samsvara ábyrgð þinni, hæfileikum og reynslu

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## RÁÐUNEYTTISSTJÓRI

Viðskiptaráðuneytið auglýsir embætti ráðuneyttisstjóra í viðskiptaráðuneytinu laust til umsóknar. Viðskiptaráðherra skipar í embættið til fimm ára.

Um embættið gilda lög um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969, með síðari breytingum og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum. Ráðuneyttisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf
- Þekking á verkefnissviði ráðuneyttisins
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Leiðtoga-hæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tungumálakunnátta

Um er að ræða fullt starf sem áformað er að skipa í hið fyrsta. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006.

Með vísan til jafnréttislaganna eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um ofangreint embætti.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Herdís Rán Magnúsdóttir ([herdis.magnusdottir@capacent.is](mailto:herdis.magnusdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum og Kristján Skarphéðinsson ráðuneyttisstjóri. **Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## Húsasmiðir

Maður/menn vanir mótauppslætti/  
kranamótum óskast. Íslenska skilyrði.  
Mjög góð laun í boði. Verð að geta  
verkstýrt og hafið störf fljótlega.

Upplýsingar í sínum:  
845-6770 & 823-2780

## Afleysingarmenn

Bifreiðastjórafélagið Frami óskar eftir afleysingabil-  
stjórum á leigubifreiðar til lengri eða skemmri tíma.  
Viðkomandi þurfa að hafa réttindi til aksturs leigu-  
bifreiða og að hafa lokið námskeiði fyrir afleysingabil-  
stjóra. Nánari upplýsingar á skrifstofu Frami Fells-  
múla 26 eða í síma 568-5575 milli kl. 12:00 og 16:00.

## Cieśla



565001

Przedsiębiorstwo budowlane poszukuje cieśli.  
Poszukiwane są osoby doświadczone w pracach  
szalunkowych oraz wykończeniowych tj.: stawianiu  
ścianek gipsowych, montowaniu drzwi i parapetów.  
Kandydaci muszą posiadać uprawnienia do wykonywania  
zawodu lub duże doświadczenie w pracach budowlanych.

Dodatkowych informacji udziela Vinna.is

Vinna.is  
Sími 511-1144  
www.vinna.is

vinna.is  
ATVINNUMIÖLUN



## REKSTRARSTJÓRI

Serrano er ungt íslenskt  
fyrirtæki sem samanstendur  
af tveimur veitingastöðum í  
dag en þeim mun fjölga á  
næsta ári. Fyrirtækið er búið  
að vera í miklum vexti  
undanfarið og framundan eru  
virkilega spennandi tímar.

Serrano leitir rekstrarstjóra til að koma til starfa og taka þátt  
í miklum uppgangstímum. Rekstrarstjórinn heyrir beint undir  
framkvæmdarstjóra. Miklir möguleikar eru á starfsþróun fyrir  
réttan aðila.

### Starfssvið rekstrarstjóra er:

- að sjá til þess að staðir Serrano séu ávallt  
í besta rekstrarlegu ástandi
- kemur að starfsmannamálum ásamt  
verslunarstjóra
- lausn vandamála sem mögulega geta  
komið upp
- ábyrgð og umsjón með að þjónusta og  
almenn aðkoma að stöðum Serrano sé í  
mjög góðu ástandi
- skráning reikninga og upplýsingagjöf til  
eigenda um stöðu mála

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reyndsla af verslunar- eða  
veitingastörfum skilyrði
- Reyndsla af rekstri mikill kostur
- Viðkomandi verður að vera mjög  
þjónustulundaður og tilbúinn að  
vinna mikið
- Viðkomandi verður að vera sterkur í  
mannlegum samskiptum

Viðkomandi verður að vera ófeiminn við að  
fara í afgreiðslu sé þörf á því og einnig  
tilbúinn að ganga í öll störf.

Umsjón með starfinu hafa  
Guðlaugur Arnarsson  
([guðlaugur.arnarsson@capacent.is](mailto:guðlaugur.arnarsson@capacent.is)) og  
Hanna B. Vilhjálmssdóttir  
([hanna.vilhjalmsdottir@capacent.is](mailto:hanna.vilhjalmsdottir@capacent.is))  
hjá Capacent Ráðningum.  
Umsóknarfrestur er til og með 17. júní  
nk. Umsækjendur eru vinsamlega  
beðnir að sækja um starfið á heimasíðu  
Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## SÉRFRÆÐINGUR Á EFNAHAGSSVIÐI

Hlutverk Hagstofu Íslands er  
að veita tölfraðilegar  
upplýsingar um þjóðfélagsleg  
málefni og tryggja að  
áreiðanleiki og óhlutdrægni  
séu í fyrirrúmi í opinberri  
hagskýrslugerð. Hagstofa  
Íslands gegnir forystuhlutverki  
í opinberri hagskýrslugerð og  
mikill metnaður einkennir  
starf sem þar fer fram.  
Alþjóðlegt samstarf er öflugt  
og þróunarvinna skipar  
veglegan sess. Starfsfólk  
Hagstofunnar vinnur að gerð  
hagskýrslna og miðlar þeim til  
almennings, atvinnulífs og  
stjórnvalda.

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing á Efnahagssviði.

Starfið felur í sér krefjandi og áhugaverð verkefni við gagnasöfnun, úrvinnslu gagna,  
greiningu og miðlun upplýsinga um fyrirtæki og atvinnuvegi.

Menntunar- og hæfniskröfur eru háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, tölfraði eða  
sambærileg menntun. Áskilið er að umsækjandi hafi góða tölvukunnáttu. Forritunarþekking  
og reynsla af greiningu og framsetningu tölvulegra upplýsinga er kostur. Umsækjandi þarf  
að hafa góða samskiptahæfileika, sýna frumkvæði, vera nákvæmur og skipulagður.

Í boði er krefjandi og spennandi starf í góðu vinnuumhverfi á fjölskylduvænum vinnustað.

Umsjón með starfinu hafa  
Ragnheiður S. Dagsdóttir  
([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is))  
og Guðríður D. Hálfánardóttir  
([guðridur.halfdanardottir@capacent.is](mailto:guðridur.halfdanardottir@capacent.is))  
hjá Capacent Ráðningum.  
Umsóknarfrestur er til og með 24. júní  
nk. Umsækjendur eru vinsamlega  
beðnir að sækja um starfið á heimasíðu  
Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennum starfsfólki til forstjóra.  
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar  
[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000





# VÉLTÆKNIFRÆÐINGUR

Íslenska járnblendifélagið ehf. er dótturfyrirtæki norska fyrirtækisins Elkem AS, en það er alþjóðlegt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Noregi. Elkem er leiðandi fyrirtæki í heiminum í framleiðslu á ýmsum málum og málblendum. Fyrirtækið hefur starfsemi í Evrópu, Asíu, Suður Afríku og Suður og Norður Ameríku.

Þetta er afbragðs tækifæri til þess að taka þátt í uppbyggingu og þróun fyrirtækis þar sem fullkomnastu tækni sem völ er á er notuð til þess að leysa krefjandi verkefni.

Íslenska járnblendifélagið leitar að véltæknifræðingi.

## Ábyrgðarsvið

- Tæknileg aðstoð fyrir svæðisvélvirkja á einni af þremur framleiðslulínum fyrirtækisins
- Vinna að endurbótum í samvinnu við starfsmenn viðkomandi framleiðslulínu
- Hönnunarvinna í verkefnum tæknideildar
- Þátttaka og stjórnun fjárfestingaverkefna verksmiðjunnar
- Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra tæknisviðs

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Véltæknifræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af umsjón með viðhaldi á stærri framleiðslueiningum er æskileg
- Hæfni til sjálfstæðra vinnubragða sem og teymisvinnu
- Áhugi til að vinna að stöðugum endurbótum
- Mjög góð enskukunnátta auk kunnáttu í Norðurlandamáli

Nánari upplýsingar um félagið er að finna á [www.alloys.is](http://www.alloys.is) og [www.elkem.com](http://www.elkem.com)



Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Hanna B. Vilhjálmssdóttir ([hanna.vilhjalmsdottir@capacent.is](mailto:hanna.vilhjalmsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# SVÆÐISSTJÓRI

Öflugt erlent framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á pökkunarvélum óskar eftir að ráða svæðisstjóra (branch manager).

## Starfssvið

- Almennur rekstur fyrirtækisins hér á landi
- Sala og markaðssetning á vöru og þjónustu fyrirtækisins
- Markmiðasetning og stefnumótun fyrir íslenskan markað
- Ábyrgð á öllum samskiptum við núverandi og tilvonandi viðskiptavinum
- Upplýsingagjöf til framkvæmdarstjórnar

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi er kostur
- 5 ára reynsla af almennri stjórnun og rekstri
- Þekking á matvæla eða pökkunariðnaði mikill kostur
- Reynsla af störfum erlendis er kostur

Viðkomandi verður að vera vanur að vinna með fólki með mismunandi bakgrunn og vera sterkur í mannlegum samskiptum. Einnig verður viðkomandi að hafa sterkan faglegan bakgrunn.

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson ([guðlaugur.arnarsson@capacent.is](mailto:guðlaugur.arnarsson@capacent.is)) og Hildur Sif Arnardóttir ([hildur.arnardottir@capacent.is](mailto:hildur.arnardottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# ER KRAFTUR Í ÞÉR?

Samskip er krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Innflutningsdeild er hluti af millilandasviði Samskipa og hefur umsjón með samskiptum og þjónustu við innflutningsviðskiptavinum innanlands og erlendis.

Samskip óska að ráða öflugna einstaklinga í neðangreind störf.

## Viðskiptastjóri innflutnings

Samskip leita að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með víðtæka þekkingu og reynslu af sölu í starf viðskiptastjóra innflutnings.

## Starfssvið

- Sala og kynning á þjónustu Innflutningsdeildar
- Tilboðs- og samningagerð
- Greina tækifæri og kynna þjónustu Innflutningsdeildar
- Fagleg ráðgjöf til viðskiptavina
- Virk þátttaka í þróun og markaðssetningu þjónustupátta innflutningsdeildar
- Samskipti við erlendar skrifstofur
- Ýmis sérverkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilegum greinum er kostur en ekki skilyrði
- Haldgóð reynsla af sölu og markaðsstörfum skilyrði
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Nákvæmni, talnaskilningur og góð almenn tölvukunnátta
- Kappsemi og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, eldmóður og metnaður til að ná árangri.
- Góð íslensku og enskukunnátta skrifleg og munnleg
- Geta og vilji til að vinna undir álagi
- Framúrskarandi samstarfshæfni
- Þekking á flutningastarfsemi æskileg

## Sérfræðingur í innflutningsdeild

Samskip leita að metnaðarfullum og nákvæmum einstaklingi með marktæka þekkingu og reynslu af kostnaðar- og markaðsgreiningu í starf sérfræðings í innflutningsdeild.

## Starfssvið

- Markaðs- og samkeppnisgreining
- Tekju- og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á framlegðargreiningu
- Áætlanagerð og uppgjör
- Vinnur náð með viðskiptastjórum Innflutningsdeildar

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða verkfræði
- Reynsla af greiningarvinnu, markaðsstörfum og samskiptum við viðskiptavinum
- Reynsla af skrifstofustörfum og/eða af sambærilegu starfi
- Góð almenn tölvuþekking, kunnátta á SAP er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum, þjónustulund og fágúð framkoma
- Þekking á flutningastarfsemi æskileg

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Hildur Sif Arnardóttir ([hildur.arnardottir@capacent.is](mailto:hildur.arnardottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## Gestamóttaka

Okkur bráðvantar framtíðarstarfsmann í gestamóttöku Hótel Holts frá og með 1. júlí nk. Um er að ræða áhugavert og skemmtilegt starf á frábærum vinnustað í góðum hópi. Leitað er eftir ábyrgum einstaklingum til að koma til starfa á góðum vinnustað. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu. Annars vegar dag- og kvöldvaktir og hins vegar á næturvaktir.

### Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Góð almenn tungumálakunnátt (íslenska og enska, 3 mál kostur)
- Reynsla af tölvunotkun - unnið er með Navision/Cenium hótélbókunarkerfið
- Sjálfstæð vinnubrögð, fágúð framkoma og mikil þjónustulund

Ráðið verður í stöðurnar hið fyrsta.

Umsækjendur sendi inn umsókn ásamt ferilskrá á rosbjorg@holt.is.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá hafið samband við Rósbjörgu Jónsdóttur í síma 5525700.

### Þjónanemi óskast á Hótel Holt

Leitum að hörkuduglegum, snyrtilegum og þjónustulundaðum einstaklingi sem hefur áhuga á að læra til þjóns á einu besta veitingahúsi landsins. Staðan er laus til umsóknar strax. Um er að ræða spennandi starf í skemmtilegu og einstöku umhverfi.

Frekari upplýsingar veitir Sigmar Örn Ingólfsson í síma 552-5700/6982300 eða simmi@holt.is.

MEMBER OF  
**WORLDHOTELS**  
FIRST CLASS COLLECTION

*Hótel Holt er einn af bestu hótélum landsins. Hótel Holt er einn af bestu hótélum landsins. Hótel Holt er einn af bestu hótélum landsins. Hótel Holt er einn af bestu hótélum landsins. Hótel Holt er einn af bestu hótélum landsins.*



BERGSTADASTR. 37 • 101 REYKJAVÍK • ÍSLAND  
TEL: +354 552 5700 • FAX: +354 562 3025  
E-MAIL: holt@holt.is • http://www.holt.is



Reykjavíkurborg  
Menntasvið



## Skrifstofustjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs

### Laus er staða skrifstofustjóra á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Starfssvið skrifstofustjóra á grunnskólaskrifstofu er m.a. að hafa forystu í fagmálum grunnskóla, þ.e. þróun starfshátta og skólalæris almennt í samræmi við menntastefnu Reykjavíkur.

### Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:

- Fagleg forysta á skólalæris í grunnskólum og frumkvæði að þróun þess
- Skipulagning á starfsemi grunnskólaskrifstofu og verkstjórn starfsmanna
- Framkvæmd stefnumótunar menntaráðs og ábyrgð á starfshópum á vegum þess
- Áætlanagerð
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur grunnskóla

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun eða menntun í uppeldis- og menntunarfræðum
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á menntastefnu Reykjavíkur og starfsemi grunnskólanna
- Stjórnunarhæfni, frumkvæði og sveigjanleiki
- Lipurð í samskiptum og færni til að starfa í hópi

Menntasvið þjónustar um 40 grunnskóla auk skrifstofu sviðsins, Námsflokka Reykjavíkur, skólahljómsveita og gerir þjónustusamninga við tónlistaskóla. Í því felst m.a. þróun skólalæris, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólalæris og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.

Upplýsingar um starfið veita Valgerður Janusdóttir, starfsmanna-stjóri, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is og Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Menntasviðs, ragnar.thorsteinsson@reykjavik.is, í síma 411-7000.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní n.k.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf og sendist til Menntasviðs Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, merkt "skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu" eða á starfsumsoknir.menntasvid@reykjavik.is.

Laun eru skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Atvinna óskast:

Markaðs sérfræðingur óskar eftir vinnu, með MBA og hönnunar menntun frá Bandaríkjunum. Skapandi og úræðagóður starfskraftur að leita að framtíðarvinnu.

Áhugasamir sendið fyrirspurnir á [umsokn.mba@gmail.com](mailto:umsokn.mba@gmail.com).

## Fjármálastjóri

### Meðeigandi/fjárfestir

Óskast í vaxandi fyrirtæki. Kaup á hlut æskileg. Kaupréttur af öllu fyrirtækinu gæti fylgt. Vilyrði. Um endurfjármögnun frá banka liggur fyrir. Miklir möguleikar til aukningar.

Áhugasamir sendi svör á box [@frettabladid.is](mailto:@frettabladid.is) fyrir 15. júní Merkt "framtíð-2130"



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

## Þjónustufulltrúi

### Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis óskar eftir þjónustufulltrúa við félagsmiðstöðvarnar að Dalbraut 18 - 20 og Norðurbrún 1.

#### Helstu verkefni:

- Símsvörun, upplýsingagjöf og afgreiðsla viðskiptavina
- Tölvuvinna og móttaka
- Dagleg umsýsla tengd félagsstarfi og þjónustu við íbúa
- Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvanna

#### Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvu- og íslenskukunnátt
- Samskiptahæfni, áhugi og jákvætt viðmót
- Skipuleg vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Sveigjanleiki og hæfni til að vinna undir álagi

#### Við bjóðum upp á:

- Lífandi umhverfi og fjölbreytni í starfi
- Beina aðild að þróunarvinnu
- Sveigjanlegan vinnutíma

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í ágúst. Þjónustufulltrúi verður staðsettur í Norðurbrún 1 þar sem auk félagsstarfs eru þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ólafsdóttir forstöðumaður í síma 568 6960, netfang: [sigridur.olafsd@reykjavik.is](mailto:sigridur.olafsd@reykjavik.is)

Umsóknum skal skilað á félagsmiðstöðina Norðurbrún 1 fyrir 24 júní nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Kirkjuvörður

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófestsdæma óska eftir að ráða kirkjuvörð í Fossvogskirkju. Starfið felst einkum í eftirfarandi:

- Vinna í samstarfi við starfsmenn útfararstofa samkvæmt sérstakri starfs- og verklýsingu.
- Annast undirbúning fyrir athafnir í Fossvogskirkju, Kapellu og Bænhúsi.
- Taka á móti aðstandendum sem koma í Fossvog til að vera við athafnir.
- Annað samkvæmt sérstakri starfslýsingu.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi.

Æskilegt er að umsækjendur hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun og tölvukunnáttu.

Umsækjendur eru beðnir að skila inn skriflegum umsóknum, þar sem getið er um menntun og fyrri störf. Umsókn merkt "Kirkjuvörður", skal senda til Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 15. júní n.k.

Nánari upplýsingar um starfið og launakjör veitir Erla Pálmadóttir forstöðumaður Fossvogskirkju í síma 585-2750 milli kl. 10 - 12 næstu daga. Sjá upplýsingar um Kirkjugarðana á [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)



## Leikskólar Kópavogs

Kópavogsbær rekur 16 leikskóla og opnar nýjan í ágúst 2007.

**Óskað er eftir deildarstjórum, sérkennslustjórum, leikskólakennurum og öðru fagfólki, um er að ræða heilar stöður og hlutastöður.**

Leitast er við að búa sem best að leikskólunum og þeim sem þar dvelja, börnum og starfsmönnum.

Okkur vantar kennara sem eru tilbúnir að taka þátt í metnaðarfullu, skemmtilegu leikskólalæris og fjölbreyttu þróunarstarfi þar sem starfsgleði er í fyrirrúmi.

Kynnið ykkur leikskóla Kópavogs á heimasíðu Kópavogs [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) þar sem jafnframt er hægt að sækja um stöðurnar í gegnum [job.is](http://job.is).

Upplýsingar um stöðurnar og sérkjör gefur leikskólafulltrúi í síma 570-1600 eða netfang: [sesselja@kopavogur.is](mailto:sesselja@kopavogur.is)

og leikskólalæris hvers leikskóla.

Í leikskóla er gaman.....

Fræðsluskrifstofa  
Kópavogs



## VERSLUNARTÆKNI Lagermaður

### Óskum eftir starfsmanni á lager

Starfið felst í almennu lagerhaldi þ.a.s. tiltekt og móttöku á vörum, útkeyrslu og öllum tilfallandi verkefnum

Allar nánari upplýsingar í síma 5351300 Sigurður  
Einnig er tekið á móti umsóknum á [sht@verslun.is](mailto:sht@verslun.is)  
Um framtíðarstarf er að ræða

[www.verslun.is](http://www.verslun.is)

s:5351300 • [verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is) • Dragháls 4 • 110 Rvk



Reykjavíkurborg  
Menntasvið

## Ingunnarskóli

### Okkur vantar kennara til starfa í 1. bekk

Áhugasamir hafi samband við:  
Guðlaugu Sturlaugsdóttur skólastjóra  
[gustur@ingunnarskoli.is](mailto:gustur@ingunnarskoli.is) eða Þuríði  
Sigurjónsdóttur aðstoðarskólastjóra  
[thuridur@ingunnarskoli.is](mailto:thuridur@ingunnarskoli.is)  
eða í síma 411-7828.



### Tökum vel á móti góðu fólki.

Ingunnarskóli er framsækinn skóli með áherslu á sveigjanlega starfshætti, einstaklingsmiðað nám, samkenntu árganga og teymisvinnu kennara. List- og verkgreinar skipa stóran sess og eru meðal annars samþættar samfélags- og raungreinum í gegnum þemavinnu. Markvisst er unnið að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda. Skólinn er móðurskóli í einstaklingsmiðuðu námsmati en auk þess er unnið að mörgum þróunarverkefnum. Skólahúsið er hannað með hliðsjón af hugmyndafræði skólans og styður því vel við starfið sem þar fer fram. Í skólanum er mjög góður starfsandi og vel búið að kennurum.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Vodafone leitar að rauðu, traustu og kraftmiklu starfsfólki!



### Tækni og þjónusta er okkar fag.

#### Þjónustuveita

##### Starfssvið

Starfið felur í sér uppsetningu og rekstur á „IPTV“ og „Mobile Messaging“ kerfum og prófanir á virkni og gæðum.

##### Hæfniskröfur

Tæknimenntun  
Unix, Linux og Windows stýrikerfi  
Þekking á IP samskiptastaðlinum  
Fagleg vinnubrögð og metnaður  
Hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi  
Samskiptahæfni og sveigjanleiki

##### Hæfniskröfur, kostur en ekki skilyrði

Háskólamenntun  
IPTV  
SMS og MMS  
Þekking á símkerfum

#### Tæknipjónusta

##### Starfssvið

Starfið felur m.a. í sér vettvangsþjónustu á netbúnaði og tengingum, bilanagreiningu og viðgerðir. Viðkomandi aðili mun vinna í hópi reyndra tæknimanna og vera í miklum samskiptum við viðskiptavinum Vodafone.

##### Hæfniskröfur

Nám í rafeindavirkjun eða annað sambærilegt  
Reynsla af ADSL og SHDSL endabúnaði  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð  
Samskiptahæfni og sveigjanleiki

Umsóknir óskast útfylltar á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 18. júní nk.  
Nánari upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir hjá Hagvangi,  
[kristin@hagvangur.is](mailto:kristin@hagvangur.is), sími 520 4700.

**Við sem störfum undir nýju merki Vodafone ætlum okkur að gera viðskiptavinum kleift að nýta tímann til hins ýtrasta, því hvert augnablik er dýrmætt.**

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**

HAGVANGUR



## Taktu þátt í hönnun framtíðar

VGK-Hönnun er ahlíða verkfræðistofa og þekkingarfyrirtæki með yfir 250 starfsmenn á 8 starfsstöðvum. Fyrirtækið var stofnað 1963 og er stærsta verkfræðistofa landsins.

## Við leitum að verk- og tæknifræðingum til starfa á Selfossi og Austfjörðum

#### Verksvið:

Gatnagerð, hönnun og eftirlit, almenn húsaönnun (burðarvirki, lagdir) og framkvæmdaefirlit.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólapróf á sviði verk- eða tæknifræði  
Góðir samskiptahæfileikar  
Frumkvæði og sjálfstæði

#### Upplýsingar:

Nánari upplýsingar veitir Drífa Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, í síma 422-3338.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu VGK-Hönnunar, [www.vgkhonnun.is](http://www.vgkhonnun.is).



VGK Hönnun Reykjavík  
Grensásvegji 1  
105 Reykjavík  
Sími: 422 3000

VGK Hönnun Reykjavík  
Laugavegi 178  
108 Reykjavík  
Sími: 422 3000

VGK Hönnun Akranesi  
Garðabraut 2A  
300 Akranesi  
Sími: 430 4050

VGK Hönnun Akureyri  
Strandgötu 29  
600 Akureyri  
Sími: 464 7500

VGK Hönnun Egilsstöðum  
Miðvangi 2-4  
700 Egilsstöðum  
Sími: 470 4050

VGK Hönnun Reyðarfirði  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfirði  
Sími: 470 4000

VGK Hönnun  
Kirkjubæjarklaustri  
Klausturvegji 15  
880 Kirkjubæjarklaustri  
Sími: 487 4840

VGK Hönnun Hvalsveili  
Öldubakki 1  
860 Hvalsveili  
Sími: 487 8060

VGK Hönnun Selfossi  
Eyrarvegji 29  
800 Selfossi  
Sími: 480 4200

VGK HÖNNUN  
[www.vgkhonnun.is](http://www.vgkhonnun.is)



# Söluskáli Shell á Sauðárkróki

Skeljungur hf. leitar aðila með brennandi áhuga á rekstri og vilja til að veita góða þjónustu til að taka við rekstri söluskála Shell á Sauðárkróki. Reksturinn samanstendur af söluturni, grilli, myndbandaleigu og sölu eldsneytis.

Hér er um gott atvinnutækifæri að ræða fyrir einstakling eða samhent hjón til að byggja upp sjálfstæðan atvinnurekstur og vinna að frekari þróun verslunar og þjónustu í fallegu umhverfi við Skagafjörð.

Nánari upplýsingar veita Ingvi J. Ingvason, rekstrarstjóri Shell stöðva, og Rebekka Ingvarsdóttir, starfsmannastjóri Skeljungs hf. í síma 444 3000. Umsóknarfrestur er til 15. júní n.k. Umsóknir sendist til Skeljungs hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík eða ri@skeljungur.is. Umsóknareyðublöð eru að finna á [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is).

Shell umboð



Vörumerki Shell eru notað af Skeljungu með leyfi Shell Brands International AG.

## Gjaldkeri óskast í 50% starf

hjá Rekstrarfélagi Kringlunnar

### Starfssvið

- Móttaka og greiðsla reikninga
- Gerð reikninga og innheimta
- Samskipti við viðskiptabanka
- Innkaup á skrifstofuvörum
- Ýmis tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða menntun í bókhaldi skilyrði
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá kl. 13-17 en sveigjanleiki mögulegur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax eða mjög fljótlega.

Umsóknir sendist á [atvinna@kringlan.is](mailto:atvinna@kringlan.is) fyrir 18. júní n.k.

Kringlan

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



# HJALLASTEFNAN

er öflugt menntafyrirtæki þar sem jafnrétti kynjanna, sköpun og ímyndunarafli, félagsfærni og einstaklingsstyrkur er í fyrirrúmi. Við vöxum og döfnum, því bjóðum við nýtt fólk velkomni í hópinn

### Við leitum eftir...

- Leik- og grunnskólakennurum svo og öðrum kennurum
- Starfsfólki til sérkennslu
- Matreiðslufólki og öðru starfsfólki í eldhússtörf
- Aðstoðarfólki í starf með börnum
- Starfsfólki til síðdegisstarfa
- Starfsfólki til dagræstinga og léttra húsverka
- Fjölbreytilegir vinnutímar eru í boði

### 8 - 15 fyrir leikskólakennara...

Hjallastefnan hefur endurskilgreint vinnufyrirkomulag leikskólakennara og annarra í leikskólakennarastöðum. Í fullu starfi fyrir þá sem það kjósa, mun nú felast dagleg kennsluskylða milli 8 og 15 auk einnar klukkustundar á dag sem er til undirbúningsstarfinu. Fyrirkomulag undirbúningsvinnunnar er samkvæmt ákvörðun hvers kennara. Yfirvinna er greidd fyrir allt starf með börnum umfram kennsluskyldu.

### Við fögnum...

- Kennurum með fjölbreyttan náms- og reynslugrunn
- Fólk með háskólanám á sviði félags- og hugvísinda
- Listafólki á fjölbreyttum nótum
- Ungum sem öldnum og allt þar á milli
- Konum sem körlum
- Fólk úr fjölbreytilegum menningarheimum
- Einfaldlega öllum áhugasömum og jákvæðum samstarfsfélögum

### Hjallastefnubró...

Er ný námsleið sambærileg leikskólabró fyrir leikskólaárið og hefst nú í sumar. Námið er samhliða starfi og er 31 eining á einu skólaári og gefur betri kjör og réttindi innan Hjallastefnuskóla. Tilvalið fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum Hjallastefnunnar sem ekki hafa lokið kennaranámi en hafa reynslu af skólastarfi.



Leik- og grunnskólarnir okkar:

**Akursel, leikskóli** Tjarnarbraut 1, Reykjanesbæ  
Leikskólustjóri: Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir  
Sími: 8492375 • akursel@hjalli.is

**Ásar, leikskóli** Bergási 1, Garðabæ  
Leikskólustjóri: Ágústa María Arnardóttir  
Sími: 5640200 • asar@hjalli.is

**Hjalli, leikskóli** Hjallabraut 55, Hafnarfirði  
Leikskólustjóri: Guðrún Jónsdóttir  
Sími: 5653060 • hjalli@hjalli.is

**Hólmasól, leikskóli** við Helgamagrastræti, Akureyri  
Leikskólustjóri: Alfa Björk Kristinsdóttir  
Sími: 4615363 • holmasol@hjalli.is

**Hraunborg, leikskóli** á Bifröst, Borgarnesi  
Leikskólustjóri: Anna María Sverrisdóttir  
Sími: 4350077 • hraunborg@hjalli.is

**Laufásborg, leikskóli** Laufásvegi 53-55, Reykjavík  
Leikskólustjóri: Jensína Hermannsdóttir og Matthildur Hermannsdóttir  
Sími: 5510045 • laufasborg@hjalli.is

**Ránargrund, smábarnaskóli** Ránargrund 3, Garðabæ  
Leikskólustjóri: Hulda Hauksdóttir  
Sími: 5640212 • ranargrund@hjalli.is

**Barnaskóli Hjallastefnunnar f. 5 ára** Víflstaðavegi 123, Garðabæ  
Leikskólustjóri: Dóra Margrét Bjarnadóttir  
Sími: 5557810 • bsk7810@hjalli.is

**Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ**, Víflstaðavegi 123  
Skólustjóri: Þorgerður Anna Arnardóttir  
Sími: 5557710 • barnaskolin@hjalli.is

**Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði**, Hjallabraut 55  
Skólustjóri: Sara Dögg Jónsdóttir  
Sími: 5557610 • bsk7610@hjalli.is

[www.hjalli.is](http://www.hjalli.is)



Allar nánari upplýsingar veita skólustjórar viðkomandi skóla eða Hulda Hauksdóttir í síma 8240272



# 您想在全 球环 境下工 作吗

...eða með öðrum orðum hefur þú áhuga á að starfa á alþjóðlegum vettvangi?



Actavis Group, móðurfélag Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að vera í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Fjármálasvið Actavis Group leitar að árangursdrifnum einstaklingum til starfa í höfuðstöðvum félagsins. Til að skara fram úr þurfum við öflugt fólk sem sífellt finnur nýjar leiðir að metnaðarfullum markmiðum.

## Group Consolidation Manager

Starfið heyrir undir „VP of Accounting & Consolidation“ hjá Actavis Group. Starfið felur í sér gerð samstæðureikningskila, uppgjör alþjóðafyrirtækis og greiningu stjórnendaupplýsinga. Einnig er um að ræða ýmsar greiningar fjárhagsupplýsinga og þátttöku í innleiðingu á nýju uppgjörskerfi. Starfið felur í sér mikil samskipti við dótturfélög Actavis víðsvegar um heiminn.

Við leitum að endurskoðanda eða einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta og mikla reynsla af uppgjörsvinnu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af störfum á endurskoðunar-skrifstofu og þekking á alþjóðlegum reikningskilastöðlum er kostur.

## Finance Controller PTC

Starfið heyrir undir „Finance Director PTC (Principal Trading Company)“ hjá Actavis Group PTC. Starfið felur í sér mánaðarleg uppgjör, áætlanagerð sem og eftirfylgni með áætlunum. Einnig er um að ræða ýmis konar skýrslugerð og þátttöku í mánaðarlegum uppgjörfundum félagsins. Starfið felur í sér mikil samskipti við framkvæmdastjóra samstæðunnar og stjórnendur á Íslandi.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta, kostur ef um er að ræða menntun á endurskoðunarsviði. Gerð er krafa um reynslu af uppgjörsvinnu.

## Corporate Treasury Manager

Starfið heyrir undir „Director of Treasury“ hjá Actavis Group. Starfið felur í sér stjórnun og stefnumótun í fjárstýringu samstæðunnar. Tekur það jafnt til áhættustýringar, lausafjárstýringar og hámrökunar á rekstrarfé. Innra fjárlæði samstæðunnar er stýrt frá Íslandi í gegnum innri banka Actavis. Starfið felur í sér mikil samskipti við dótturfélög Actavis víðsvegar um heiminn.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta og reynslu af gjaldreysisviðskiptum og almennri fjárstýringu. Framhaldsmenntun á sviði viðskipta er kostur.

## Finance Specialist PTC

Starfið heyrir undir „Finance Director PTC (Principal Trading Company)“ hjá Actavis Group PTC. Viðkomandi mun aðstoða við verkefni „Finance Controller PTC“ sem og önnur verkefni deildarinnar. Um er að ræða tímabundið starf í eitt ár.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af uppgjörsvinnu og reynsla af greiningum á áætlanagerð er kostur.

## Corporate Treasury Specialist

Starfið heyrir undir „Director of Treasury“ hjá Actavis Group. Starfið felur í sér stýringu á markaðsáætlaðum samstæðunnar og alþjóðlegri lausafjárstýringu. Einnig er um að ræða ýmis verkefni á sviði áhættustýringar og trygginga samstæðunnar.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta, reynsla á sviði fjármála er kostur.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægjan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Umsjón með störfunum hafa **Hilmar G. Hjaltason** ([hilmar.hjaltason@capacent.is](mailto:hilmar.hjaltason@capacent.is)) og **Ragnheiður Dagsdóttir** ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með **17. júní nk**.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Actavis Group hf. Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com



## Ef þú hefur reynslu af að reka heimili, þá er þetta starf sem hentar þér!

Að sjá um Subway stað er eins og að sjá um heimili, stjórnun og hagkvæmni eru lykilatriði. Starfið felur í sér að þjálfa og stjórna ungu starfsfólki, skipuleggja vaktir, panta og hafa umsjón með birgðum, þrif, sjá um uppgjör og skýrslugerð ásamt því að afgreiða og þjónusta viðskiptavinum.

Subway leitar að verslunarstjóra í 100% starf.

Um er að ræða dagvinnu og býður starfið uppá sveigjanleika í vinnutíma.

Umsækjendur verða að vera skipulagðir, jákvæðir og lífsglaðir, eiga gott með að vinna með ungu fólki og búa yfir stjórnunarhæfileikum. Æskilegur aldur er 25-50 ára. Góð laun í boði.

Subway er lífandi og skemmtilegur vinnustaður með jákvæðu og lífsglöðu starfsfólki.

# SUBWAY

Nánari upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Umsóknnum er hægt að skila inn rafrænt á heimasíðu [subway.is](http://subway.is), með tölvupósti á [annagya@subway.is](mailto:annagya@subway.is) eða skriflega á Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 18. júní.



## Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa í skólaheilsugæslu

Um er að ræða 70% stöðu í Síðuskóla.

Starfið gerir miklar kröfur til sjálfstæðra vinnubragða, áhuga á þverfaglegu samstarfi og fjölskylduvinnu, þátttöku í fræðslu ásamt mikillær færni í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi amk. tveggja ára starfsreynslu. Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Guðjónsdóttir, hjúkrunarforstjóri, í síma: 460 4612 eða [mg@hak.ak.is](mailto:mg@hak.ak.is)

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Upplýsingar um kaup og kjör veitir starfsmannþjónusta Akureyrarbæjar í síma: 460-1060

Tekið verður tillit til jafnréttisákvæða Akureyrarbæjar við ráðningu í starfið.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf](http://www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf)

**Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2007.**





## Auglýsing frá Háteigsskóla

[www.hateigsskoli.is](http://www.hateigsskoli.is)

Laus staða veturinn 2007 til 2008

Staða náttúrufræðikennara  
100% staða frá 1. ágúst 2007

Umsóknir og fyrirspurnir berist Ásgeiri Beinteinsyni skólalastjóra eða Þórði Óskarssyni aðstoðarskólalastjóra í síma 5304300 eða á netfangið [hateigsskoli@hateigsskoli.is](mailto:hateigsskoli@hateigsskoli.is).

Háteigsskóli leggur áherslu á að þróa nám með sérstakri áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og samstarf kennara og nemenda í árgöngum. Skólinn leggur metnað í að nemendum og starfsfólki líði vel sem er grundvöllur árangurs. Sérkenni skólans eru skapandi nám með leiklist, sérhæfing í kennslu íslensku sem öðru tungumáli, góð upplýsingagjöf til foreldra, mat á líðan nemenda, starfsfólks og viðhorfi foreldra.



## KÓPAVOGSBÆR

### Grunnskólar Kópavogs starf skólalastjóra

Staða skólalastjóra við Smáraskóla laus til umsóknar.

#### Grunnskólar Kópavogs

Grunnskólar í Kópavogi starfa samkvæmt samþykktri skólalastefnu. Þar segir m.a.: „Skólalastjóri í Kópavogi leggja ríka áherslu á að grunnskólar bæjarins séu í fararbroddi og þróast í takt við það samfélag sem þeir þjóna. Grunnskólinn á að sýna stöðuga viðleitni til að skapa öllum íbúum bæjarfélagsins jöfn tækifæri til menntunar og þroska.“ ([www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - fræðsluvið).

#### Smáraskóli – helstu áherslur

Smáraskóli er heildstæður grunnskóli með um 490 nemendum. Í starfi Smáraskóla hefur áhersla verið lögð á fjölbreytta og nútímalega kennsluhætti og einnig hefur verið lögð áhersla á útivist og skipulögð hálendisferðalög nemenda í efstu bekkjum skólans. Sérstök áhersla hefur einnig verið lögð á markvisst tónlistaruppeldi.

#### Umsækjendur

Við val í starfið verður stuðst við eftirtalin menntunar- og hæfnisskilyrði:

- Kennaramenntun og kennslureynsla.
- Reynsla af skólalastjórn.
- Framhaldsnám í stjórnun eða öðrum greinum sem nýtast í skólalastjórnun.
- Reynsla af foreldrasamstarfi.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða þekkingu á fjölbreytilegum kennsluháttum, áhuga á og hæfni til að skipuleggja krefjandi og skapandi skólalastarfi í samvinnu við kennara, foreldra og skólalastjóra. Framtakssemi, samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar eru því nauðsynlegir.

#### Skólasamningur

Grunnskólar Kópavogs starfa samkvæmt skólasamningi sem kveður á um ákveðið fjárhagslegt svigrúm fyrir skólana. Markmiðið með því er að skapa skólunum aukna möguleika á fjárhagslegri hagræðingu til hagsbóta fyrir skólalastarfið.

#### Ráðning

Skólalastjóri verður ráðinn frá og með 1. ágúst 2007. Ráðningarkjör eru samkvæmt kjarasamningi LN og KI fyrir grunnskóla. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknir skulu berast Fræðsluskrifstofu Kópavogs, Fannborg 2, 200 Kópavogur, í síðasta lagi 11. júní 2007.

Nánari upplýsingar veita Árne Þ. Hilmarsson, fræðslustjóri í síma 570 1600 og Þorsteinn Einarsson, starfsmannastjóri í síma 570 1500.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Kársnesskóla

Laus störf næsta skólaár:

- Gangavörður/ræstir
- Íþróttakennari
- Enska og umsjón á unglíngastigi

Laun samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

Upplýsingar gefur skólalastjóri í síma 570 4100 og 898 4107

netfang [gudrunpe@kask.kopavogur.is](mailto:gudrunpe@kask.kopavogur.is)

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)

## Húnavatnshreppur

Auglýsir eftirfarandi störf:

Starf matráðs við Húnavallaskóla.

Starfið fellst í rekstri skólalastjóra fyrir um hundr- að kostgangara, matseld, verkstjórn og innkaupum hræfnis.

Óskað er eftir einstaklingi með menntun á þessu sviði og reynslu af störfum í mótuneyti. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og starfsgreinasambands Íslands. Einnig er auglýst starf skólalastjóra við Húnavallaskóla, til eins árs. Starfið fellst í gæslu barna, þrífum á skólalastjórnum og fl.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og starfsgreinasambands Íslands.

Upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofu Húnavatnshrepps að Húnavöllum. Sími 452 4660/4661. Netfang [jens@emax.is](mailto:jens@emax.is). Umsóknafrestur er til 27 júní 2007. Viðkomandi aðilar þurfa að geta hafði störf um 20. ágúst 2007.

Sveitarstjóri Húnavatnshrepps.



## VÉLFRÆÐINGAR /VÉLSTJÓRAR/VÉLVIRKJAR

OPTIMAR Iceland óskar eftir að ráða 2 vélfræðinga/vélstjóra/vélvirkja til starfa í þjónustu- og framleiðsludeild.

Um er að ræða störf sem tengjast viðhaldi og viðgerðum á kæli- og frystikerfum og búnaði þeirra, í frystiskípum og frystihúsum um land allt. Einnig uppsetningu á búnaði í nýjum kerfum, sem og framleiðslu á OPTIM-ICE ísþykknisvélum og tilheyrandi búnaði.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu frá sambærilegum störfum tengdum viðhaldi og þjónustu á kæli- og frystikerfum. Einnig fulla færni í rafsuðu, logsuðu og TIG-suðu lagna m.m..

Við sækjumst eftir áhugasömum starfsmönnum sem hafa til að bera frumkvæði og jákvæðni í samstarfi. Í boði eru krefjandi og vel launuð störf hjá traustu og öflugum fyrirtæki, þar sem metnaður og fagmennska eru einkunnarorð, samheldni og jákvæður starfsandi skilyrði.

Um er að ræða reyklausan vinnustað.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað skriflega.

Umsóknareyðublöð fást afhent (eða tilsend) á skrifstofu okkar frá og með mánudegi 11. júní. Umsóknir skulu hafa borist okkur eigi síðar en 22. júní.

Allar nánari upplýsingar fást hjá Guðmundi eða Trausta.

#### UM FYRIRTÆKIÐ:

OPTIMAR Iceland (áður Kværner Fisktækni) hefur um margra ára skeið selt og þjónustað kæli- og frystikerfi í frystiskípum og frystihúsum á Íslandi. Fyrirtækið er jafnframt framleiðandi á OPTIM-ICE ísþykknisvélum og tilheyrandi búnaði, sem er seldur til fjölmargra landa. Fyrirtækið var til margra ára hluti af OPTIMAR Group í Noregi, en er í dag í eigu nokkurra starfsmanna.

## ÚTBOD



F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Milu ehf.:

Ýmis smærri verkefni 2007,

jarðvinna, lagnir og yfirborðsfrágangur.

Útbodsgögn verða seld á kr. 3.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 12. júní 2007.

Opnun tilboða: 26. júní 2007, kl. 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur. 10997

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa  
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

## Smiðir – Húsgagnasmiðir.

Um er að ræða framtíðarstarf hjá rótgrónu fyrirtæki.

Stafið felur í sér annarsvegar vinnu í verksmiðju við framleiðslu á gluggum, hurðum og garðhúsum og hins vegar við uppsetningu á eigin framleiðslu.

Einungis aðilar með sveins- eða meistaraþróf koma til greina.

Nánari upplýsingar veitir  
Valgeir Hallvarðsson  
í síma: 554 4300.



## Matselja óskast í Söluskála KHB á Egilstöðum.

Vinnutími frá 8-16, virka daga.

#### Starfið felst í:

- að matreiða staðgóðan heimilismat í hádeginu, alla virka daga.
- að hafa umsjón með smurbræði og kökum.
- að taka þátt í innkaupum á matvörum fyrir staðinn.

Áhugasamir leitið ykkur upplýsinga um laun og aðstæður og hafið samband við Guðrúnu í síma 470-1230 eða 861-7756.



## ZARA Verslunarstjóri

Zara rekur yfir 1000 tískuverslanir í alls 80 löndum og leggur línurnar varðandi nýjustu tísku fyrir milljónir manna.

Við treystum á fagfólk í okkar röðum til að ná settu marki. Fagfólk sem hefur áhuga á að vinna í alþjóðlegu umhverfi og auka kunnáttu sína og færni.

## STJÓRNENDUR

ZARA leitir að ábyrgum einstaklingum, sem hafa mikinn áhuga á tísku, til að sinna starfi verslunarstjóra barnadeildar í smáralind

Starfið felur í sér að stýra daglegum rekstri verslunarinnar

hvetja og stjórna stórum hópi starfsfólks, bera ábyrgð á innkaupum, birgðum og sölu verslunarinnar.

#### HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla í stjórnun og sölumennsku
- Leiðtogaþæfileikar og eldmóður
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla í innkaupum æskileg.
- Góð enskukunnátta skilyrði

Umsóknarfrestur er til 15. júní. n.k. Umsóknir sendist á netfangið: [Trausti@zara.is](mailto:Trausti@zara.is) Nánari upplýsingar veitir Trausti Reynisson Rekstrarstjóri í síma 6938000

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.





# HJALLASTEFNAN

er öflugt menntafyrirtæki þar sem jafnrétti kynjanna, sköpun og ímyndunarafl, félagsfærni og einstaklingsstyrkur er í fyrirrúmi. Við vöxum og döfnum, því bjóðum við nýtt fólk velkomið í hópinn

## Við leitum eftir...

- Leik- og grunnskólakennurum svo og öðrum kennurum
- Starfsfólki til sérkennslu
- Matreiðslufólki og öðru starfsfólki í eldhústörf
- Aðstoðarfólki í starf með börnum
- Starfsfólki til síðdegisstarfa
- Starfsfólki til dagræstinga og létttra húsverka
- Fjölbreytilegir vinnutímar eru í boði

## 8 - 15 fyrir leikskólakennara...

Hjallastefnan hefur endurskilgreint vinnufyrirkomulag leikskólakennara og annarra í leikskólakennarastöðum. Í fullu starfi fyrir þá sem það kjósa, mun nú felast dagleg kennsluskylda milli 8 og 15 auk einnar klukkustundar á dag sem er til undirbúningsstarfinu. Fyrirkomulag undirbúningsvinnunnar er samkvæmt ákvörðun hvers kennara. Yfirvinna er greidd fyrir allt starf með börnum umfram kennsluskyldu.

## Við fögnum...

- Kennurum með fjölbreyttan náms- og reynslugrunn
- Fólki með háskólanám á sviði félags- og hugvísinda
- Listafólki á fjölbreyttum nótum
- Ungum sem öldnum og allt þar á milli
- Konum sem körlum
- Fólki úr fjölbreytilegum menningarheimum
- Einfaldlega öllum áhugasömum og jákvæðum samstarfsfélögum

## Hjallastefnubró...

Er ný námsleið sambærileg leikskólalábrú fyrir leikskólaliða og hefst nú í sumar. Námið er samhlíða starfi og er 31 eining á einu skólaári og gefur betri kjör og réttindi innan Hjallastefnuskóla. Tilvalið fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum Hjallastefnunnar sem ekki hafa lokið kennaranámi en hafa reynslu af skólustarfi.



## Leik- og grunnskólarnir okkar:

www.hjalli.is



**Akursel, leikskóli** Tjarnarbraut 1, Reykjanesbæ  
Leikskólastjóri: Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir  
Sími: 8492375 • akursel@hjalli.is

**Ásar, leikskóli** Bergási 1, Garðabæ  
Leikskólastjóri: Ágústa María Arnardóttir  
Sími: 5640200 • asar@hjalli.is

**Hjalli, leikskóli** Hjallabraut 55, Hafnarfirði  
Leikskólastjóri: Guðrún Jónsdóttir  
Sími: 5653060 • hjalli@hjalli.is

**Hólmasól, leikskóli** við Helgamastraeti, Akureyri  
Leikskólastjóri: Alfa Björk Kristinsdóttir  
Sími: 4615363 • holmasol@hjalli.is

**Hraunborg, leikskóli** á Bifröst, Borgarnesi  
Leikskólastjóri: Anna María Sverrisdóttir  
Sími: 4350077 • hraunborg@hjalli.is

**Laufásborg, leikskóli** Laufásvegi 53-55, Reykjavík  
Leikskólastjórar: Jensína Hermannsdóttir og Matthildur Hermannsdóttir  
Sími: 5510045 • laufasborg@hjalli.is

**Ránargrund, smábarnaskóli** Ránargrund 3, Garðabæ  
Leikskólastjóri: Hulda Hauksdóttir  
Sími: 5640212 • ranargrund@hjalli.is

**Barnaskóli Hjallastefnunnar f. 5 ára** Vífilstaðavegi 123, Garðabæ  
Leikskólastjóri: Dóra Margrét Bjarnadóttir  
Sími: 5557810 • bsk7810@hjalli.is

**Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ**, Vífilstaðavegi 123  
Skólastjóri: Þorgerður Anna Arnardóttir  
Sími: 5557710 • barnaskolin@hjalli.is

**Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði**, Hjallabraut 55  
Skólastjóri: Sara Dögg Jónsdóttir  
Sími: 5557610 • bsk7610@hjalli.is

Allar nánari upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla eða Hulda Hauksdóttir í síma 8240272

Strengthen  
your business



## Við leitum að þér!

Vegna vaxandi umsvifa og fjölbreyttra framtíðarverkefna

TM Software er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með skrifstofur í 4 löndum og um 270 starfsmenn. TM Software er í fremstu röð við þróun hugbúnaðar, ráðgjöf og rekstur upplýsingakerfa og býður fjölbreyttar lausnir í nánú samstarfi við helstu upplýsingatæknifyrirtæki heims.

TM Software hefur undanfarin sex ár hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsækustu fyrirtækjum Evrópu.

### Tæknimenn/sérfræðingar í útstöðvarekstri

Starfið felst í fjölbreyttum verkefnum við daglegt eftirlit og umsjón með tölvukerfum margra framsækustu fyrirtækja landsins. Unnið er með nýjustu tækni á hverjum tíma. Þetta er draumastarf þeirra sem hafa gaman af tækni, fjölbreyttum mannlegum samskiptum og lífandi starfsumhverfi. Lögð er áhersla á að einstaklingar geti vaxið og dafnað í starfi.

#### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Góð þekking á Windows-stýrikerfum er skilyrði
- Mikill áhugi á tæknimálum og tölvugrúski ásamt lipurð í samskiptum
- Æskileg menntun er t.d. tölvudeild lónskólans, rafeindavirkjun eða önnur menntun á tæknisviði
- Starfsreynsla er æskileg en efnilegir einstaklingar með t.d. MCSA, MCSE eða MCP gráður koma einnig til greina

### Sérfræðingar í þjónustumiðstöð

Starfið felst í úrvinnslu tæknilegra fyrirspurna og verkbeiðna, lausn þeirra og skráningu. Spennandi starf fyrir þá sem hafa gaman af tækni, fjölbreyttum mannlegum samskiptum og lífandi starfsumhverfi. Lögð er áhersla á góða vinnuáðstöðu og að einstaklingar geti vaxið og dafnað í starfi.

#### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Góð alhlíða þekking á upplýsingatækni þekking á Windows-stýrikerfum er nauðsynleg
- Mikill áhugi á tæknimálum og tölvugrúski ásamt lipurð í samskiptum
- Menntun á tæknisviði er æskileg Starfsreynsla er æskileg en efnilegir einstaklingar með góðan tölvubakgrunn koma einnig til greina. Microsoft-gráður eru kostur

### Kerfisstjórar

Starfið felst í þróun, uppbyggingu og daglegum rekstri tækniumhverfis TM Software og viðskiptavina þess. Spennandi og krefjandi verkefni í boði þar sem unnið er með nýjustu tækni á hverjum tíma. Lögð er áhersla á góða vinnuáðstöðu og faglegt umhverfi.

#### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verk eða tæknifræði er æskileg
- Önnur tæknimenntun auk starfsreynslu kemur vel til álit
- Þekking á Active Directory, Windows Server 2000 og 2003 er nauðsynleg. MCSA eða MCSE gráður eru kostur

### Ráðgjafar

Starfið felst í ráðgjöf til viðskiptavina, m.a. vegna hönnunar og uppsetningar á nýjum kerfum. Þátttaka í vörubrúun og samskipti við birgja og aðra samstarfsaðila. Spennandi og krefjandi verkefni eru í boði.

#### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verk- eða tæknifræði er æskileg. Önnur tæknimenntun auk starfsreynslu kemur vel til álit
- Leitum að öflugum einstaklingum með reynslu af sambærilegum störfum eða viðtæka reynslu af rekstri tölvukerfa
- Samstarfshæfni ásamt sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum

### Við bjóðum og leggjum áherslu á:

- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Góða starfsaðstöðu
- Sveigjanlegan og fjölskylduvæðan vinnutíma
- Virka endurmenntun í starfi
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Gott mótuneyti
- Laun og önnur starfskjör eftir samkomulagi

Gætt verður fyllsta trúnaðar um allar umsóknir og fyrirspurnir.

Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon, starfsmannastjóri. Umsóknir með ferilskrá sendist til starfsmannastjóra [torfi@t.is](mailto:torfi@t.is), fyrir 21. júní nk.





Reykjavíkurborg  
Umhverfissvið



## Heilbrigðisfulltrúi - Mengunarvarnir

**Umhverfissvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf heilbrigðisfulltrúa hjá Mengunarvörnum, Heilbrigðiseftirliti og vöktun. Næsti yfirmaður er deildarstjóri Mengunarvarna.**

Leiðarljós Mengunarvarna Reykjavíkur er að koma í veg fyrir umhverfismengun, hvort heldur er af völdum fyrirtækja eða einstaklinga og stuðla að því með öflugri umhverfsvöktun að borgarbúum séu ávallt búin heilnæm lífsskilyrði á landi, lofti sem legi.

Starfið felst m.a. í þjónustu við íbúa og fyrirtæki borgarinnar og ábyrgð á:

- Reglubundnu eftirliti með starfsemi í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- Skráningum og skýrslugerð, sinna kvörtunum og annast fræðslu.
- Sinna öðrum verkefnum samkvæmt gildandi starfslýsingu fyrir heilbrigðisfulltrúa og samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Samstarf og samvinna við aðrar deildir Heilbrigðiseftirlits og vöktunar.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, eða sambærilega menntun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg sem og geta til að leiða og taka þátt í uppbyggilegu hópstarfi.
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagningu í starfi
- Réttindi til að mega starfa sem heilbrigðisfulltrúi æskileg.

Launakjör fara að kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi og Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar veita Lúðvík E. Gústafsson, deildarstjóri Mengunarvarna og Árný Sigurðardóttir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, frá kl. 9-16 í síma 411 8500. Umsóknir skulu berast til Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eigi síðar en 25. júní nk. merktar "Heilbrigðisfulltrúi - Mengunarvarnir". Við ráðningar í störf vilja borgaryfirvöld stuðla að því að þau flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf og hvetja því það kynið sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að sækja um. Konur er því hvattar til þess að sækja um starfið.

Reykjavík 10. júní 2007.

Umhverfissvið ReykjavíkurborgarUmhverfissvið Reykjavíkurborgar er eitt af sjö fagsviðum Reykjavíkurborgar og samanstendur af skrifstofum Neyslu og úrgangs og Náttúru og útivist, auk Staðardagskrá 21 og Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, sem fyrir utan Hundaftirlit skiptist í þrjár deildir: Hollustuhætti, Mengunarvarnir og Matvælaeftirlit. Helstu verkefni Umhverfissviðs eru: heilbrigðis og mengunarvarnaeftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sorphirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og stefnumótunar og þróunarverkefni á sviði umhverfis og samgöngumála.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðing má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is). Hjá síma 411 1111 fást allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar er eitt af sjö fagsviðum Reykjavíkurborgar. Helstu verkefni Umhverfissviðs eru: heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sorphirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og stefnumótunar og þróunarverkefni á sviði umhverfis- og samgöngumála. Sjá nánar [www.umhverfissvid.is](http://www.umhverfissvid.is)

# Deloitte.

## Sérfræðingar á sviði fjármálaráðgjafar

Vegna aukinna umsvifa óskar Fjármálaráðgjöf Deloitte (Financial Advisory Services) eftir sérfræðingum á sviði sérhæfðar fjármálaráðgjafar.

Störfin felast í sérhæfðri fjármálaráðgjöf (Corporate Advisory) til íslenskra og alþjóðlegra fyrirtækja, með áherslu á aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja, áreiðanleikakannanir, verðmat og aðra ráðgjöf á sviði fjármála. Verkefni fjármálaráðgjafar Deloitte eru unnin bæði hér á landi og erlendis, oft í nánu samstarfi við erlenda starfsmenn Deloitte.

### Við erum að leita að:

- Fólki sem hefur lokið meistaranámi í fjármálum og hefur reynslu á því sviði
- Fólki sem hefur lokið námi í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði og hefur lagt áherslu á fjármál
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæðum vinnubrögðum, frumkvæði og metnaði
- Virkum þátttakendum í hópstarfi
- Mikilli þekkingu og hæfni í Excel og öðrum Office kerfum

### Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Starfsferilsskrá sem inniheldur upplýsingar um fyrri störf og menntun sendist á netfangið [aslaug.gudmundardottir@deloitte.is](mailto:aslaug.gudmundardottir@deloitte.is) fyrir 28. júní nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Áslaug B. Guðmundardóttir í síma 580 3000.



[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

Deloitte er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki og leiðandi á sínu sviði. Hjá Deloitte starfa nú um 200 manns víðsvegar um landið, en á alþjóðavísu eru starfsmenn Deloitte um 150.000. Fyrirtækið leggur metnað í að bjóða starfsmönnum sínum upp á gott starfsumhverfi, sveigjanlegan vinnutíma og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.

ERTU FLINKUR

# VEFARI?

Kannstu að búa til flotta vefi í Dreamweaver og Flash?  
Snöggur að vinna í Photoshop og Illustrator?  
Dugleg(ur) og stundvís?

Þá ætlir þú að tala við okkur hjá ONNO ehf.

Okkur vantar einn slíkan sem allra fyrst í fullt starf.

Um spennandi starf er að ræða hjá traustu og skemmtilegu fyrirtæki.

Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja þekkingu á forritun í Actionscript, PHP eða öðru sambærilegu.



ONNO ehf. | Skipholt 50A | Sími: 551-7799 | [onno@onno.is](mailto:onno@onno.is)



### Staða sérfræðings í Barnahúsi

Barnaverndarstofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings við Barnahús. Meginverksvið sérfræðingsins er á sviði rannsóknarviðtala við börn sem grunur leikur á að hafi þolað kynferðisafbrot, meðferðar barna og ráðgjafar við barnaverndarnefndir vegna meintra kynferðisbrota. Leitað er eftir félagsráðgjafa, sálfræðingi eða sérfræðingi í uppeldisfræðum. Reynsla á sviði meðferðar barna og barnaverndarstarfi æskileg en reiknað er með að viðkomandi fái hjálfun í rannsóknarviðtölum.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Frekari upplýsingar um starfið veitir forstjóri Barnaverndarstofu í síma 530 2600 eða með tölvupósti [bragi@bvs.is](mailto:bragi@bvs.is). Upplýsingar um Barnaverndarstofu má finna á vefsíðunni <http://bvs.is/>

**Umsóknarfrestur er til og með 25. júní n.k.** Með auglýsingu þessari er framlengdur áður auglýstur umsóknarfrestur um starf sérfræðings í Barnahúsi sem birtist á starfatorgi.is 22. apríl -7. maí s.l.

Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21 - Höfðaborg - 105 Rvík. Umsóknir geta gilt í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.





Byggir til framtíðar

HBH framkvæmdir ehf óska eftir:

## Trésmiðum

### Starfssvið

- Almenn trésmiðastörf, jafnt úti sem inni
- Mótauppláttur
- Vinna á trésmiðaverkstæði
- Fjölbreytt verkefni á höfuðborgarsvæðinu og erlendis
- Spennandi starf fyrir rétta aðila

### Hæfniskröfur

- Menntun í trésmiði er æskileg
- Vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná langt í starfi

HBH Framkvæmdir ehf. er öflugt 70 manna fyrirtæki í örum vexti. Við sjáum jafnt um hverskonar framkvæmdir á sviði hönnunar, skipulagsvinnu, endurbýggingar og nýbyggingar.

Fyrirtækið sinnir framkvæmdum jafnt hér á landi og erlendis og leitar nú að vönum trésmiðum til að sinna fjölbreyttum verkefnum m.a. á fullkomnu trésmiðaverkstæði okkar

Umsóknir óskast fyrir 15. jún nk.

Upplýsingar eru veittar á  
skrifstofu HBH í síma:  
553 3322 eða í gegnum  
nefangið [karlomar@hbh.is](mailto:karlomar@hbh.is)

**HBH framkvæmdir ehf**  
Sími: 553 3322  
Skógarhlíð 10  
105 Reykjavík



## Vefstjóri Húsasmiðjunnar



❖ **Húsasmiðjan óskar eftir að ráða vefstjóra. Leitað er eftir einstaklingi með mikinn áhuga á vefmálum.**

Vefstjóri Húsasmiðjunnar er ábyrgur fyrir öllum vefsíðum fyrirtækisins en þær eru fjórar talsins í dag. Viðkomandi verður þátttakandi í þróun og stefnumótun vefsíðna Húsasmiðjunnar, ber ábyrgð á nýtingu þeirra sem markaðstæki í tengslum við markaðsstefnu félagsins, upplýsingamiðlunar til neytenda og margt fleira.

Vefstjóri starfar í markaðsdeild Húsasmiðjunnar.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun er kostur
- Reynsla af sölu- og/eða markaðsmálum
- Þekking á Internetinu og tölvum nauðsynleg
- Reynsla eða þekking af vefsíðugerð er kostur
- Hæfni í íslenskri tungu
- Almenn kurteisi og frumkvæði í vinnubrögðum

### Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluadili byggingarvара á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 21 á landsvísi. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

[www.husa.is](http://www.husa.is)

Umsóknir berist fyrir 25 júní n.k. til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, [guðrunk@husa.is](mailto:guðrunk@husa.is), á aðalskrifstofu Húsasmiðjunnar í Holtagörðum við Holtaveg, 104 Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað skriflega fyrir miðjan júlí.

**HÚSASMIÐJAN**

...ekkert mál

# Atvinna.is

Starfsráðningar • Ráðgjöf

Sími: 552-9300

Eru starfsmannamálin í klemmu?

## Láttu okkur aðstoða þig

Fyrirspurnir sendist á netfangið [atvinna@atvinna.is](mailto:atvinna@atvinna.is)

— þar sem leitinn hefst —

# Vilt þú vinna með þeim bestu?



Hefur þú áhuga á að starfa með öflugum fyrirtæki, ná árangri og læra af fjölbreyttum verkefnum hjá skapandi þjónustufyrirtæki?

Við óskum eftir að ráða trausta sölufulltrúa, af báðum kynjum.

Hafðu samband við Huldu og pantaðu starfsviðtal í síma

**522 2800**

eða

**borg@remax.is****RE/MAX**  
BORG

Tryggvagata 11 • 101 Reykjavík





## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Smáraskóla

#### Lausar stöður næsta skólaár

- 5. bekkur Umsjónarkennari
- Tónmentakennari (100%)

#### Vegna foreldraorlofa:

- Náttúrufræði/stærðfræði 8. - 10. bekkur (1. ágúst - 15. nóv.)
- Tölvukennsla/Tölvuumsjón (15. nóv. - út skólaárið)
- 7. bekkur Umsjónarkennari (frá 1. ágúst - 31. desember)

Upplýsingar gefur skólustjóri í síma 515 5900. Laun samkv. kjarasamni og Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### SALASKÓLI

#### Salaskóli leitar að:

- umsjónarkennurum á yngsta stig
- umsjónarkennara á miðstig
- kennara með þekkingu á táknmáli
- þroskajálfa til að vinna með einhverfum

#### Einnig vantar okkur:

- stuðningsfulltrúa með þekkingu á táknmáli
- stuðningsfulltrúa á yngsta stig
- stuðningsfulltrúa á unglingsstig
- starfsfólki í dægradvöl og gangavörslu og ræstingar

Við leitum að kennurum sem vilja taka þátt í fjölbreyttum, skemmtilegum og krefjandi verkefnum. Í skólanum eru aldursblandaðir náms hópar, leitast er við að horfa á þarfir og áhuga sérhvers nemanda og stuðla að einstaklingsmiðaðri kennslu.

List- og verkgreinar skipa stóran sess. Skólinn er umhverfisvænn og markviss áhersla er lögð á útvist og fjölbreytt íþróttastarf. Skólinn tekur þátt í Evrópusamstarfsverkefni sem nefnist Heilbrigður lífsstíll.

Laun samkv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar gefur skólustjóri í síma 570 4600 netfang [hrefnabk@salaskoli.is](mailto:hrefnabk@salaskoli.is)

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)

## LAUS STÖRF HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

### VERKEFNASTJÓRI Á SKRIFSTOFU MENNINGAR- OG FERÐAMÁLA

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra á Skrifstofu menningar- og ferðamála til að hafa umsjón með viðburðum, útgáfumálum og ýmsu öðru tengdu menningarmálum og ferðaþjónustu. Næsti yfirmaður er menningar- og ferðamálafulltrúi.

Hafnarfjarðarbær stendur að lista- og menningarhátíðinni Björtum dögum í júní og Jólþorpínu auk fjölda annarra smærri viðburða. Framundan eru hátíðahöld í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar.

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun viðburða.
- Þekking á ferða-, menningar- og markaðsmálum.
- Háskólapróf
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir menningar- og ferðamálafulltrúi í síma 585-5776. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á [menning@hafnarfjordur.is](mailto:menning@hafnarfjordur.is)

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Launanevndar sveitarfélaga eða viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir skulu berast fyrir 2. júlí í Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6 merktar: Verkefnastjóri á Skrifstofu menningar- og ferðamála.

### RITARI Á SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐI

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir ritara til afleysingar á skipulags- og byggingarsvið á tímabilinu 1. júlí 2007 til 1. september 2007 eða lengur. Um er að ræða fullt starf.

Helstu verkefni ritara, auk almennra ritarastarfa, eru m.a. skráning í verkefnabókhalda sviðsins, umsjón með gögnum, útreikningur gjalda, skráning fasteigna og bréfaskriftrir.

Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg, einnig lipurð í mannlegum samskiptum.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Launanevndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um starfið veita Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs og Lilja Ólafsdóttir fulltrúi á skipulags- og byggingarsviði.

### TÆKNITEIKNARI Á SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐI

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir tækniteiknara á skipulags- og byggingarsvið. Meðal helstu verkefna má nefna kortavinnslu og gerð mælilaða og lóðablaða.

Krafist er menntunar í tækniteiknunar og kunnáttu í tölvuvinnslu með AutoCad forritinu.

Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg, svo og almenn tölvukunnátta.

Um er að ræða fullt starf, tímabundið í byrjun, en með möguleika á föstu starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Launanevndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um starfið veita Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs, og Elsa Jónsdóttir tækniteiknari í síma 585 5500.

Umsóknnum skal skila til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en 25. júní n.k.

## Dómritari

### Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða dómritara í fullt starf frá 20. ágúst 2007.

Umsækjendur þurfa að hafa góða almenna menntun, stúdentspróf er æskilegt. Íslensku- og tölvukunnátta þarf að vera mjög góð, svo og færni í ritvinnslu. Leitað er að duglegum og samviskusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og á auðvelt með mannleg samskipti. Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur skulu sendar Héraðsdómi Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík, merktar skrifstofustjóra, eigi síðar en 25. júní nk. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða en umsóknir skulu vera skriflegar. Hægt er að skila umsóknum með tölvupósti á netfangið [oloff@tmd.is](mailto:oloff@tmd.is)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristbjörg Steingrimsdóttir í síma 560-4900. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Reykjavík, 8. júní 2007.

Helgi I. Jónsson  
dómstjóri

Dómhúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík  
Sími: 560-4900 - Fax: 562-2166



### Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna auglýsir eftir ráðgjafa.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna auglýsir laust til umsóknar starf ráðgjafa hjá stofunni. Meginverkefni Ráðgjafarstofu er að veita einstaklingum og fjölskyldum ráðgjöf vegna verulegra greiðsluferðleika og leita leiða til lausnar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan ágúst nk.

Starf ráðgjafa felst einkum í því að veita einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í greiðsluferðleikum aðstoð við að fá yfirsýn yfir fjármál sín, gera greiðsluáætlanir, velja úrræði og í sumum tilfellum að semja við lánardrottna. Fræðsla og kynningar á starfsemi Ráðgjafarstofu er einnig hluti af starfinu.

Leitað er eftir starfsmanni með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Viðkomandi þarf að búa yfir jákvæðu viðmóti, skipulögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleika.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður í síma: 551 4485

Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram skal skilað til skrifstofu Ráðgjafarstofu að Hverfisgötu 6, 101 Reykjavík, eigi síðar en 25. júní nk. Hægt er að skila umsóknum með tölvupósti á netfangið [asta@rad.is](mailto:asta@rad.is)

Vakin er athygli á því að starfið stendur opið jafn konum og körlum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



[www.mos.is](http://www.mos.is)

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

### Hefur þú gaman af því af lífinu ? Ertu jákvæð/ur ? Finnst þér gaman að leika þér ? Hefur þú gaman að börnum ?

Ef svo er þá eru lausar nýjar stöður við Lágafellsskóla í Mosfellsbæ frá og með 15. ágúst 2007.

- Óskað er eftir leikskólakennurum eða uppeldismenntuðum einstaklingum til starfa við leikskóladeild sem tekur til starfa á næsta skólaári.
**FÓTBOLTI** Barcelona missti af gullnu tækifæri til að taka forystuna í spænsku úrvalsdeildinni en næstsíðasta umferð deildarinnar fór fram í gær. Börsungar voru með 2-1 forystu gegn Espanyol þegar þeir fengu á sig jöfnunarmark á lokamínútu leiksins. Á sama tíma jafnaði Real Madrid metin gegn Real Zaragoza eftir að hafa lent 2-0 undir. Fyrir vikið er Real Madrid enn í kjörstöðu fyrir lokaumferð en bæði lið eru með 73 stig á toppi deildarinnar. Real Madrid er þó með betri árangur í innbyrðis viðureignum og það telur ef liðin verða jöfn að stigum eftir lokaumferðina.

Espanyol komst yfir gegn grönnum sínum í gærkvöldi en Lionel Messi jafnaði metin á ótrúlegan máta. Hann skoraði með höndinni,

rétt eins og Diego Maradona gerði á HM 1986.

Messi kom liðinu yfir með fínu marki á 57. mínútu. Eftir það virtist sigur heimamanna ekki vera í hættu en hinn magnaði Tamudo þaggaði niður í áhorfendum á 90. mínútu þegar hann jafnaði fyrir Espanyol.

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona en var skipt af velli á 78. mínútu.

Ekki var dramatíkin minni þegar Real Zaragoza tók á móti Real Madrid. Þar komust heimamenn í 2-0 í hálfleik með tveimur mörkum frá Diego Milito, því fyrra úr víti.

Markahrókurinn ótrúlegi Ruud van Nistelrooy skoraði á 57. mínútu og jafnaði svo metin á 89. mínútu. Diarra fékk svo dauðafæri fyrir Real þegar komið var

í uppbótartíma en skallaði yfir fyrir opnu marki eftir hornspyrnu David Beckham.

Real og Barcelona eru því enn efst og jöfn þegar aðeins ein umferð er eftir, en Real nægir sigur í síðasta leiknum á heimavelli til að tryggja sér titilinn vegna betri stöðu í innbyrðisviðureignum sínum við Barcelona. Börsungar verða að vinna og treysta á að Real verði á í messunni. Sevilla átti raunar möguleika á að ná toppliðunum að stigum í dag en liðið varð að sætta sig við 0-0 jafntefli á útivelli við Mallorca.

- esá / sb



SVEKKTUR Eiður Smári Guðjohnsen er svekkur yfir að hafa skallað framhjá marki Espanyol í gær. Hann var tekinn af velli skömmu síðar, á 78. mínútu.

NORDIC PHOTOS/AFP



**pú sparar 688 kr/kg**

**45%  
afsláttur**



**839** kr/kg. Áður 1.527 kr/kg  
Goða grísakótilettur

**30%  
afsláttur**

**pú sparar 1.199 kr/kg**



**2.799** kr/kg. Áður 3.998 kr/kg.  
SS Caj P lambalundir

**2 risahamborgarar.  
pú sparar 129 kr**

**25%  
afsláttur**



**388** kr/pk. Áður 517 kr/pk  
SS New Yorker hamborgarar

**30%  
afsláttur**



**328** kr/kg. Áður 468 kr/kg  
Ísfugls BBQ leggir

**pú sparar 762 kr/kg**

**30%  
afsláttur**



**1.777** kr/kg. Áður 2.539 kr/kg  
Borgarnes grísk lambalærissteik

**frábært  
verð**

**879** kr/kg.

Goða lambalæri, frosið

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 7.–10. júní, eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn



# Varamennirnir björguðu stigi fyrir Val

Peir Hafþór Ægir Vilhjálmsson og Daníel Hjaltason skiptu sköpum fyrir Valsmenn í gær. Peir komu inn á í hálfleik og skoruðu sitt hvort markið eftir að Keflvíkingar komust tveimur mörkum yfir í fyrri hálfleik.

**2-2**

**FH** **Breiðablik**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 916 Erlendur Eiríksson (5)

0-1 Þórarinn Brynjar Kristjánsson (5.)  
0-2 Baldur Sigurðsson (31.)  
1-2 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (68.)  
2-2 Daníel Hjaltason (88.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	22-11 (7-6)
Varin skot	Kjartan 4 - Ómar 5
Horn	15-5
Aukaspymur fengnar	11-13
Rangstöður	7-2

VALUR 4-3-3	KEFLAVÍK 4-5-1
Kjartan Sturluson 6	Ómar Jóhannsson 6
Birkir Már Sævarsson 6	Guðjón Antoníusson 6
Atli Sv. Þórarinn 7	(90. Þorsteinn G. -)
Barry Smith 5	Guðmundur Mete 7
Gunnar Einarsson 5	Kennet Gustafsson 6
(74. Guðm. Ben. -)	Branislav Milicevic 6
Baldur Bett 7	Marco Kotilainen 5
Baldur Aðalsteins 4	Jónas Sævarsson 7
(46. Daníel Hjaltas. 7)	<b>*Baldur Sigurðs. 8</b>
Pálmi Rafn Pálmas. 6	Simun Samuelson 7
Sigurbjörn Hreiðars. 4	Þórarinn Kristjánss. 7
(46. Hafþór Ægir 7)	(82. Magnús Matt. -)
Helgi Sigurðsson 6	Guðmundur Stein. 6
Dennis Bo Mort. 6	(90. Stefán Arnars. -)

*\*Maður leiksins*



**LETTIR Á ÆFINGU** Leikmenn Cleveland, gantast á æfingu í fyrradag. NORDIC PHOTOS

## Kemst San Antonio í 2-0?

**NBA** Í nótt fer fram annar leikurinn í úrslitum NBA-deildarinnar þegar San Antonio tekur á móti Cleveland. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Sýn og hefst klukkan eitt eftir miðnætti.

Cleveland þarf að finna svör við sterkum varnarleik San Antonio og LeBron James þarf sömuleiðis að sýna sitt allra besta. Hann var ekki mjög áberandi í fyrsta leiknum á fimmtudag.

San Antonio getur komist í 2-0 í kvöld en eftir leikinn í nótt fara næstu þrjú fram á heimavelli Cleveland. Vinni síðarnefnda liðið í kvöld getur það því tryggt sér titilinn á heimavelli.

- esá

**FÓTBOLTI** Valur og Keflavík gerðu 2-2 jafntefli á Laugardalsvöllinum í gær. Keflvíkingar léku glimrandi vel í fyrri hálfleik og skoruðu tvö mörk en þær breytingar sem Willum Þór Þórsson gerði á sínu liði í hálfleik skiluðu liðinu baráttu-stigi.

Leikurinn byrjaði fjórlega en fyrsta markið kom strax á fimmtu mínútu. Baldur Sigurðsson fékk boltann inni á teignum og lagði hann fyrir Þórarinn Kristjánsson sem var dauðafír vinstra megin í teignum. Hann gaf sér nægan tíma og skaut en boltinn fór af Barry Smith og yfir Kjartan í markinu. Það var því smá heppnisstimpill á þessu marki.

Valsmenn létu þetta ekki slá sig af laginu og sóttu nokkuð stíft. Ekki tókst þeim þó að skapa sér almennilegt færi og féllu ítrekað í rangstöðugildru Keflvíkinga.

Næsta mark var aftur samvinna Þórarins og Brynjars. Barry Smith seldi sig illa á hægri kantinum og Þórarinn komst auðveldlega framhjá honum. Hann gaf háan bolta fyrir og þar var Baldur mættur og skallaði boltinn í fjærhornið. Einkar laglegt mark.

Nokkrum mínútum síðar áttu Keflvíkingar enn hættulega fyrirgjöf, í þetta sinn frá Marco Kotilainen, en Guðmundur Steinarsson skallaði beint í greipar Kjartans Sturlusonar.

Valsmenn sóttu mikið í hálfleiknum en þó skotin hafi verið nokkuð mörg voru þau ómarkviss og ógnuðu aldrei marki Keflvíkinga verulega.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, gerði tvær breytingar á liði sínu í hálfleik og endurskipu-



**TROMMUSVEITIRNAR MÆTTUST** Stuðningsmenn Vals og Keflavíkur, sem hér sjást, létu vel í sér heyra á leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**BARÁTTA UM BOLTANN** Markaskorarin Baldur Sigurðsson er hér í baráttu við Pálma Rafn Pálmason um boltann. Birkir Már Sævarsson fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

lagði miðjuspilið. Það bar ágæt-an árangur og heimamenn voru talsvert betri í síðari hálfleik en þeim fyrri. Pálmi Rafn fékk ágætt skotfæri snemma hálfleiksins og Dennis Bo skallaði rétt yfir mark Keflavíkur eftir eina af fjölmörgum hornspyrnum Vals.

Valsmenn minnkuðu svo muninn á 68. mínútu er Helgi Sigurðsson fékk stungusendingu inn fyrir vörn Keflavíkur. Hann skaut að marki en Ómar varði, hélt boltanum ekki og varamaðurinn Hafþór Ægir skilaði boltanum í markið.

Hinn varamaðurinn, Daníel Hjaltason, skoraði svo jöfnunarmarkið skömmu fyrir leikslok. Hann fékk sendingu frá Dennis Bo og skallaði boltann laglega í markið. Keflvíkingar mótmæltu mjög því skömmu áður hafði Helgi

Sigurðsson handleikið knöttinn en ekkert var dæmt.

Eftir frábæran fyrri hálfleik virtist allur vindur vera úr Keflvíkingum í þeim síðari. Innkoma varamannanna í hálfleik hjá Val breytti öllu og heimamenn höfðu verðskuldað stig upp úr kraftsinu.

„Við erum á heimavelli og mér fannst leikurinn bjóða upp á að við tækjum öll þrjú stigin,“ sagði Willum Þór eftir leik. „En úr því sem komið var get ég verið stoltur og hreykinn af mínu liði.“

Hann sagði að það hafi verið slen yfir sínum mönnum í fyrri hálfleik. „Keflvíkingar beittu sínu hættulegu skyndisóknum og refsuðu okkur grimmilega. En í hálfleik ákváðum við að taka smá áhættu og opna leikinn. Við lögðum allt í sölurnar, fækkuðum

í vörn og spiluðum á mörgum mönnum frammi. Strákarnir eiga því hrós skilið fyrir að ná að snúa þessum leik.“

Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur, var vitanlega ekki jafn sáttur í leikslok. Keflvíkingar mótmæltu mikið í leikslok vegna þess sem átti sér stað skömmu fyrir jöfnunarmarkið.

„Ég held að það hafi allir séð að boltinn fór í höndina á Helga,“ sagði Guðmundur. „En það er alveg ljóst að það lið sem ætlar sér að vera í efri hluta deildarinnar má ekki missa 2-0 forystu niður í jafntefli. En það vill oft gerast þegar menn komast yfir að þeir gerast værukærir og ég held að það hafi orðið okkur að falli hér í dag.“

eirikur@frettabladid.is

## Íslenska körfuboltalandsliðið vann gullið á Smáþjóðaleiknum í Mónakó: Kýpverjar réðust á allt og alla

**KÖRFUBOLTI** Ísland vann í gær til gullverðlauna á Smáþjóðaleiknum eftir afar skrautlegan lokaleik gegn Kýpverjum. Þegar ein og hálf mínúta var eftir misstu langflestir leikmenn Kýpur stjórn á skapi sínu og réðust á leikmenn Íslands sem og einn dómara leiksins.

Eftirlitsdómari leiksins blés leikinn samstundis af og Íslandi var dæmdur 2-0 sigur.

„Þetta var skrautlegt í meira lagi,“ sagði Sigurður Ingimundarson landsliðsþjálfari eftir leik. „Ég hef séð ýmislegt en þetta var algjörlega fíranlegt. Þetta voru ekki slagsmál því þeir einfaldlega réðust á allt og alla. Mínir strákar vörðu sig og sína en höguðu sér allir eins og sannir íþróttamenn,“ sagði Sigurður.

Ísland vann alla leiki sína á mótinu en fyrir leikinn í gær höfðu Kýpverjar tapað fyrir Lúxemborg. Það þýddi að þeir þurftu að vinna Ísland með að minnsta kosti fimmtán stiga mun til að hirða gullið.

Leikurinn var jafn og spennandi en Kýpverjar náðu yfirhöndinni í síðari hálfleik. Mest var forysta þeirra tíu stig en Íslendingar söxðu á forskotið eftir því sem nær dró leikslökum. Þegar ein og hálf mínúta var eftir var munurinn sex stig og Ísland átti fjögur vítaköst. Þá trylltust leikmenn Kýpur með fyrrgreindum afleiðingum.



**BRENTON ÖFLUGUR** Brenton Birmingham var einn af lykilmönnum Íslands á Smáþjóðaleiknum í Mónakó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við vorum að ná yfirhöndinni í leiknum og þeir fundu það,“ sagði Sigurður. „Þetta var miklu meira en að vera blóðheitur. Þetta eru algjörir villimenn og ekki nema einn eða tveir leikmenn þeirra sem tóku ekki þátt í þessu. Einn þeirra tók meira að segja myndarlega sveiflu á dómarrann. Þá var þetta auðvitað búíð.“

Lætin byrjuðu snemma því strax á annarri mínútu varð Brenton Birmingham fyrir olnbogaskoti og opnaðist myndarlegur skurður

við annað augað. „Hann var saumaður saman í hálfleik og spilaði allan síðari hálfleikinn. Hann stóð sig mjög vel.“

Sigurður segir að þrátt fyrir allt sé gullið sætt. „Ísland hefur ekki unnið á þessu móti síðan 1993 og þetta var gott fyrir strákana og framhald liðsins. En þótt nafnið gefi annað til kynna er þetta sterkt mót með mörgum sterkum leikmönnum. Við spiluðum best, unnum alla leikina og sigruðum sanngjarnt á mótinu.“

- esá

**10. hver vinnur!**

**Taktu þátt!**  
Þú sendir SMS  
BT BTF á númerið 1900.  
Þú færð spurningu.  
Þú svarar með því að senda SMS  
skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.

**Aðalvinningur!**  
FSC Amilo  
Pi Core2  
Vista  
fartólva

**SUMAR GLEÐI**

**Taktu þátt! SMS LEIKUR**

Geggjafið aukavinningar! Videospilari, Sony myndavél, Panasonic tókuvél, Apple iPod Nano/blár, HP Photosmart, GSM símar, Bíomíðar fyrir 2 á THE INVISIBLE og LAST MIMZY, PSP tölvur, Gífabréf á Tónlist.is, PS2 tölvur, Kippur af Gosi og enn meira af DVD, CD's, tölvuleikjum og fleira

\*Aðalvinnningar drengir út úr öllum innsendum skeytum Vinnningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5 mín til að svara spurningu.



# BT



• FYLGIR  
• 21.999

**FRÁBÆR KAUPAUKI!**

MA477  
APPLE IPOD NANO 2GB SILFUR

• **119.999**

~~139.999~~

**20.000 VERDLÆKKUN**

## TOSHIBA

Toshiba Satellite A100-886  
Intel® Core 2 Duo T5200  
15.4" WXGA TrueBrite  
NVIDIA® GeForce Go 7300  
1GB DDR Minni (Mest 4GB)  
80GB SATA S.M.A.R.T Hardur diskur  
DVD skrifari Dual Layer  
WiFi LAN Intel 3945ABG  
Kortalesari 5 - 1  
Harman Kardon® hátalarar  
SRS® TruSurround XT System og SRS® WOW  
Firewire - DV Ready  
3xUSB2, S-Video tengi, VGA tengi  
Vökvaþolið lyklaborð  
Rafhlöðuending 2:50 (Mobile Mark)  
Aðeins 2.7kg á þyngd  
Windows® Vista Home Premium  
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

**Intel Core 2 Duo**  
Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraúkin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

**nVidia GeForce Go 7300**  
Aflmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

**1GB Vinnsluminni**  
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**80GB Hardur diskur**  
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 80GB hörðum disk.

**Windows Vista Premium**  
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

**BT LÁN™**

<b>11.953*</b> 12 mánaða	<b>6.552**</b> 24 mánaða	<b>4.751***</b> 36 mánaða
-----------------------------	-----------------------------	------------------------------

## BT LÁN KYNNIR KORTALÆUS LÁN

Það hefur aldrei verið auðveldara að næla sér í lán fyrir tölvunni, heimabíóinu, Playstation 3, veggsjónvarpinu eða bara hverju sem er í BT! Þú þarft ekki að eiga kreditkort til að fá greiðslum dreift niður í þægilega mánaðargreiðslu. Við lánum þér í allt að 48 mánuði.

**Þarft ekki kreditkort!**




**1.** Þú kemur í BT og segir okkur hvað þig langar í.

**Fáðu lánið GO sek!**



**2.** Við sækjum um lánið fyrir þig og það tekur aðeins 60 sekúndur að fá það samþykkt.

**EKKERT ÚT OG INNA Á MÁNUÐI**



**3.** Þú ferð út með bros a vör.

## FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

CCN:ISL-100512-001  
FSC SCALEO H CORE2 VISTA  
Intel Core 2 Duo E6300 örgjörvi  
- 2MB, 1066MHz FSB, LGA775  
nVidia GeForce 7300LE 256MB  
- TV-out, DVI  
1024MB Vinnsluminni DDR2 667  
250GB Hardur diskur (SATA)  
Media Bay að framanverðu  
DVD Skrifari  
Innbyggt þráðlaust netkort  
Lyklaborð og mús  
  
Microsoft Windows Vista Premium  
Microsoft Works  
Norton Internet Suite 2006  
2 ára alþjóðleg ábyrgð



• FYLGIR  
• 21.999

**FRÁBÆR KAUPAUKI!**

MA477  
APPLE IPOD NANO 2GB SILFUR

• **139.999**

~~169.999~~

**30.000 VERDLÆKKUN**

**Intel Core 2 Duo**  
Nýjstu borðtölvuörgjörvarnar frá Intel. 40% hraðvirkari. Tölvan getur nú gert marga hluti í einu með nýju tækninni.

**nVidia GeForce 7300LE 256MB**  
Aflmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

**1GB Vinnsluminni**  
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**250GB Hardur diskur**  
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 250GB hörðum disk.

**Windows Vista Premium**  
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

**BT LÁN™**

<b>13.912*</b> 12 mánaða	<b>7.614**</b> 24 mánaða	<b>5.515***</b> 36 mánaða
-----------------------------	-----------------------------	------------------------------



## &gt; James Spader

Virtur leikari sem sló fyrst í gegn í Sex, Lies and Videotape árið 1989 en hann var valinn besti leikarinn það árið á Cannes-hátíðinni. Spader er einn af fáum á jörðinni sem hafa svokallað ljósmyndaminni en með því þarf hann eingöngu að líta á handrit í örfáar sekúndur og þá man hann allar línurnar sínar. Þessi staðreynd er jafnvel enn fjörlegri fyrir þær sakir að sjón Spaders er afar slæm og hann getur ekki notað linsur. Þið getið því reynt að sjá hvort Spader þyrir ekki augun næst þegar þið sjáið hann á skjánum án gleraugna. Upp á síðkastið hefur Spader slegið í gegn í sjónvarpsþáttum, fyrst í The Practice og síðan Boston Legal sem er einmitt á dagskrá Skjáseins í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR LÝKUR GÓÐUM SJÓNVARPSVETRI

## Líður að lokum

Ekki fyrir nokkurn mun má ég lofa mér í annað en sjónvarpsgláp annað kvöld. Þá verða á skjánum lokapættir í tveimur frábærum sjónvarpsþáttum sem hafa verið fastur hluti af tilveru minni í allan vetur. Annars vegar lýkur læknaðramanum Grey's Anatomy á Stöð 2 og hins vegar líður að lokum í hetjuhasarnum Heroes á Skjá einum.

Ég geri mér þó ekki miklar vonir um að neinn endanlegur botn fáiast í málin í þessum þáttum enda býst ég fastlega við að framhald verði á þeim næsta vetur. Ólíklegt er að við fáum einhverja niðurstöðu í Grey's Anatomy þar sem ég geri frekar ráð fyrir að allt fari í háloft. Hvernig ætli brúðkaupið hennar Christinu muni ganga og ætli Meredith og McDreamy nái að leysa úr sínum málum? Ætli Alex sé hrifinn af minnislausu konunni eða elskar hann Addison? Gerir George alvöru úr hótun sinni að skipta um spítala og verða hann

og Izzie áfram vinir? Eins og sjá má eru þetta háalvarlegar spurningar og nauðsynlegt fyrir geðheilsu margra að fá að vita þessa hluti fyrir sumarið þegar þættirnir fara í frí og Grey's-aðdáendur hverfa frá skjánum.

Heroes er af allt öðrum meidi. Ég lífi enn í voninni að hið góða muni sigra og að hinn fjölhæfi Peter Pirelli, geðgóði Hiro og sæta klappstýrudúllan muni finna leið til að kleggja á illyrminu honum Sýlar. Samt læðist að mér grunur að áhorfendur verði skildir eftir í lausu lofti enda þurfa handritshöfundar að hafa úr einhverju að spila fyrir næstu þáttaröð. Forsvarsmenn NBC tilkynntu reyndar nýlega að í haust yrðu sýndir sex stakir þættir þar sem ein persóna er kynnt í hverjum þætti. Áhorfendur fái þá að kjósa hverjar þeirra fái að halda áfram í næstu þáttaröð af Heroes. Ég bið spennt við tækið.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Forrest Gump** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.45 ÍA-KR SÝN**



▶ **20.40 Robin Hood** SKJÁREINN



▶ **21.20 24** STÖÐ 2



▶ **16.30 Formúla 1** RÚV

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**  
**08.01 Matti morgunn**  
**08.13 Kóalabræður**  
**08.23 Pósturinn Páll**  
**08.37 Friðþjófur forvitni**  
**09.00 Disneystundin**  
**09.01 Alvöru dreki**  
**09.23 Sígildar teiknimyndir**  
**09.30 Suðandi stuð**  
**09.54 Arthúr**  
**10.18 Ævintýri HC Andersen**  
**10.45 Út og suður** (1:16)  
**11.15 Hlé**  
**13.40 Gleymdu börnin í Kambódíu**  
**14.25 Atvinnumenn í póker**  
**15.25 Trójuborg**  
**16.20 Tákn málsfréttir**  
 ▶ **16.30 Formúla 1** Bein útsending frá kappakstrinum í Kanada. Umsjónarmaður er Gunnlaugur Rögnvaldsson.

**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Út og suður** (2:16) Að þessu sinni talar Gísli Einarsson við Pál Kristjánsson hnífagerðarmann í Álafoskvos í Mosfellsbæ og rölur um götur Reykjavíkur með Héðni Unnsteinssyni hugmyndasmiði sem hefur vakið athygli fyrir störf sín á sviði geðheilbrigðismála.  
**20.05 Meistari dýrahingsins** (5:10) Franskur sakamálmýndaflokkur.  
**20.50 Illskan** (Ondskan) Sænsk bíómynd frá 2003. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.  
**22.40 Leikir kvöldsins**  
**Sýnt úr leikjum kvöldsins í Landsbankadeildinni.**  
**22.55 Sönn íslensk sakamál (1)**  
**23.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Fíaskó** **08.00 The Five Senses**  
**10.00 Men With Brooms** **12.00 Forrest Gump** **14.20 Fíaskó** **16.00 The Five Senses** **18.00 Men With Brooms**  
 ▶ **20.00 Forrest Gump** (e) Aðalhlutverk: Tom Hanks, Robin Wright. Leikstjóri: Robert Zemeckis. 1994. Leyfð öllum aldurshópum.  
**22.20 Carried Away** **00.05 Blind Horizon** **02.00 Mover Callar**  
**04.00 Carried Away**



**07.00 Barnatími** Töfrastígvélin, Fifi and the Flowertots 1, Véla Villi, Pocoyo, Addi Panda, Véla Villi, Stubbarnir, Doddi litli og Eymastór, Kalli og Lóla, Könnuðurinn Dóra, Camp Lazlo 1, Tracey McBean 2, Ævintýri Jonna Quests  
**10.45 Sabrina - Unglingsnornin**  
**11.10 Hestaklúbburinn**  
**11.35 W.I.T.C.H.**  
**12.00 Hádegisfréttir**  
**12.45 Nágrannar**  
**13.05 Nágrannar**  
**13.25 Nágrannar**  
**13.45 Nágrannar**  
**14.05 Nágrannar**  
**14.30 Studio 60** (2:22)  
**15.15 Freddie** (16:22)  
**15.40 Blue Collar TV** (28:32)  
**16.20 Beauty and the Geek** (2:9)  
**17.05 Matur og lífsstíll**  
**17.40 Oprah**  
**18.00 Fréttir**  
**19.00 Íþróttir og veður**  
**19.15 60 mínútur**

**20.00 Örlagadagurinn** (2:31) Skemmtilegir en jafnframt átakanlegir þættir þar sem fólk segir Sírrý frá deginum sem breytti lífi þess.  
**20.35 Cold Case** (19:24) Raðmorðingi sem missti son sinn árið 1987 þvingar Lily og hennar fólk til endurofna mál sonar síns. Bönnuð börnum.  
 ▶ **21.20 Twenty Four** (21:24) Jack er enn í fangelsi en hann reynir að sannfæra Nadiu um að hleypa sér út til að hann geti lokið ætlunarverki sínu. Þegar hún neitar því tekur hann málin í eigin hendur. Stranglega bönnuð börnum.  
**22.10 Rome** (7:10) Átökin halda áfram í Rómurborg en bandalög er byrjuð að bresta og svo virðist sem engum sé treystandi. Stranglega bönnuð börnum.  
**23.05 National Treasure**

**01.10 The Curse of King Tut's Tomb** (Fyrri hluti)  
**02.30 The Curse of King Tut's Tomb** (Seinni hluti)  
**03.55 Family Sins**  
**05.25 Freddie** (16:22)  
**05.45 Fréttir**  
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ**

## SIRKUS TV

**16.00 Live From Abbey Road** (6:12) (e)  
**16.55 Pussycat Dolls Present: The Search** (5:8) (e)  
**17.40 Arrested Development** (11:18) (e)  
**18.05 Arrested Development** (12:18) (e) Michael heldur áfram að rembasta við að reka fjölskyldufyrirtækið og halda um leið saman geggjúðustu fjölskyldu sem um getur, að Simpson-fjölskyldunni meðtalinni.  
**18.30 Fréttir**  
**19.00 Bestu Strákarnir** (6:50) (e)  
**19.30 My Name Is Earl** (16:23) (e) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælastu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!  
**19.55 Kitchen Confidential** (3:13) (e) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á, eigandinn gefur Jack einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times.  
**20.25 Young Blades** (5:13) (e) Hörkupennandi þættir sem eru byggðir á sögunni um Skyttumar Þrjár.  
**21.15 Night Stalker** (5:10) (e)  
**22.00 Nick Fury** Hættuleg hryðjuverksamtök með hina fallugu en jafnframt hættulegu Viper í broddi fylkingar hóta að sleppa barnvænum vírus í Manhattan. Leyniþjónustan stendur ráðþrota frammi fyrir ógnvaldinum en lumar samt á leynivopninu Nick Fury. Leyniþjónustan grátbiður Nick um að snúa aftur til starfa og á hann erfið með að láta slíka bön sem vind um eyru þjóta. Aðalhlutverk: David Hasselhoff. 1998.  
**23.35 Kitchen Confidential** (3:13) (e)  
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasinþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi.** Samantekt um fjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.45 Vörutorg**  
**08.45 MotoGP** Bein útsending frá Katalóníu á Spáni. Brautin í Katalóníu þykir ein sú best heppnaða í mótaröðinni, enda sama brautin og notuð er í Formúlu 1 kappakstri. Valentino Rossi hefur verið mjög sigursæll á þessari braut undanfarnin ár og sigraði í fimm af síðustu sex keppnum í Katalóníu.  
**13.15 Top Gear** (e)  
**14.10 One Tree Hill** (e)  
**15.00 Queer Eye for the Straight Guy**  
**16.00 America's Next Top Model** (e)  
**17.00 Innlit / útlit** (e)  
**18.00 The Bachelor** (e)  
**18.55 Hack** (e)  
**19.45 Top Gear** (17:20) Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum okutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.  
 ▶ **20.40 Robin Hood** (3:13) Dularfullur bogamaður myrðir saklaust fólk í Nottingham og Hróa hetti er kennt um. Hann gripur til órþifaráða til að stöðva morðin og gerir samkomulag við illgjama fógætann.  
**21.30 Boston Legal** (23:24) Það er komið að stóru stundinni hjá Brad og Denise en presturinn sem á að gefa þau saman er handtekinn og setur allt í uppnám. Alan tekur að sér mál prestsins en Brad verður að finna nýjan prest í snarti þegar Denise fer að fá hríðir. Jerry Espenson tekur að sér mál konu sem var borin út vegna þess að hún á önd sem gældudýr.  
**22.30 The L Word** (5:12) Fréttir af ástarbandsbandi Bette og aðstoðarstúlkun hennar berast um skólann og það stefnir starfsframa hennar í hættu. Alice hættir að hitta Phyllis eftir að hún hittir eiginmann hennar. Smásaga eftir Jenny er birt í tímariti en þar fjallar hún um vinkonur sínar, sem eru ekki allar sáttar við söguna.  
**23.20 C.S.I.** (e)  
**00.10 Heroes** (e)  
**01.10 Jericho** (e)  
**02.00 Vörutorg**  
**03.00 Óstöðvandi tónlist**

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

ÞAÐ ER ALLTAF  
 SÁRAST AÐ KVEDJA  
**GREY'S ANATOMY**  
 LOKAÞÁTTUR Á MORGUN KL. 20:05



skemmtilegri



**GREY'S ANATOMY SNÝR AFTUR Í HAUST Á STÖÐ 2**



## Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

## Örlagadagurinn

Í kvöld heldur Sirrý áfram að hlýða á átakanlegar sögur um örlagadaginn í lífi fólks. Flest höfum við upplifað eitthvert augnablik þegar líf okkar tók alveg nýja stefnu. Fyrir sum okkar var þessi stefnubreyting til góðs en fyrir aðra var þetta upphafið að mjög erfiðum tímum. Í þætti kvöldsins heimsækir Sirrý Þóru Guðmundsdóttur sem eignaðist dóttur með sjúkdóm eins og filamaðurinn. Læknar hér á landi höfðu aldrei séð þennan sjúkdóm áður og þetta var mikið áfall fyrir fjölskylduna. Hvernig tókst Þóra á við áfallið og hvernig tekst heilbrigðiskerfið á við tilfelli sem aldrei hafa sést áður?



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Sönn íslensk sakamál  
Sjónvarpið kl. 22.55

Sjónvarpið endursýnir í sumar þáttaröðina Sönn íslensk sakamál sem vakti mikla athygli þegar hún var frumsýnd fyrir nokkrum árum. Í þáttunum er fjallað um óhuganlega atburði sem átt hafa sér stað á Íslandi og reynt að skyggast fyrir um ástæður þeirra. Í fyrsta þættinum, sem heitir Harmleikur á Skeiðarársandi, er fjallað um mann-drápsmál sem vakti óhug meðal þjóðarinnar á sínum tíma. Textað á síðu 888 í Textavarp.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir	18.25 Auglýsingar
08.05 Morgunandakt	18.26 Í tilefni dagsins
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
09.03 Framtíð lýðræðis	19.00 Söngvar af sviði : Delerium Búbónis
10.15 Úlfaldar og myflugur	19.50 Óskastundin
11.00 Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju	20.35 Samtöl um Jökuldalsheiði
12.00 Hádegisútlarp	21.15 Laufskálinn
12.20 Hádegisfréttir	21.55 Orð kvöldsins
12.45 Veðurfregnir	22.15 Leitinn að eldsneytinu
13.00 Bókmenntir og landafræði	23.00 Andrarímur
14.00 Sumarsalat	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
15.00 Kampavín og kalorur	
16.00 Síðdegisfréttir	
16.08 Veðurfregnir	
16.10 Listahátíð í Reykjavík 2007	
18.00 Kvöldfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SYN

## 10.35 PGA Tour 2007 - Highlights

11.30 Spænski boltinn (Barcelona - Espanyol) (e)

## 13.10 Box - Miguel Gotto vs. Zab Jud

15.10 Spænski boltinn (Zaragoza - Real Madrid) (e)

## 16.50 Gillette World Sport 2007

## 17.20 Arnold Schwarzenegger mótið

## 17.50 Svíþjóð - Ísland

▶ 19.45 Landsbankadeildin 2007 Bein útsending frá leik ÍA og KR í 5. umferð í Landsbankadeildarinnar.

22.00 Landsbankamörkin 2007 Þáttur um Landsbankadeildina þar sem sýnd eru helstu tilþrífir í síðustu leikjum í deildinni.

## 22.30 Götubolti

23.00 NBA 2006/2007 Útsending frá fyrsta leik San Antonio og Cleveland.

01.00 NBA 2006/2007 - (San Antonio - Cleveland) Bein útsending frá öðrum leik San Antonio Spurs og Cleveland Cavaliers í úrslitum NBA körfuboltans sem fram fer í San Antonio. Næstu þrjú leikir fara svo fram í Cleveland en það lið sem fyrr vinnur fjóra leiki verður NBA-meistari.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

6.40 Vera með fleiri 7.10 Vindarne 7.25 F for Får 7.35 Yu-Gi-Oh! 8.00 Hannah Montana 8.25 Rideklubben 8.50 Shin Chan 9.00 Klogere end skolen tillader 9.30 Iværksætterne 10.00 TV Avisen 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 Boogie Listen 11.30 Med ryggsæk 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 Speedway: Danmarks Grand Prix 14.10 Bortførelsen af Elizabeth Smart 15.00 Tæt på Dyrene 15.30 Postmand Per 16.00 Søren Ryge - den smukkeste have 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Nikolaj og Julie 18.00 Kløvedal i Indonesien 19.00 21. Søndag 19.40 SøndagsSporten 19.55 Dødens Detektiver 20.20 Uskyldens år 22.35 Medde med

## NRK1

6.00 Lisa 6.10 Teddy og Annie 6.25 Bravo Bibbi! 6.40 Disneytímen 7.35 SvampeBob 8.00 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 8.15 Frilandshagen 8.50 Dronningen og keiseren 9.50 Ungdom skal gjere opprør 11.00 Et mesterverk 11.50 Butikken om hjørnet 13.25 Troens rettter 13.55 Berlinfilharmonien og sir Simon Rattle 15.30 Apen himmel 16.00 Bella, Boris og Berta 16.25 Solá er en gul sjiraff 16.35 Bare blåbær 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.00 Maur på krigsstien 18.50 Hotel Rwanda 20.45 Asafa Powell: Best når det gjelder 21.05 Kveldsnytt 21.25 NRKs motorkveld 21.55 Rallycross: EM-runde fra \*sterrike 22.20 Ingen grunn til begeistring 22.50 Larry Sanders-show 23.15 Alfred Hitchcock presenterer

## SVT 1

6.00 BoliBompa 6.01 Jojos cirkus 6.25 Pingu 6.35 The boy 7.00 Disneydags 7.55 Evas funk-program 10.25 Ostindiefararen i hamn 11.25 Tilbaka till livet 11.55 Miss Very Wagner 12.55 Lab Rats 13.25 Poniente 13.50 Quirks 13.55 Världen 14.55 Den globala miljöhistorien 15.25 Barnet och orden - om språk i förskolan 15.55 Anslagstavlan 16.00 Pippi Långstrump 16.30 Vi i femman 17.00 Pip-Larssons 17.30 Rapport 18.00 Hundkoll 18.30 Sportspegeln 19.00 Musikministeriet 19.30 Världens modernaste land 20.15 De skapade historien 20.45 Vetenskap - människan avslöjad 21.15 Rapport 21.25 Hunter 22.25 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

# ÖRLAGADAGUR ÍSLENSKRAR MÓÐUR ÖRLAGADAGURINN NÝ ÞÁTTARÖÐ Í KVÖLD KL. 20:00

Sirrý ræðir við íslenska móður um örlagadag hennar þegar hún eignaðist barn með einn sjaldgæfasta sjúkdóm í heimi.



ÖRLAGADAGURINN - kl. 20:00



COLD CASE - kl. 20:35



24 - kl. 21:20



## LÆRDÓMUR VIKUNNAR



„Ef við værum með betri VIP-stúku, meiri umgjörð í kringum landsliðið og strákarnir fengu meira klapp á bakið, þá værum við miklu betri í fótbolta.“

Halldór Gylfason leikari

## HIN HLIÐIN JÓHANN MEUNIER

## Samúraí í silkisokkum

**Hvað er að fréttu?** Ég var að opna verslunina Liborius á Laugavegi númer 7. Okkur hefur með ótrúlegri hjálp vina og yndislegra iðnaðarmanna tekist að setja upp búðina á nokkrum dögum.

**Augnlitur:** Grænn.

**Starf:** Eigandi og verslunarstjóri Liborius.

**Fjölskylduhagir:** Þeir eru góðir, takk fyrir. Ég er hálfur Frakki og hálfur íslendingur. Ég á mjög stóra fjölskyldu.

**Hvaðan ertu?** Fæddur í Suður-Frakklandi en alinn upp í 101 Reykjavík.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Arrested Development.

**Uppáhaldsmatur:** Matseld frá Miðjarðarhafinu.

**Fallegasti staður:** Fjallabak á miðhálandinu.

**iPod eða geislaspilari:** Ég nota iPod-inn minn á hverjum degi.

**Hvað er skemmtilegast?** Silkisokkar á sumrin, kasmírsokkar á veturna, vinir mínir og kærastan.

**Hvað er leiðinlegast?** Að vera illa sofinn.

**Helsti veikleiki:** Nautnahyggi.

**Helsti kostur:** Að vera samúraí.

**Helsta afrek:** Það er of persónulegt til að tala um.

**Mestu vonbrigðin:** Þegar ég bjargaði gamalli konu með vini mínum úr Krossa í Þórsörk og hún þakkaði okkur aldrei fyrir.

**Hver er draumurinn?** Ég er svo ótrúlega heppinn gaur að ég er að lifa drauminn minn, ég vona bara að ég vakni aldrei upp af honum.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Charlie Chaplin og Woody Allen.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Gaurarnir sem rúnta um með transtónlist í botni. Mig langar að lemja þá með sleggju.

**Hvað er mikilvægast?** Leitinn að sannleikanum, hún er löng, flókin og aldrei sú sem maður heldur að hún sé.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

## Jóhanna Sigurðardóttir fékk

Toyota Landcruiser jeppa í arf þegar hún tók við félagsmálaráðuneytinu af Magnúsi Stefánssyni fram-sóknarmanni, að því er segir á bloggsíðunni Orðið á götunni. Jóhanna leist hins vegar ekki betur á bílinn en svo að hún skipti á honum og minni bíl. Jóhanna fer líklega ekki í margar jöklaferðir á nýja bílnum en unír vonandi vel við sílfurgráa Hondu CRV-jeppinginn sem hún fékk sér í staðinn.



Tónlistarmaðurinn Einar Ágúst Víðisson hefur heldur betur náð sér á strik eftir að hann sagði skilið við Bakkus fyrir ári síðan.

Einar Ágúst er aftur kominn á fullt í tónlistinni og lætur sig ekki muna um að spila á börum þar sem fullt fólk er í meirihluta. Á Myspace-síðu kappans kemur fram að hann er bókaður út júlí til að skemmta á Deco. Þar kemur líka fram að Einar Ágúst hefur tekið 1. júlí frá til að hefja upptökur á fyrstu sólóplötu sinni. Ekki hefur heyrst af því hvenær von er á plötunni en víst má telja að margir biði spennittr eftir afrastrinum. - kh/hdm



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP MEÐ PÁFA Stefán Lárus fékk afhent trúnaðarbréf á föstudaginn var. Hér er hann páfa á hægri hönd, með Guðjóni Bragasyni, fastafulltrúa í Róm, Herði Páli syni sínum, Guðrúnu Bryndísi Harðardóttur konu sinni og Stefáni Lárusi yngri.

## STEFÁN LÁRUS STEFÁNSSON SENDIHERRA: HITTI BENEDIKT XVI PÁFA

## Páfi bað fyrir Íslendingum

Stefán Lárus Stefánsson, sendiherra Íslands hjá Evrópuráðinu, hittir Benedikt XVI páfa í Vatikaninu í byrjun mánaðarins þar sem hann fékk afhent trúnaðarbréf. Stefán Lárus, sem er einnig sendiherra Íslands hjá Evrópuráðinu, segir páfa hafa mikinn persónuleika. „Fólk skynjar strax að hann hefur mikinn persónuleika. Um leið og hann kom inn í salinn náði hann tökum á atburðinum, ef svo má segja,“ segir Stefán Lárus. Sendiherrann var ekki einn við athöfnina því kona hans og synir fylgdu með, sem og Guðni Bragasyni, fastafulltrúi Íslands hjá landbúnaðar- og fiskistofnun Sameinuðu þjóðanna í Róm.

Mikil viðhöfn fylgir afhendingu trúnaðarbréfa í Páfagarði. Íslend-

ingarnir voru sóttir í lögreglufylgd og leiddir inn í höll í Páfagarði, sem hýsir meðal annars íbúð páfa. „Á göngunum voru svissnesku lífverðirnir sem hafa séð um gæsluna í mörg hundruð ár. Þeir klæddust þessum skrautlegu búningum sem Michaelangelo er sagður hafa hannað,“ segir Stefán Lárus.

Eftir athöfnina gaf páfi sig á stutt spjall við Íslendingana og þar á meðal syni Stefáns sem eru fjórtán og nítján ára. „Þeim þótti mikið til þess koma að upplifa svona athöfn og sjá hana kannski með öðrum augum en maður sjálfur. En það fór ekki fram hjá þeim að við vorum að fara í gegnum athöfn sem hefur verið endurtekin í þúsund ár og fannst mikið til koma. Þeim þótti líka vænt um að hann

gaf sér tíma til að heilsa þeim og skiptast á nokkrum orðum,“ segir Stefán Lárus.

Í ræðu sem páfi flutti við athöfnina sagði hann meðal annars að kristin trú hefði í yfir þúsund ár mótað íslenska menningu. Hann ræddi um friðargæsluveitir Íslendinga og minntist á nunnurnar í Hafnarfirði sem biðja fyrir velferð Íslendinga á degi hverjum. Að lokum bað hann fyrir guðsblessun allra Íslendinga.

„Þrátt fyrir allan þann umbúnað, glæsileika og þá miklu sögu sem er í Vatikaninu skynjar fólk samt friðsæld og ró. Og það var eiginlega sú tilfinning sem situr eftir í mér,“ segir Stefán Lárus, sendiherra í Vatikaninu.

kristjan@frettabladid.is



ATHÖFNIN Mikil viðhöfn fylgir afhendingu trúnaðarbréfa í Páfagarði. Hinir svissnesku lífverðir páfa sjá til þess að allt fari vel fram.

## Allt æðislegt hjá Magna í Óðinsvéum

Upptökur á fyrstu sólóplötu rokkarans Magna Ásgeirssonar, sem standa yfir í Danmörku, ganga þrýðilega. Hljóðveríð er í sveitabýli rétt fyrir utan Óðinsvéum þar sem Magni og félagar hans Baddi og Gunni úr Sóldögg hafa dvalið í góðu yfirlæti.

„Við erum að verða búnir að taka upp alla trommugrunna og fullt af gíturum,“ segir Magni. „Þetta er æðislegasta stúdíó sem ég hef komið í. Hérna er allt æðislegt. Við erum lengst úti í sveit og akrar allt í kringum okkur. Við viljum helst ekki fara héðan í burtu. Ég hef hugsað mér að taka upp allar mínar plötur hérna í framtíðinni.“

Magni býst við því að taka upp megnið af plötunni í Danmörku en

eitthvað verður þó gert heima á Íslandi. „Þetta er að koma mjög vel út,“ segir hann. Lögin á plötunni verða öll á ensku og stefnir Magni að því að gefa hana út hér heima í lok júlí og á svipuðum tíma á iTunes. Síðar meir vonast hann til að koma henni á markað erlendis og verða þá enskar útgáfur af lögum Á móti sól í stað þeirra erlendu tökulaga sem verða á íslensku útgáfunni.

Eins og áður segir kann Magni ákaflega vel við sig í Danaveldi. „Hérna bragðast Tuborginn mikið betur en heima. Maður fær sér alltaf einn og einn öl. Það er bara ætlast til þess að þú drekkir bjór í Danmörku og borðir smörrebröd.“ Bætur hann því við að samstarfið við Badda og Gunna gangi eins



Í HLIÓÐVERINU Magni spilar á gítarinn í hljóðverinu sem er í sveitabýli rétt fyrir utan Óðinsvéum.

og í sögu. „Það er rosalega gott að vera bara þrír. Þeir eru mjög reyndir upptökumenn og ef einn

nennir ekki að taka upp þá kemur hinn bara í staðinn. Við erum allir bestu vinir.“ - fb

## Hvað er að fréttu?



Fréttastofa beintengd við tölvuna þína

www.visir.is

visir

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Tuborg og MasterCard kynna í samstarfi við Concert

# CHRIS CORNELL

SOUNDGARDEN / TEMPLE OF THE DOG / AUDIOSLAVE

Í fyrsta skipti á sviði,  
flytur Chris Cornell  
ásamt hljómsveit,  
alla smellina frá  
Soundgarden,  
Temple of the Dog  
og Audioslave!

Laugardaginn  
8. september  
**LAUGARDALSHÖLLINNI**

**Miðasala hefst 21. júní kl. 10:00**  
MasterCard forsala hefst 20. júní kl. 10:00

**TUBORG**  
LÉTTÖL



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert  
ef greitt er með MasterCard á sérstökum  
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef  
tónlistarklúbbs MasterCard, [www.kreditkort.is/klubbar](http://www.kreditkort.is/klubbar)

**FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA  
Á WWW.MIDI.IS OG Í  
VERSLUNUM SKÍFUNNAR**  
Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði







## BAKÞANKAR

DAVÍÐS PÓRS JÓNSSONAR

### Bölvuð ekkisens...

Mér finnst ótrúlega sorglegt Mað sjá gengið út frá því sem vísu að hæfileikinn til að læra eigi að eldast af manni, að það að vera enn að þroskast og auka við þekkingu sína sé merki um vanþroska. Auðvitað ætti þessu að vera öfugt farið. Fátt ber einmitt gleggri merki um vanþroska en að geta ekki lært, þroskast og breyst, að bíta í sig skoðanir og viðhorf sem maður er ófáanlegur ofan af hvað sem tautar og raular.

**sjálfum** fannst mér það að skipta um viðhorf lengi vel jafngilda því að viðurkenna að maður væri vitleysingur sem hefði ekki haft vit á að hafa rétt fyrir sér allan tímann. Síðan áttaði ég mig á því að það var í raun heimska dauðans. Engin lífvera er óbreytanleg fyrr en hún er orðin að steingvingi.

**Fyrir** stuttu færði lítið smáatriði í daglega lífinu mér heim sanninn um að í mér eimir enn eftir af hæfileikanum til að þroskast, þótt kominn sé á fimmtugsaldur. Ég lenti í slysi sem gladdi mig mjög. Ég á forlata espressókaffikönnu. Maður hellir vatni í neðri hlutann, setur kaffi í sífuna, skrufar hana saman og setur á eldavélarhellu. Kanna þessi er einn fjölmargra smáhluta sem ég tel auka lífsgæði mín. Hins vegar brenndi ég mig illa á henni um daginn.

**Einhvern** tímann hefði ég bölvuð að könnunni í sand og ösku, talið það alvarlegan hönnunargalla að hægt væri að stórskada sig á heimilistækjum. Öll ábyrgðin á slysinu hefði í huga mínum hvílt á framleiðandanum.

**Eithvað** gerði það hins vegar að verkum að ég mundi eftir öllum þeim fjölda skipta sem ég hafði glaðst við að laga mér ljúffengt kaffi á þessari sömu könnu án þess að verða fyrir skakkaföllum, en ekki bara þessu eina skipti sem ég brenndi mig. Fyrir vikið gat ég ekki talið mér trú um að ekki væri hægt að laga kaffi á könnunni án þess að meiða sig, að hugsanlega hefði ástæða óhappsins ekki verið sú að kannan væri slysigildra heldur sú að í stað þess að hafa það í huga að ég var með sjóðandi heitan hlut í höndunum var ég að tala í símann og æpa á börnin mín um leið og ég tók könnuna af hellunni.

**MÉR** skildist að ekkert í lífinu er ídiót-proof. Ef maður hagar sér eins og ídiót kemst maður að því fyrr en varir. Það er á okkar eigin ábyrgð að haga okkur ekki eins og fífl og bölvva svo heiminum fyrir að vera ekki nógu fíflvænn.

www.icelandexpress.is/eindhoven

# Áfangastaður: Holland

Fjöldi flugsæta  
á frábæru verði!



## Eindhoven

Eindhoven í Hollandi er falleg, fjölskylduvæn og frábærlega staðsett borg. Hvort sem þú leitar að afþreyingu fyrir alla fjölskylduna eða spennandi listalífi í bland við iðandi næturlíf, þá er óhætt að mæla með Eindhoven. Þaðan er stutt til margra áhugaverðra borga og upplagt að fá sér bíl hjá bílaleigunni Budget og dvelja í huggulegum sumarhúsum á leiðinni.

Nánari upplýsingar um sumarhús á [www.icelandexpress.is/sumarhus](http://www.icelandexpress.is/sumarhus)

### Hvað er í gangi?

Fiesta del Sol Miðbær Eindhoven 22.–24. júní

Extrema Outdoors Aquabest 21. júlí



Bókaðu ódyrt fargjald til Eindhoven á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)!

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingslaust af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

